

Aspir og wasabi ræktuð samhliða 18

Frumkvöðlastarf í nafni Skýs 26

Úrgangur endurunninn sem minkafóður 30


# Bændablaðið

9. tölublað 2024 • Fimmtudagur 16. maí • Blað nr. 656 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is




Ingibjörg Jónína Finnsdóttir og Magnús Örn Valsson reka 550 kinda sauðfjárbú á Bergsstöðum á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þau eru upphaflega úr austursýslunni en fluttu að Bergsstöðum árið 2019. Í þeirra huga skiptir áhugi og metnaður miklu máli, því ef eitthvað bregði út af í umhverfisáhrifunum eða ræktuninni geti það haft neikvæð áhrif á afkomu búsins. – *Sjá nánar á bls. 36–37.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Forsetaefnin sem bændur

Hvernig búskap gætu frambjóðendur til forseta Íslands hugsað sér að leggja fyrir sig, yrðu þau bændur?

– 7 –



## Áhrif sólar

Skiptar skoðanir eru um áhrif á og af endurvarpi sólar (albedo) eftir svæðum og trjátegundum í skógrækt. Einnig er skoðanamunur á því hvort hlýnun þessu tengd sé staðbundin eða auki á hlýnun jarðar.

– 20 –

## Færri fjós

Fjósum hefur fækkað um 27% á áratug og er þróunin hraðari en víða í Evrópu. Alls voru 466 fjós í mjólkurframleiðslu árið 2023. Yfir 80% kúa á Íslandi eru í lausagöngu.

– 44 –

### Útflutningur:

# Mjólkurframleiðendur fá arðgreiðslu

**Kúabændur á starfssvæði Auðhumlu mega gera ráð fyrir arðgreiðslu frá samstæðunni í maí vegna góðs gengis Íseyjar útflutnings ehf. á árinu 2023.**

Í fyrra hækkuðu tekjur Íseyjar útflutnings um 673 milljónir króna á milli ára, eða 21,3 prósent, sem er tilkomið vegna aukinnar sölu, hækkaðs verðs og hagræðingar í rekstri. Heildarrekstrartekjur ársins 2023 voru 3.838 milljónir króna. Hagnaður félagsins hækkaði um 133,3 milljónir milli ára og var heildarhagnaðurinn 204,5 milljónir króna.

Starfsemi Íseyjar útflutnings snýr að mestu leyti að útflutningi á skyri og heildverslun með mjólkurafurðir. Frá þessu er greint í ársskýrslu Auðhumlu og í frétt á vef samstæðunnar.

***Greitt samkvæmt innlagðri mjólk***

Stjórn Íseyjar útflutnings ehf. ákvað að af hagnaðinum muni 200 milljónir króna verða greiddar í arð til eigenda félagsins. Það er í 80 prósenta eigu Auðhumlu á meðan 20 prósent eru í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Því féllu 160 milljónir í hlut Auðhumlu og samþykkti aðalfundur samvinnufélagsins tillögu stjórnar um að sú upphæð yrði greidd mjólkurframleiðendum í samræmi við innlagða mjólk árið 2023. Greiddar verða 1,2 krónur fyrir hvern innlagðan lítra og því má kúabú sem framleiddi 400.000 lítra á síðasta ári gera ráð fyrir 480.000 króna arðgreiðslu. Þetta er í fyrsta skipti sem greiddur er arður til bænda af erlendri starfsemi Auðhumlu.

***Áhersla á bestu markaðina***

Í ársskýrslu Auðhumlu kemur fram að söluaukning hafi verið hjá Ísey útflutningi á öllum helstu mörkuðum árið 2023. Þar af var verulegur vöxtur í Finnlandi, Hollandi, Frakklandi og Sviss ásamt góðum stíganda í Bretlandi. Félagið hefur ákveðið að leggja meiri áherslu á þá markaði sem árangur hefur náðst á meðan horfið hefur verið frá þeim þar sem frammistaðan var ekki ásættanleg. Markmið félagsins er að komast aftur inn á þá markaði og verða stigin skref í þá átt á þessu ári.

Ísey skyr er framleitt á fimm stöðum í heiminum: Íslandi, Bretlandi, Danmörku, Japan og Nýja-Sjálandi. Þá hafa einnig verið gerðir leyfissamningar um framleiðslu skyrs eftir uppskrift Íseyjar útflutnings í Noregi og Bandaríkjunum. Skyrið sem Ísey útflutningur lét framleiða í Danmörku fór á markaði í Finnlandi, Frakklandi og Hollandi. Skyr Wales Ltd. framleiðir skyr fyrir Bretlandsmarkað í gegnum verksmiðju í Wales.

Ekki fengust svör frá Kaupfélagi Skagfirðinga við vinnslu þessarar fréttar um hvort félagsmenn þess hefðu notið ávinningsins af góðu gengi Íseyjar útflutnings á svipaðan hátt og kúabændur á starfssvæði Auðhumlu.

***Má ekki niðurgreiða innanlandsmarkað***

Elín M. Sveinsdóttir, stjórnarformaður MS og stjórnarmaður hjá Ísey útflutningi, segir að þetta sé mjög dýr starfsemi og því hafi allur hagnaður hingað til farið í uppbyggingu félagsins. Það skýri af hverju arðgreiðsla af þessu tagi hafi ekki verið möguleg fyrr. Þrátt fyrir að hagnaðarhlutfallið af rekstri Auðhumlu sé ekki mjög hátt sé ekki heimilt að láta erlenda starfsemi samstæðunnar niðurgreiða starfsemina innanlands. Rekstur Auðhumlu og Íseyjar útflutnings sé því aðskilinn og stjórn Auðhumlu taldi rétt að láta bændur njóta ágóðans.

Í nokkur ár hefur skyrið sem selt er í Sviss verið framleitt á Íslandi. Byrjað var að flytja út íslenskt skyr á Hollandsmarkað í byrjun árs. Þá er nokkurt magn af innlendum skyrvörum selt í Costco í Bretlandi. Sú framleiðsla er úr mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark og umfram próteini og fá bændur ágóðann af henni strax.

Elín segir mjólkurframleiðsluna á Íslandi ekki vera nógu mikla til að sinna allri erlendri sölu á skyri, en sá þáttur sem sé mest takmarkandi séu tollkvótar í Evrópusambandinu og Bretlandi. Heildarsalan hafi verið 28.300 tonn erlendis á síðasta ári, en til samanburðar sé skyrsala hérlendis rétt um 2.800 tonn. */ál*

# Ábati sé ekki tryggður

**Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, telur að kjötafurðastöðvum sé nú frjálst að koma á einokun í greininni.**



Páll Gunnar Pálsson.

Þetta kemur fram í bréfi sem hann ritar til bænda hér í blaðinu í tilefni breytinga á búvörulögum sem nýlega voru sam- þykktar á Alþingi.

Þar var kjötafurðastöðvum veitt heimild til sameiningar og samstarfs, með undanþágu frá samkeppnislögum.

Markmið breytinganna var að auðvelda kjötafurðastöðvum að hagræða í rekstri sláturhúsa svo hægt sé að draga úr kostnaði við slátrun og vinnslu á kjötafurðum og þar með greiða bændum hærra afurðaverð.

Telur Páll að með breytingunum verði kjötafurðastöðvum frjálst að ráðast í frekari sameiningar og eftir atvikum að koma á einokun, án þess að þurfa að sýna fram á eða tryggja að aðgerðirnar skili ábata fyrir bændur. Í því felist að bændur munu ekkert hafa val um hvar gripum þeirra verður slátrað eða á hvaða kjörum.

„Auk sameininga geta fyrirtækin haft með sér víðtækt samráð. Lagabreytingarnar eru þó misvísandi og óskýrar að þessu leyti og því óvissa um hversu víðtækar þær eru. Endanleg túlkun mun ráðast fyrir dómstólum," segir Páll.

Hann telur enn fremur að breytingarnar leiði af sér að kjötafurðastöðvum sé veitt sjálfdæmi um verðlagningu afurða frá bændum.

Páll segir að tilgangur samrunaeftirlits sé að vinna gegn því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. „Hin vegar geta samkeppnisyfirvöld heimilað samruna fyrirtækja með mjög háa markaðshlutdeild ef fyrirtækin sýna fram á að í honum felist hagræðing sem skili sér til viðskiptavina.

Einnig geta samkeppnisyfirvöld heimilað slíkan samruna með skilyrðum sem stuðla að því að viðskiptavinir njóti ábatans sem af honum hlýst.

Þetta var einmitt viðfangsefni Samkeppniseftirlitsins þegar Norðlenska, Kjarnafæði og SAH-afurðir runnu saman. Við rannsókn á samrunanum kallaði eftirlitið m.a. eftir upplýsingum um ætlaða hagræðingu og hvernig hún myndi koma bændum og neytendum til góða."

*– Sjá nánar á síðum 56 og 57.*



Reffilegur dráttarvélaflotinn sem hefur keyrt möl í grunninn undanfarna daga. Myndir / Aðsendar

# Kornþurrkstöð reist í Eyjafirði

## – Bændur á fimm bæjum stofnuðu Kornskemmuna utan um byggingu og rekstur

**Grunnur undir kornþurrkstöð í Eyjafirði er nú að taka á sig mynd í landi Laugalands. Stofnað hefur verið kornsamlagið Kornskemman sem bændur á fimm bæjum eru aðilar að. Gert er ráð fyrir að afkastageta stöðvarinnar verði tvö þúsund tonn á mánuði.**

„Við höfum verið að keyra möl nú í þrjá daga í grunn fyrir stöðina. Ákváðum bara í raun að taka sénsinn á því að ríkið standi með okkur í þessu," segir Hermann Ingi Gunnarsson í Klauf, sem er einn kornbændanna sem standa að verkefninu. „Við sendum inn styrkumsókn fyrir hálfum mánuði um fjárfestingastuðning fyrir verkefnið og bíðum bara eftir svari."

### *Umsóknir voru 13 um fjárfestingastuðning*

Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu bárust 13 umsóknir um fjárfestingastuðning í kornrækt. Tilgreind heildarfjárfesting samkvæmt umsóknum sé samtals 893 milljónir króna. Verkefnin séu afar fjölþætt en fjárfestingin spanni frá rúmum 4 milljónum króna upp í rúmar 200 milljónir.

Til ráðstöfunar á þessu ári eru 144 milljónir króna. Umsóknir séu í vinnslu og verður umsækjendum tilkynnt um niðurstöðuna eins fljótt og auðið er.

### *Heitt vatn til þurrkunar*

Hermann segir að þetta sé verkefni sem taki langan tíma í undirbúningi og ekki hafi verið hægt að bíða með að fara af stað ef það ætti að vera möguleiki að þurrka korn þar næsta haust. „Það verður notast við heitt vatn til þurrkunarinnar sem ekki þarf að bora eftir og svo skilum við því aftur inn á kerfið til húshitunar þegar búið er að nota það.

Það verða líka reist stór síló til að hægt sé geyma kornið fyrir bændur."



Grunnur kornþurrkstöðvarinnar í landi Laugalands í Eyjafirði.

### *Fjárfesting upp á 200 milljónir króna*

Bændurnir sem eru stofnaðilar að samlaginu eru frá bæjunum Klauf, Hrafnagili, Grænuhlíð, Svertingsstöðum og Hólshúsum.

Eignarhluti er jafn á milli bændanna, en ágætlega gekk að afla fjármagns fyrir verkefnið sem er um 200 milljóna króna fjárfesting, að sögn Hermanns. Kornbændur á Suðurlandi fóru þá leið að endurvekja Kornræktarfélag Suðurlands sem skref í átt að kornsamlagi fyrst, en Hermann segir að munurinn á þessum svæðum sé sá að eyfirskir kornbændur búi ekki við neina afkastagetu í þurrkun og því hafi legið mjög á því að koma þessu verkefni af stað.

„Bændur voru bara komnir að þeim tímapunkti að taka þyrfti ákvörðun um að hætta í kornrækt eða taka þetta stóra skref og búnaðinn þurfti að panta inn um áramótin til að hann yrði kominn á réttum tíma.

Við erum með öfluga bændur hérna og góða stuðningsaðila – og svo gerum við ráð fyrir að fá þennan 40 prósenta fjárfestinga- styrk frá stjórnvöldum vegna fram- kvæmdarinnar. Þegar ljóst var að stöðin yrði að veruleika heyrði maður á bændum að það er hugur í þeim og þeir ætla að auka töluvert mikið sína ræktun."



Hermann Ingi Gunnarsson í Klauf. Mynd / HKr.

### *Þurrkun og geymsla*

Hermann segir að rekstrarform Kornskemmunnar verði þannig að bændur verði þjónustaðir með þurrkun og geymslu en kornið verði ekki keypt af bændum, eins og kannski tíðkist í öðrum samlögum.

„Við erum með Bústólpa hérna á svæðinu sem er mjög öflugur aðili og hefur keypt allt bygg. Aðalvandamálið hefur verið geymslan á bygginu þannig að það verður svona lykilhlutverk hjá stöðinni líka. Bændur þurfa auðvitað að huga að gæðamálunum núna meira þegar þeir fara að framleiða meira af söluvöru en við gerum ráð fyrir að notast verði við gæðastaðla Bústólpa þar sem kannski 90 prósent af bygginu fari þangað og því verði Kornskemman sjálf ekki þannig milliliður." /smh




# Riðuveiki útrýmt innan 20 ára

**Landsáætlun um riðuveikilaust Ísland hefur verið sett í samráðsgátt stjórnvalda.**

Horfið er frá því markmiði að útrýma riðusmitefninu sjálfu en megináhersla lögð á að útrýma veikinni með ræktun á riðuþolnum kindum með verndandi arfgerðum og er stefnt að riðuveikilausu Íslandi árið 2044.

Áætlunin var unnin af starfshópi sem skipaður var í janúar 2024. Áfram verður haldið með aðgerðir til að hefta útbreiðslu á smitefninu. Þær verða hins vegar áhættumiðaðar og beint að tilteknum áhættuflokkuðum bæjum, í stað þess að þær beinist jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi. Í greinargerð með áætluninni segir að sjö ára tímaviðmið verði tekið upp fyrir hina áhættuflokkuðu eða sýktu bæi í stað 20 ára sem giltu áður fyrir varnarhólfin, en fyrirmyndin sé sótt í Evrópusambandsreglur um riðuveiki sem varða viðskipti með fé á milli landa. Auk þess séu sjö ár tvöfaldur meðalmeðgöngutími riðuveikismits.

„Landsáætlunin gerir ráð fyrir flokkun á riðubæjum, áhættubæjum og öðrum bæjum í áhættuhólfi auk allra bæja landsins. Sett eru tímasett ræktunarmarkmið fyrir hvern flokk. Öllum sauðfjáreigendum verður gert skylt að rækta gegn riðuveiki í samræmi við stefnur og markmið sem sett eru í landsáætluninni. Miðað er við að ræktunarmarkmiðum verði náð fram með jákvæðum hætti; stuðningi, hvatningu og viðurkenningum. Gert er ráð fyrir að bætur taki mið af framgangi ræktunar miðað við ræktunarmarkmiðin, þannig að þeir bændur sem ekki fylgja áætluninni geti glatað rétti til bóta að hluta eða öllu leyti, sem er í samræmi við þá almennu reglu að fólki beri að takmarka tjón sitt sé þess kostur," segir í greinargerðinni.

Stefnt er að því að innan 20 ára hafi riðuveiki í sauðfé á Íslandi verið útrýmt, að þá hafi ekki greinst riðuveiki í neinni sauðfjárhjörð í sjö ár samfellt. Sömuleiðis er stefnt að því að Ísland hljóti viðurkenningu Evrópusambandsins árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð hér á landi og að því að litlar líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð á Íslandi frá og með árinu 2028.

Þessari stefnu er ætlað að ná fram með ræktun á verndandi og mögulega verndandi arfgerðum, smitvörnum, vöktun og viðbrögðum sem felast í aðgerðum til upprætingar smitefnis þegar upp kemur riðuveiki og nánar er lýst í áætluninni. /smh


ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
TOYOTA RAV4
RAV4 PLUG-IN
TOYOTA RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
TOYOTA RAV4 Hybrid, verð frá: 202.000 kr. á mán.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid, verð frá: 237.000 kr. á mán.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

### Norðurland:

# Vorverkum bænda seinkar

## – Almennt ekki búist við miklu kali þótt veturinn hafi verið kaldur

**Veturinn sem leið var sá kaldasti frá vetrinum 1998 til 1999, samkvæmt tíðindum Veðurstofu Íslands.**

Kaldast hefur verið á norðanverðu landinu og hafa eftirhreytur vetrarins teygt sig þar inn í byrjun sumars sem hefur orðið þess valdandi að vorverkum bænda seinkar víðast hvar. Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að fyrir flesta bændur á svæðinu sé vorkoman köld, sein og til leiðinda – ekkert verra en það.

„Þeir eru svona að skríða af stað í jarðvinnslu en hafa verið að keyra skít. Það er enn þá dálítið mikið frost í jörðu víða en það er þó það langt niður á klakann að menn eru svona við það að fara af stað.“



Svarfaðardalurinn 5. maí. Mynd / Sigurgeir Hreinsson

#### Óvissa með Svarfarðardal

„Í flestum sveitum verða túnin öругglega bara í lagi, en eins og ég segi, sein af stað vegna kulda ofan frá og neðan á meðan hér eru enn kaldar nætur og almennt svalt. En engin skelfing, en víða óvissa enn þá um hvenær hægt verður að sá korni,“ segir Sigurgeir.

„En svo bíður maður í svolítilli óvissu eins og með Dalvíkurbyggðina og Svarfaðardalinn sérstaklega. Þar er búið að vera svo lengi klaki að bændur hafa átt von á því að þar verði umtalsvert kal í túnum. En ég fór nú þar um sveitir á dögunum og maður fann hvergi þessa rotnunarlykt sem fylgir oft kalinu, þannig að ég veit ekki alveg hvað segja skal um það. En það kæmi verulega á óvart ef ekki yrði umtalsvert kal þar.“

#### Lítil kalhætta í Eyjafirði

Sigurgeir telur ekki mikla hættu á kali á öðrum svæðum í hans umdæmi og nálægum sveitum.



Sigurgeir Hreinsson. Mynd /mþþ

„Hér í Eyjafirðinum og í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem ég þekki til komu svell það seint að þar á ekki að vera kalhætta nema að litlu leyti. Gamla þumalputtareglan segir að ef gras er undir svelli í 90 til 100 daga samfellt þá sé umtalsverð hætta á kali.

Svo eru ýmsar aðstæður sem geta haft áhrif til góðs eða ills. Til dæmis hefur verið talað um að ef svell er mjög glært og sólin skín í gegn, að það sé mjög óheppilegt því birtan ýti undir að grasið fari af stað undir svellinu. Eins ef það eru göt á svellinu, þá dreifist loftið undir og getur hjálpað til.“

#### Enga rotnunarlykt að finna

Sigurgeir segir að rotnunarlykt sé ákveðin vísbending um að kal sé að finna í túnum. „Nú hagar því þannig til í Svarfaðardal að það er komið langt fram úr þessum tíma sem talað er um, en samt var ekki þessa rotnunarlykt að finna þegar ég var þar nýlega á ferð þannig að það er dálítið erfitt að segja til um það hvernig staðan er þar.

En almennt má segja að vorverk bænda verði eitthvað þyngri og erfiðari vegna kuldans og klaka í jörðu, án þess að það komi verulega að sök. Undanfarin flest ár hafa menn getað sett út lambfé á beit svona jafnóðum og menn hafa viljað, en nú er varla hægt að tala um að það sé komin nokkur beit neins staðar enn þá.

Það eru rétt einstaka blettir í skjóli orðnir grænir. Þó sé ég hérna handan fjarðarins á Svalbarðsströndinni að það er byrja að koma vottur af grænum litatóni. Ef það hlýnar, eins og spáir um helgina, þá hlýtur þetta nú að fara að koma,“ sagði Sigurgeir þegar rætt var við hann á miðvikudaginn í síðustu viku.

/smh

# Sama sláturhús sektað þrisvar

**Matvælastofnun (MAST) hefur þrisvar sinnum á þessu ári lagt stjórnvaldssekt á svínasláturhús á Suðvesturlandi. Sektirnar nema samtals 450.000 krónum.**

Þann 1. mars tilkynnti MAST að það hafi lagt 160.000 kr. stjórnvaldssekt á sláturhús á Suðvesturlandi vegna þess að fótbrotinn grís lá yfir heila helgi í sláturrétt áður en honum var slátrað.

„Grísinn mun hafa fótbrotnað í flutningi til sláturhússins. Samkvæmt reglum hefði átt að slátra honum strax við móttöku,“ segir í tilkynningu MAST.

Einnig er sagt frá því í sömu tilkynningu að sláturhús á Suðvesturlandi hafi brotið dýravelferðarlög þegar grís var vegna mistaka ekki sviptur meðvitund fyrir aflífun. Stjórnvaldssekt sú nam 145.000 krónum. Í apríl tilkynnti svo MAST að í mars hafi sláturhús á Suðvesturlandi verið sektað um 145.000 kr. vegna fráviks við aflífun á grís.



Svín í eldi. Mynd / ghp

Fjögur sláturhús slátra svínum á Íslandi. Það eru B. Jensen og Norðlenska á Akureyri, Stjörnugrís á Kjalarnesi og SS á Selfossi. Sláturhús Stjörnugríss á Kjalarnesi er það eina sem tilheyrir Suðvesturumdæmi samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun.

/ghp




### Matvælastofnun:

# Stjórnvaldssekt staðfest

## – Útivist mjólkurkúa ekki sinnt

**Bændur á Vesturlandi telja jafnræðis ekki hafa verið gætt þegar Matvælastofnun (MAST) sektaði þá fyrir að hafa ekki tryggt nautgripum sínum lögmæta útivist á grónu landi sumarið 2023.**

Matvælaráðuneytið hefur staðfest þá ákvörðun með úrskurði sem birtist 16. apríl, en bændurnir andmæltu ákvörðun MAST um álagningu stjórnvaldssektar og sendu erindi til ráðuneytisins. MAST hugðist fyrst sekta bændurna um 580.000 krónur, en upphæðin var lækkuð niður í 350.000 krónur.

Í andmælabréfi sem bændurnir sendu MAST kom fram að þar sem einungis þrjú af fimmtíu og átta kúabúum í suðvesturumdæmi hafi verið sektuð fyrir sama brot hljóti eftirlit stofnunarinnar ekki að vera í lagi. Ef allir bændur á svæðinu sem ekki settu kýrnar út umrætt sumar hefðu fengið sekt hefðu þau að öllum líkindum ekki gert neitt í málinu. Þeim sé hins vegar misboðið þar sem búum sé mismunað og jafnræðis ekki gætt.

Í svari við fyrirspurn til MAST kemur fram að álagðar stjórnvaldssektir stofnunarinnar varðandi brot á útivist nautgripa eru fjórar frá árinu 2022. Allar voru þær í suðvesturumdæmi Matvælastofnunar, sem nær frá sunnanverðu Reykjanesi til norðanverðs Snæfellsness.

#### Óhagstætt tíðarfar

Bændurnir benda á að langvarandi rigningatíð hafi verið í byrjun sumars sem hafi verið fylgt af linnulausum þurrkum. Aðstæður til beitar og heyöflunar hafi því verið sérlega óhagstæðar og töldu bændurnir ekki mikla dýravelferð felast í því að setja hánytja mjólkurkýr út á brennda mela. Ákvörðunin um að setja mjólkurkýrnar ekki út hafi ekki verið tekin af léttúð og það sé ekki stefna að halda gripum inni allt sumarið.

Bændurnir gera jafnframt athugasemd við framferði eftirlitsmanns MAST sem hafi leyft sér að hefja umræðu um málið við einn af rekstraraðilum búsins í Kaupfélagi Borgfirðinga. Það séu ófagleg vinnubrögð hjá stofnun eins og MAST sem fari með viðkvæm mál.



Bændur hafa fimm mánuði til að uppfylla kröfu um átta vikna útivist nautgripa á ári hverju. Mynd tengist frétt ekki beint. Mynd / ál

Í kvörtun sinni benda bændurnir á að miðað við tímasetningu eftirlitsins sem átti sér stað í lok ágúst og að í umsögninni sem fylgdi kærunni hafi verið tekið fram að brotið hafi þá verið fullframið hafi mátt skilja það svo að ekki hafi verið stefnt að því að gæta meðalhófs og gefa bændunum færi á að gera úrbætur.

#### Krafa um átta vikna útivist

Í úrskurði matvælaráðuneytisins er bent á að MAST hafi byggt sína ákvörðun á því að bændurnir „hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 1065/2014 þar sem kveðið er á um að umráðamenn kúa skuli tryggja skepnum sínum lágmarksbeit á grónu landi“. Í reglugerðinni komi fram að naut- gripir skuli vera settir á beit í minnst átta vikur á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert.

Ekki hafi verið hægt að sýna fram á nein ummerki um útivist nautgripa á umræddu búi þar sem geldkýr og kvígur hafi verið settar upp á kerru og keyrðar í úthaga á meðan mjólkurkýrnar voru hafðar inni í fjósi. Þá hafi bústjóri viðurkennt fyrir eftirlitsmanni að kýrnar hafi ekki verið settar út.

Ráðuneytið telur að MAST hafi verið heimilt að leggja stjórnvaldssekt á bændurna. Stofnunin hafi byggt ákvörðun sína og mat á hvort lágmarksútivist hafi verið sinnt á eftirlitsheimsóknum, ummerkjum á vettvangi og ábendingum ásamt því sem játning hafi legið fyrir frá bústjóra. Stjórnvaldsákvarðanir séu kæranlegar en athugasemdum um framferði eftirlitsmanna skuli beina til forstöðumanns MAST.

/ál










KRAFTVÉLAR

*Skilmálar fyrir greiðsludreifinguna er 25% innborgun við afhendingu og eftirstöðvar (75%) eru á 0% vöxtum með seinasta gjalddaga 20. september 2024.*

*Tilboðið gildir á öllum rakstrarvélum, heyþyrlum og sláttuvélum.*
*Nánar á **www.kraftvelar.is/pottinger***

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og örykja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Að fletta blaðinu

**Nýlega bárust okkur gleðifregnir um magnaða ljósmynd. Forsíðumynd Sigurðar Más Harðarsonar úr 11. tölublaði 2023 var valin ein af bestu fréttamyndum ársins.**

Ljósmyndin er átakanleg, skýr og mögnuð. Hún sýnir sauðfjárbændur í Miðfirði, þau Dagbjörtu Diljá Einþórsdóttur og Ólaf Rúnar Ólafsson á Urriðaá og Ara G. Guðmundsson og Elínu Önnu Skúladóttur á Bergsstöðum undir táknrænni birtu inni í tómu fjárhúsi eftir niðurskurð á um 1.400 fjár á bæjunum tveimur eftir að riða kom þar upp síðastliðið vor. Með sterkri myndrænni framsetningu og faglegri miðlun á eftirmálum riðuveiki lagði blaðið sitt á vogarskálarnar við að koma á framfæri nauðsyn þess að endurskoða regluverk um aðgerðir gegn riðuveiki í sauðfé. Í samráðsgátt stjórnvalda má nú finna drög að landsáætlun um riðuveikilaust Ísland en bændum sem vilja hafa áhrif á þessa stefnu er bent á að senda inn umsögn fyrir tuttugasta þessa mánaðar.

Erfið staða prentaðra fjölmiðla er meðal umræðuefnis á málstofunni Finnum lausnina á Bransadögum næstkomandi föstudag. Þar heldur sérfræðingur í málefni miðlunar á prentuðu efni erindi en auk þess mun undirrituð, ásamt Páli Ketilssyni frá Víkurfréttum, sitja í pallborði og ræða stöðu ímyndar og dreifingar á prentuðu markaðsefni og dagblöðum á Íslandi. Prentaðir fjölmiðlar eiga undir högg að sækja gagnvart stafrænni miðlun. Prentkostnaður hefur aukist, dreifing er orðin bæði erfið og dýr. Fólk sækir í auknum mæli upplýsingar í gegnum óravíddir vefsins og því eiga áþreifanlegir prentmiðlar í samkeppni um athygli við iðandi gagnvirkni. Algrím sjá til þess að viðhalda athygli lesandans með því að leggja til næsta efni, sem valið er í samræmi við það fyrra. Kanínuholurnar virðast endalausar, töfrandi og hræðilegar í senn. Stafræna umhverfið er tímaþjófur og er að valda aukinni skautun og upplýsingaóreiðu. Prentmiðlar og línuleg dagskrá heyra undir hinn enda miðlunarlitrófsins, hvar efni er ekki sérvalið fyrir tiltekinn lesanda þótt ritstjórnarstefna og yfirlýsing fjölmiðils beri vott um þau málefni sem tekin eru fyrir. Í tilfelli Bændablaðsins er viðfangsefnið nokkuð skýrt þótt víðtækt sé. Umfjöllun um landbúnað og dreifbýli er nátengt ýmsu sem fólk, óháð búsetu og starfsstétt, getur haft áhuga á, svo sem umhverfismál, vísindi, heilsu, menningu og samfélagsmál. Þetta tölublað er, eins og reyndar alla jafna, stútfullt af fjölbreyttu efni. Við tölum t.d. við unga sauðfjárbændur á Vatnsnesi, stórhuga framleiðanda wasabi og aspar á Fljótsdalshéraði, athafnasaman hrossaræktanda undir Eyjafjöllum og framkvæmdaglaða kornframleiðendur á Norðurlandi. Hér má einnig finna fróðleik í formi faggreina og viðtala við vísindamenn sem fjalla meðal annars um aðbúnað kúa, landnýtingu, skógrækt, belgjurtir og mjölorma. Orkumál, gallafatnaður, hugaríþróttir og forsetakosningar fá líka svigrúm.

> „Prentaðir fjölmiðlar eiga undir högg að sækja gagnvart stafrænni miðlun.

Það sem aðskilur prentmiðil frá hinum stafræna er að með lestri áþreifanlegs blaðs getur þú, óháð klæðskerasniðnu vali algríms, viðað að þér hinni ótrúlegustu þekkingu sem þér hefði kannski ekki dottið í hug að smella á. Þannig getur lesandi sem grípur Bændablaðið til þess að leysa krossgátur og klippa út prjónauppskriftina öðlast í kaupbæti grunnþekkingu á lífrænum áburði, vindorku og tollvernd – og tekið þátt í skörpum umræðum í hvaða heita potti sem er.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*



Úrval af sáðvöru
Pantaðu á bustolpi.is
Bústólpi



Herdís Magna Gunnarsdóttir er nýr stjórnarformaður Íslenskt staðfest. Mynd / HKr.

# Mikilvægt að bæta merkingar fyrir neytendur

**Herdís Magna Gunnarsdóttir, nautgripabóndi á Egilsstöðum og stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands (BÍ), er nýr stjórnarformaður upprunamerkisins Íslenskt staðfest.**

BÍ eiga og reka merkið sem stofnað var til á árinu 2022 og nær yfir íslenskar matvörur og blóm.

Herdís segir að sér og mörgum öðrum hafi að undanförnu verið tíðrætt um mikilvægi og sérstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu. „Við búum að dýrmætum kostum í innlendri matvælaframleiðslu sem ekki má taka sem gefnum. Þar má nefna auðveldan aðgang að hreinu neysluvatni, jarðvegsgæði og heilbrigði bústofna. Notkun varnarefna í landbúnaði er í algjöru lágmarki og sömuleiðis erum við stolt af því að Ísland er eitt þeirra landa í heiminum sem notar hvað minnst af sýklalyfjum í landbúnaði. Þetta er okkur mikilvægt og flest viljum við halda uppi háum gæðastuðli á okkar vörum."

### Fánalitirnir engin trygging

Hún segir að í umræðu um þverrandi tollvernd hafi BÍ lengi bent á að íslenskir framleiðendur búi ekki við sanngjarna samkeppnisstöðu þar sem innfluttar vörur komi margar frá löndum þar sem bæði framleiðslukröfur og launakostnaður séu lægri.

„Við viljum síður gefa eftir í gæðakröfum íslenskrar framleiðslu til að mæta þessari samkeppni en verðum að tryggja að fólkið sem starfar við framleiðsluna, alla virðiskeðjuna, fái sambærileg laun og aðrar starfsstéttir í landinu. Ég er stolt af íslenskri búvöru, þeim gæðastaðli sem frumframleiðslan er á og vöruþróun út á markað hefur tekið miklum framförum á síðustu árum svo eftir hefur verið tekið. Þó eigum við enn inni mikil tækifæri til að ná lengra á þeim velli ásamt frekari nýsköpun og nýtingu hliðarafurða.

Ef við viljum standast samkeppni án þess að gefa eftir gæði í framleiðslunni er grundvallaratriði að neytendur eigi þess auðveldlega kost að velja íslenskt og að íslenskri framleiðslu sé gert hátt undir höfði. Því miður hefur það sýnt sig að íslensku fánalitirnir eru ekki alltaf trygging fyrir því að varan sé íslensk og merkingar geta oft verið afar villandi fyrir neytendur. Það eru ekki síst neytendur sem hafa kallað eftir betri merkingum og merkið Íslenskt staðfest er svar við þeirri eftirspurn," segir Herdís.

### Virðisauki fyrir alla framleiðslukeðjuna

Kristján Þór Júlíusson, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og þáverandi formaður Bændasamtaka Íslands undirrituðu í maí 2021 samning um gerð íslensks búvörumerkis. Herdís segir að merkið hafi verið í vöggu Bændasamtakanna í nokkur ár en hún sé á þeirri skoðun að fleiri þurfi nú að koma að merkinu.

„Meginmarkmið merkisins er að tryggja skýrari merkingar fyrir neytendur en um leið á það að vera virðisaukandi fyrir framleiðendur innlendra matvara, alla framleiðslukeðjuna. Við höfum fyrirmynd að þessu erlendis þar sem til dæmis eignarhaldi Svenskmärkning er þrískipt milli bænda, afurðastöðva og svo samtökum verslana. Það er sameiginlegur hagur allra hlutaðila að standa saman að því að gera íslenskri matvælaframleiðslu hærra undir höfði og tala hana upp.

Markmiðið er einnig að auka meðvitund og áhuga neytenda á að versla íslenska vöru. Í framhaldi af því að koma Íslenskt staðfest á vörur í smávöruverslun verður mikilvægt að vinna að bættum merkingum á veitingastöðum og mötuneytum.

Þar er erfiðara fyrir neytendur að gera sér grein fyrir uppruna vörunnar og við vitum að stór hluti innfluttra matvæla fer þar í gegn á degi hverjum. Merkið gæti þannig til dæmis nýst í að gera þeim veitingahúsum hærra undir höfði sem gera út á að notast við íslenskt hráefni."

### Samtalið við afurðastöðvar

Merkið og staðall þess er að fyrirmynd merkja sem eru vel þekkt á Norðurlöndunum, að sögn Herdísar. „Það er mikilvægt að við eigum gott samtal við fyrirtækin til að koma merkinu á vörur, frá þeim höfum við fengið praktískar ábendingar um staðal merkisins og önnur atriði er snúa að því að taka merkið upp. Þessi atriði er sjálfsagt að taka til skoðunar til að auðvelda framleiðendum að taka upp merkið.

Það er þó númer eitt, tvö og þrjú að tryggja trúverðugleika merkisins og það gerum við með skýrum staðli og úttekt af hendi þriðja aðila.

Framleiðendur greiða gjald fyrir að taka upp merkið og einhver hafa gagnrýnt gjaldið en það skal ítrekað að þetta gjald er einungis hugsað til þess að standa undir rekstrarkostnaði. Gjaldinu verður reynt að halda í lágmarki.

Íslenskt staðfest er upprunamerki fyrir íslenska matvöru og blóm. Það er svar við kalli neytenda auk þess að vera sameiginlegur starfsgrundvöllur fyrir alla hagaðila virðiskeðjunnar til að lyfta upp gæðum og sérstöðu innlendrar framleiðslu með aukinni fræðslu og tengingu við neytendur."

*/smh*



**Arnar Þór Jónsson:** Í hvirfilvindi framboðsvinnunnar sé ég í hillingum jarðtengda tilveru sauðfjárbóndans og reglubundið líf kúabóndans, enda er landbúnaðurinn undirstöðuatvinnugrein og varðar þjóðaröryggi. Starf bóndans á að njóta umbunar og virðingar í samræmi við það.



**Ásdís Rán Gunarsdóttir:** Ég er fædd á Egilsstöðum og á sterkar rætur í Fellum á Héraði enda af Ekkjufellsættinni. Ung kynntist ég sveitastörfum á Héraði og Melum í Hrútafirði, þá strax orðin mikið náttúrubarn, elskaði sveitina og hafði dálæti á dýrum og langaði að verða dýralæknir. Hefði ég farið út í búskap þá hefði hrossarækt og hestabúgarður líklegast orðið fyrir valinu.



**Ástþór Magnússon:** Afi minn var bóndi og ég myndi eins og hann verða góður bóndi. Mér finnst vænt um dýr og hef mikla ánægju af að umgangast þau. Stundum finnst mér þau betri félagar en mannfólkið. Ég myndi því í búskap leitast við að hafa dýravelferð í forgrunni.

# Hvernig bændur yrðu forsetaframbjóðendurnir?

Kjör forseta Íslands fer fram þann 1. júní nk. Tólf einstaklingar eru í framboði. Bændablaðinu lék hugur á að vita hvernig búskap forsetaframbjóðendurnir gætu hugsað sér að leggja fyrir sig, yrðu þau bændur. Ekki stóð á áhugaverðum svörum. */ghp*



**Baldur Þórhallsson:** Mig dreymir um að verða aftur sauðfjárbóndi og hrossaræktandi. Það er það skemmtilegasta sem ég hef gert. Mig langar líka að vera með landnámshænur og reyndi að fá leyfi til að reisa lítinn hænsnakofa við húsið mitt í Vesturbæ Reykjavíkur en fékk það ekki samþykkt. En minn tími mun koma í sauðfjár-, hrossa- og hænsnarækt.



**Eiríkur Ingi Jóhannsson:** Ég yrði sauðfjárbóndi. Mér finnst að hlúa verði betur að sauðfjárbúskapnum í dag, ef við ætlum að tryggja okkur að það sé til kjöt í landinu ef illa fer fyrir innflutningi á fóðri, því blessuð svínin og kjúklingurinn hafa enga tilvist hér á landi án þessa innflutta fóðurs. Svo er lambið langbesta kjötið og líður manni alltaf betur eftir góðan lambabita. Það hlýtur að vera slefefni í lambakjötinu sem við Íslendingar erum háð eftir þessi árhundruð sem kindin hefur haldið okkur á lífi. Blessuð kindin.



**Halla Hrund Logadóttir:** Amma og afi voru með blandaðan búskap og draumurinn var alltaf að fara í Bændaskólann á Hvanneyri eða á hestabraut á Hóla og verða bóndi. Ef ég væri í búskap í dag myndi ég vilja vera með hesta og kindur og helst þróa eigin vörumerki og matvöru.



**Halla Tómasdóttir:** Ég myndi spreyta mig á vistvænni matvælaframleiðslu. Ég kann ekki vel til verka á þessu sviði og myndi því leita ráðgjafar þeirra sem best þekkja til. Ég er ekki í vafa um að við verðum að beina matarframleiðslu í vistvæna átt. Það er gott bæði fyrir umhverfið og heilsu neytandans. Ég myndi svo gjarnan vilja að á bænum væru hestar, íslenski hesturinn er einstakur.



**Helga Þórisdóttir:** Ég var í sveit á Þríhyrningi í Hörgárdal og þar var haldið sauðfé og þar var kúabúskapur. Þannig að ég færi beint í það og auðvitað myndi ég hafa hjá mér hesta, hunda, hænsn og ketti.



**Jón Gnarr:** Ef ég gerðist bóndi þá held ég að sauðfjárbúskapur yrði fyrir valinu. Mér hugnast best sá lífsstíll. En ég myndi líka vilja vera með geitur, svipað og Jóhanna vinkona mín á Háafelli í Borgarfirði. Það finnast mér skemmtilegar skepnur. Ætli ég yrði ekki líka með hænur. Ég vann nú sem unglingur á fuglabúinu á Móum á Kjalarnesi þar sem systir mín og mágur bjuggu. Ég gæti líka hugsað mér að rækta kanínur og jafnvel dúfur sem hliðarbúgrein.



**Katrín Jakobsdóttir:** Ég hef fylgst með öllum greinum landbúnaðar og held að þær eigi allar mikil tækifæri enda mikill stuðningsmaður innlendrar matvælaframleiðslu og lít á hana sem lykilatriði í lífsgæðum á Íslandi. Ef ég þarf að velja eitthvað eitt yrði ég líklega grænmetisbóndi en það væri nú freistandi að hafa nokkrar hænur til að fá alltaf ný og fersk egg!



**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir:** Matjurtaræktun yrði sennilega fyrir valinu enda trúi ég að með hlýnandi veðurfari geti Ísland orðið matarkista norðursins með sameiginlegu átaki landsmanna. Verði ég forseti mun ég hvetja landsmenn til að öll blokkartún og garðblettir verði gerðir að matjurtagörðum.



**Viktor Traustason:** Ég hjálpa reglulega vini við að stinga upp kartöflur og tína saman ber og matjurtir. En í mínum eigin búskap myndi ég líklegast byrja á því að viðhalda stofni landnámshænanna sem langafi var með.

## Vísnahornið

Ekki virtist **Bólu-Hjálmar** alltaf vinsæll af samferðamönnum, eins og þjóðin veit. Gat verið níðskældinn eins og sannast í „Getnaðar hvar gefst mér hreppur". Á ónefndum presti hafði hann lítið dálæti.

*Aumt er að sjá í einni lest*
*áhaldsgögnin slitin flest,*
*dapra konu og drukkinn prest,*
*drembinn þræl og meiddan hest.*

Ekki féll öllum þessi vísa vel í geð.

*Hræsnarinn kallar helga menn*
*sem höfðingsglæpi fela,*
*að drýgja hór og drepa menn,*
*dýrka goð og stela.*

Fallega orti þó Hjálmar stundum.

*Víða til þess vott ég fann,*
*þótt venjist oftar hinu,*
*að guð á margan gimstein þann*
*sem glóir í mannsorpinu.*

Hjálmar orti þetta ljóð á ferð um Langadal

*Mér eru lífskjör þessi þröng,*
*því verður margt til tafar,*
*gangandi manni' er leiðin löng,*
*liggur hún þó til grafar.*
*Brotinn er vonarvölur minn,*
*völt og titrandi skriðtólin,*
*dugur sem hugur dvína;*
*fagna ég hvíld í foldar þró,*
*föðurlandinu slitna skó*
*gef ég í minning mína.*

**Hjörleifur á Gilsbakka** orti margt gott.

*Reynist flest í veröld valt,*
*veltur margt úr skorðum,*
*ég er sjálfur orðinn allt*
*öðruvísi en forðum.*

Þessi orð Hjörleifs mættu menn skoða:

*Margur fær í einkaarf*
*ósanngirni og hroka.*
*Það er list, sem læra þarf,*
*að láta í minni poka.*

Svo sagði **Jakob Jónsson** á Varmalæk:

*Víst er leitt en samt er satt*
*að sumir geta bara*
*yndi veitt og aðra glatt*
*er þeir kveðja og fara.*

Þessi mun vera eftir séra **Helga Sveinsson** frá Hvítsstöðum.

*Til að öðlast þjóðar þögn,*
*þegar þeir aðra véla,*
*gefa sumir agnar ögn*
*af því sem þeir stela.*

**Hólmfríður Bjartmarsdóttir** er stundum galsafengin í kveðskap.

*Lifandi er skógurinn að*
*laufga sig á ný.*
*Látlaus streyma skýin yfir*
*tindinn.*
*Lifandi er vatnið og leikurinn*
*í því*
*og léttar dansa stirirnar við*
*vindinn.*

Fáir voru vinsælli en **Páll Ólafsson.** Hann naut þess meðan hann lifði.

*Aldrei sofna´eg sætan blund,*
*svo mig ekki dreymi,*
*að litli Rauður litla stund,*
*lifi í þessum heimi.*

*Eg hef selt hann yngra Rauð,*
*er því sjaldan glaður.*
*Svona er að vanta veraldarauð*
*og vera drykkjumaður.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

# Bændur ársins í Norður-Þingeyjarsýslu

**Ábúendurnir í Hafrafellstungu í Öxarfirði fengu nafnbótina Bændur ársins 2023 í Norður-Þingeyjarsýslu. Upphefðin var veitt af búnaðarsambandi sýslunnar.**



**Bjarki Fannar Karlsson og Eyrún Ösp Skúladóttir í Hafrafellstungu.** Mynd / Berglind Ýr Ingvarsdóttir

Frá þessu er greint á vef Loftslagsvæns landbúnaðar, en Eyrún Ösp Skúladóttir og Bjarki Fannar Karlsson í Hafrafellstungu hafa verið þátttakendur í verkefninu síðan 2021. Þau reka sex hundruð og fimmtíu kinda sauðfjárbú og hafa unnið að því að auka afurðir samhliða því að bæta nýtingu tilbúins og lífræns áburðar og minnka olíunotkun.

Í umsögn Einars Ófeigs Björnssonar, formanns búnaðarsambandsins, segir að Hafrafellstunga sé fyrirmyndarbú.

Meðalþyngd sláturlamba hafi verið góð, með mikil kjötgæði og hæfilega fitu ásamt því sem þau hafi selt talsvert af líflömbum. Einar bendir einnig á að Eyrún Ösp og Bjarki Fannar hafi lagt mikinn metnað í innleiðingu arfgerða sem veiti vernd gegn riðu í sauðfé ásamt því að standa fyrir sýnatöku á arfgerðum í eigin hjörð. */ál*

# Styrkja vöruþróun út frá matarhefð

**Tíu milljónum króna var fyrir skemmstu úthlutað af innviðaráðuneytinu til verkefnisins Sjávarfalla.**



Sjávarföll eru verkefni Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og fjárveitingin hluti af styrkjum til sértækra verkefna á sóknaráætlunarsvæðum samkvæmt byggðaáætlun.

Verkefnið Sjávarföll er þróunarverkefni fyrir vörur sem grundvallast á íslenskum matarhefðum og nýrri framleiðslu. Er gert ráð fyrir að fara í markaðsgreiningu, aukið samstarf, eflingu vöruþróunar og þekkingaryfirfærslu.

Í heild var 130 m.kr. veitt til tíu verkefna sjö landshlutasamtaka. Markmiðið með framlögunum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Áhersla er lögð á að styrkja svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Verkefni sem hljóta styrk skulu nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans, eða landshlutanum í heild. Íbúaþróun, samsetning atvinnulífs og atvinnustig og meðaltekjur var meðal þess sem lagt var til grundvallar við mat á umsóknum. */sá*





**Frá kornuppskeru í Gunnarsholti á Rangárvöllum.** Mynd / Auðunn Magni Björgvinsson

## Kornræktarfélag Suðurlands:

# Verður milliliður milli ræktenda og kornstöðva

**Starfsemi Kornræktarfélags Suðurlands var endurvakin á fundi kornbænda í Gunnarsholti 24. apríl.**

Hugmyndin er að félagið verði milliliður í viðskiptasambandi kornbænda og kornstöðva á svæðinu og undirbúningur fyrir næsta skref sem er stofnun kornsamlags.

Björgvin Harðarson, svína- og kornbóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, var kjörinn í stjórn félagsins og segir hann að með því að félagið sé endurvakið núna sé tekið skref í átt að stofnun kornsamlags. „Munurinn er sá að kornsamlagið yrði í sérstöku eignarhaldsfélagi sem kornbændur myndu leggja peninga inn í. Þeir verða þá að leggja mat á hvernig kornræktin muni ganga hjá þeim almennt séð áður en kemur til fjárútláta."

Björgvin segir að félagsaðild að Kornræktarfélaginu verði eins og önnur aðild að Búnaðarsambandi Suðurlands.

### *Kornræktarfélagið verði milliliður*

„Hugmyndin er að Kornræktarfélag Suðurlands verði nú ákveðinn milliliður milli kornræktenda og kornstöðvanna sem eru nú þegar til staðar hér á Suðurlandi sem munu nú eflast vegna þess fjárfestingastuðnings sem stjórnvöld hafa sett inn í greinina," heldur Björgvin áfram.

„Þannig verður stöðvunum gert kleift að taka við korninu frá bændum sem geta þá farið að máta sig við framleiðslu á fóðurkorni til að setja á markað í raun. Þeir eru í raun ekki vanir því að framleiða söluvöru og þurfa tíma til að prófa sig áfram með hvernig það gengur áður en þeir verða tilbúnir til að leggja fjármuni í verkefnið.

En auk þess að skuldbinda sig með því að kaupa hlut í samlaginu verða þeir að skuldbinda sig til að leggja inn korn til þurrkunar.

Stuðningur stjórnvalda virkar þannig að 40 prósent af fjárfestingarkostnaði í greininni kemur frá ríkinu en 60 prósent verða að koma frá þeim sem hyggjast fjárfesta í nýjum stöðvum eða stækkunum – þá bændur eða aðrir fjárfestar. Það geta verið alls konar fjárfestar, til dæmis fiskeldisfyrirtæki, fóðurframleiðendur, brugg-verksmiðjur og aðrir þeir sem vilja kaupa íslenskt korn," útskýrir Björgvin.

### *Gæðastaðlar fyrir kornvöru*

Björgvin bendir á að það sé allt annar hlutur að framleiða eigið fóðurkorn eða kornvöru sem á að selja á markaði. Því þurfi bændur margir hverjir að setja sig í alveg nýjar stellingar þar sem huga þurfi að ákveðnum gæðastöðlum. Fjárfestingarstuðningurinn muni nýtast líka til þess að stöðvar geti bætt sína aðstöðu til kornmóttöku og gæðamats. Næstu skref verði að fræða bændur um gæðastaðla svo þeir geti byrjað að rækta og þreskja korn til sölu.

Að sögn Björgvins geta þær fjórar stöðvar sem séu starfhæfar á Suðurlandi afkastað á bilinu tveimur til fimm þúsund tonnum á ári, en þær eru í Birtingarholti í Hrunamannahreppi, í Gunnarsholti á Rangárvöllum, á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og á Sandhóli í Meðallandi.

Auk þess er Eimverk með kornþurrkstöð í Bjálmholti í Holtum.

Með honum í nýrri stjórn Kornræktarfélagsins eru Haraldur Ívar Guðmundsson á Reykhóli, Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri, Örn Karlsson á Sandhóli og Sigurjón Eyjólfsson í Eystri-Pétursey. */smh*

## Merking búfjár:

# Fresta banni við endurnýtingu

**Bændum verður heimilt að endurnýta örmerki í sláturtíð 2024 og nota þau til 1. nóvember 2025.**

Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu kemur fram að ráðuneytið hafi upplýst eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um að það hyggist fresta gildistöku breytingareglugerðar um merkingu búfjár því ljóst þyki að bændur þurfi meiri tíma til að aðlagast kröfum um einnota merki. Frekari framlenging mun þó ekki koma til skoðunar.

### *Ekki skylda að örmerkja*

Bændum hefur verið heimilt að nota sömu merki aftur eftir að þau væru þvegin og sótthreinsuð. Matvælastofnun tilkynnti hins vegar í maí 2023 að endurnýting eyrnamerkja í eyru búfjár yrði óheimil frá 1. júlí nk., eftir að ESA gerði athugasemd við slíka endurnýtingu í úttekt.

ESA þótti heimildin í andstöðu við EES-reglur sem gilda um auðkenningu landdýra í haldi. Íslenskum bændum er ekki skylt


**Þó bændum beri að merkja ásetningsfé er þeim ekki skylt að örmerkja.** Mynd /ghp

að örmerkja sauðfé á grundvelli EES-reglna þar sem fjöldi lifandi fjár er undir 600.000, skv. undanþáguákvæði í reglugerð ESB sem Ísland hefur innleitt. Bændum ber þó að merkja ásetningsfé með forprentuðu plötumerki í eyra og verður slíkt merki að vera einnota frá 1. nóvember 2025.

### *Undanþága ekki möguleg*

Matvælaráðuneytið hefur fundað með Bændasamtökum Íslands þar sem farið hefur verið yfir það að ráðuneytið muni gera það sem mögulegt er innan þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist með EES-samningnum til að auðvelda bændum að merkja sauðfé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru með sem minnstum tilkostnaði.

Það er meðal þess sem kemur fram í svari matvælaráðherra við fyrirspurn Njáls Trausta Friðbertssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um endurnýtingu örmerkja.

Njáll Trausti spurði meðal annars hvaða áhrif það hefði ef á Íslandi yrði áfram leyfð endurnýting örmerkja í sauðfjárbúskap.

Í svari matvælaráðherra segir að ef Ísland stendur ekki við þær skuldbindingar sem það hefur undirgengist gæti það leitt til þess að ESA opni brotamál gagnvart Íslandi. */ghp*

can-am®

# NÝJA OUTLANDER G3L 500 & 700

830KG
DRÁTTARGETA

T3B
GÖTUSKRÁNING




26CM
FJÖÐRUNARSVIÐ

VISCO-LOK
FRAMLÆSING

**2024 ÁRGERÐIN ER LENT**

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

ELLINGSEN

A BRP BRAND

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is



Hjónin Auður Vala Gunnarsdóttir og Helgi Sigurðsson á Egilsstöðum eiga og reka KHB-brugghús auk gisti- og veitingareksturs á Borgarfirði eystra.
Mynd / Aðsendar

# Bjórinn Naddi sló í gegn í London

**Fjórir íslenskir bjórar frá KHB brugghúsi á Borgarfirði eystra hlutu bresk bjórverðlaun fyrir skemmstu.**

KHB brugghús sendi fjóra bjóra í keppnina London Beer Competition í vor og fengu þeir allir verðlaun. Lagerbjórinn Naddi fékk gullverðlaun og bjórarnir Gellivör, Jólanaddi og Borghildur silfurverðlaun.

„Þessi keppni er mikils metin í alþjóðlegum bjóriðnaði og við einkunnagjöf er horft til gæða, gilda og umbúða,“ segir Helgi Sigurðsson, annar eigandi KHB Brugghúss á Borgarfirði eystra. London Beer Competition miði að því að viðurkenna og fagna bjórvörumerkjum sem neytendur raunverulega vilja kaupa, þ.e.a.s. smásalar, verslanir og veitingastaðir.

„Við erum himinlifandi yfir árangri okkar í keppninni. Naddi, dökki lagerbjórinn okkar, fékk gullverðlaun og samtals 92 stig. Fyrir gæði hlaut hann 95 stig. Gellivör, IPA-bjórinn okkar, var einnig mjög nálægt gullinu, með samtals 88 stig, þar af 89 stig fyrir gæði. Einnig hlutu Jólanaddi, sem




Bjórar í bauk frá KHB brugghúsi.

er jólaútgáfa af Naddanum, og Borghildur, ljósi lagerinn okkar, góða dóma og silfurverðlaun,“ segir Helgi.

KHB brugghús leggur, að sögn Helga, áherslu á gæðahráefni og kaupir það frá Tékklandi, frá litlu fjölskyldufyrirtæki sem starfað hefur í rúm hundrað ár.

„Við vitum því að gæðin eru í lagi. Við vinnum einnig náið með tékkneskum bruggmeisturum með mikla reynslu og Þorsteinn Brandsson, yfirbruggmeistari KHB, hefur náð góðum tökum á faginu og er með allt á hreinu hvað þetta varðar. Allir bjórarnir okkar eru ferskvara, ógerilsneyddir og án viðbætts sykurs og rotvarnarefna,“ segir Helgi jafnframt. /sá

ÆVINTÝRI Á SPÁNI OKTÓBER 2024
UPPBYGGJANDI OG SKEMMTILEG KVENNAFERÐ

Kristín Linda, sálfræðingur hjá Huglind, og Inga Geirs, fararstjóri hjá Skotgöngu, verða með sína vinsælu sjálfsræktar-, útivistar-, göngu- og skemmtiferð til Albír á Spáni 18. október í haust. Bókanir hafnar, beint flug, gott hótel og hálft fæði.



Kristín Linda og Inga Geirs

SJÁLFSRÆKT OG GANGA

Vikuferð fyrir konur 40 ára og eldri, uppskrift sem hefur algjörlega sannað sig enda þétt og gefandi dagskrá. Inga sér um fararstjórn, skoðunarferðir og gönguferðir og Kristín Linda heldur sín vinsælu uppbyggjandi lífsgæðanámskeið, bæði hagnýt og skemmtileg. Vikuferð sem hlotið hefur frábær meðmæli.
Stakar konur sérstaklega velkomnar en líka kjörið fyrir vinkonur.
Meira en 300 konur hafa nú þegar nýtt sér þessa dagskrá og margar komið aftur og aftur, það segir sína sögu!
Samkennd, gleði, upplifanir, uppbygging og ný kynni, vilt þú koma með?

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR: www.skotganga.co.uk
inga@skotganga.co.uk - kristinlinda@huglind.is

# KS hagnaðist um 5,5 milljarða króna

## – Sterk staða samvinnufélagsins

**Hagnaður Kaupfélags Skagfirðinga af rekstri félagsins á árinu 2023 reyndist rúmlega 5,5 milljarðar króna.**

Samkvæmt ársreikningi samstæðunnar, sem samanstendur af Kaupfélagi Skagfirðinga og nítján dótturfélögum, námu eignir í lok árs 2023 um 88,6 milljörðum króna.

Eiginfjárstaða fyrirtækisins styrktist á milli ára og nam 58,5 milljörðum króna í árslok 2023 en skuldir um 30 milljörðum kr.

Rekstrartekjur KS árið 2023 jukust um 8,7% milli ára og námu rúmlega 19 milljörðum króna á árinu 2023. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir hjá KS jókst um 18,7% milli ára og nam 2,5 milljörðum króna. Tekjur samstæðunnar allrar námu 52,6 milljörðum króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir jókst um 4,1% og nam 8,4 milljörðum króna. Samkvæmt samstæðureikningnum jukust langtímakröfur milli áranna 2022 og 2023 um tæpan milljarð króna, fóru úr um 1,4 milljörðum í um 2,4 milljarða. Undir þessu heyra skuldabréfalán sem eru bæði verðtryggð og óverðtryggð, gefin út til allt að sex ára og bera allt að 14% vexti samkvæmt skýringu.



Kaupfélag Skagfirðinga á nítján dótturfélög. Mynd / ghp

### Dótturfélög og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Starfsemi Kaupfélags Skagfirðinga er víðtæk. Samvinnufélagið heldur úti mikilli atvinnustarfsemi í Skagafirði og víðar. Helstu rekstrareiningar eru, að því er fram kemur í samstæðureikningnum, mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, bifreiðaverkstæði, vélaverkstæði, dagvöruverslun og byggingavöruverslun í Skagafirði. Einnig stunda önnur félög samstæðunnar fjölbreyttan rekstur víðar um land, s.s. við slátrun, kjötvinnslu, flutninga, framleiðslu á fóðri, byggingavörum sem og við eignarhalds- og fjárfestingastarfsemi.

Samvinnufélagið á FISK-Seafood ehf., sem rekur útgerð og fiskvinnslu á Sauðárkróki og Grundarfirði. Þá á KS einnig meirihluta Fóðurblöndunnar hf. sem á Bústólpa. Meðal annarra dótturfélaga er Esja Gæðafæði, sem vinnur bæði íslenskt og erlent kjöt og selur til endursöluaðila, Sláturhús Hellu og Sláturhús KVH á Hvammstanga, Norðlensk orka ehf., sem á Héraðsvötn ehf., Vogabær og Vörumiðlun, sem rekur flutningaþjónustu víðs vegar um land.

### Metafkoma VSV

Samstæðan á ýmsa verðmæta eignarhluti í hlutdeildarfélögum. Þar á meðal 32,9% hlut í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum en vegna leiðréttingar á svokölluðum þýðingarmun hækkaði eignarhlutur KS í félaginu um tæplega 1,8 milljarða króna skv. ársreikningi. Vinnslustöðin skilaði metafkomu á árinu 2023 og á aðalfundi þess þann 4. apríl sl. var samþykkt að greiða hluthöfum 900 milljóna króna arð.

KS á 20% hlut í Mjólkursamsölunni en einnig hluti í félögum sem tengjast útflutningi á skyri. Einnig á Kaupfélagið 19,5% í Þórsmörk ehf., sem á Árvakur hf., sem rekur Morgunblaðið. KS á einnig að öllu leyti Nýprent ehf., sem rekur Feyki, fréttablað Norðurlands vestra.

Árið 2023 bættust við eignarhaldsfélögin Gleðidagur og Gleðiskopp á lista hlutdeildarfélaga sem samstæðan á eignarhluti í.

Einnig á KS fjárfestingafélag sem fer með eignarhald á verðbréfum í 11% eignarhlut í hollenska skipafélaginu Cargow B.V., en sá hlutur var bókfærður á tæpan milljarð króna árið 2022.

### Tvö ný í aðalstjórn

Aðalfundur Kaupfélags Skagfirðinga fór fram 23. apríl sl. í Menningarhúsinu Miðgarði.

Mannaskipti urðu í stjórn félagsins á fundinum. Atli Már Traustason, Ytri-Hofdölum og Ásta Pálmadóttir, Sauðárkróki, voru kjörin í aðalstjórn í stað Guðrúnar Sighvatsdóttur og Péturs Péturssonar. Aðrir í stjórn eru Bjarni Maronsson, stjórnarformaður, en hann hefur setið í stjórn frá árinu 1989, Herdís Á. Sæmundardóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Hjörtur Geirmundsson og Þorleifur Hólmsteinsson. Varamenn í stjórn eru Guðrún Lárusdóttir, Ingi Björn Árnason og Viggó Jónsson.

Fjöldi félagsaðila Kaupfélags Skagfirðinga í árslok 2023 var 1.277 og starfsmenn KS eru 233 talsins. /ghp

## Matvælaöryggi:

# Listeríusýkingar vaxandi vandamál

**Tíðni listeríusýkinga í Evrópu fer vaxandi og samkvæmt greiningum á fyrstu þremur mánuðum þessa árs eru vísbendingar um að svo sé einnig hér á landi.**

Greint er frá þessari stöðu í Fréttabréfi sóttvarnalæknis sem gefið var út nú í apríl. Þar kemur fram að dauðsföll af völdum matarborinna sýkinga í Evrópu árin 2018 til 2022 hafi oftast tengst listeríusýkingum. Í helmingi tilvika voru dauðsföll rekin til listeríu, alls 125 tilfelli. Salmonella kom þar næst, en 32 dauðsföll voru rakin til slíkra smita.

### Gengur oftast fljótt yfir

Tekið er fram að slíkar sýkingar lýsi sér oftast sem uppköst eða niðurgangur sem gangi fljótt yfir, en geti þó leitt til alvarlega veikinda og jafnvel dauða.

Í umfjölluninni kemur fram að listería sé baktería sem finnist víða í náttúrunni, bæði í vatni og jarðvegi sem og hjá fjölda dýrategunda. Einkennandi fyrir listeríu sé að bakterían þrífst vel við kælingu og



Helstu smitleiðir listeríu eru með óelduðum matvælum, eins og mjúkum ógerilsneyddum ostum. Mynd / bbl

háan saltstyrk við geymslu matvæla en fjölgi sér síðan í líkama fólks. Listería valdi nánast aldrei sjúkdómi hjá fullfrísku ungu fólki, nema barnshafandi konum.

### Helsta smitleiðin með matvælum

Ákveðnir þættir auki mjög líkur á sýkingu, svo sem hár aldur og ónæmisbæling. Listeríusýking geti leitt til fósturláts eða nýburadauða ef móðir smitast á meðgöngu og sýkillinn berst til fósturs í gegnum fylgjuna.

Helsta smitleið listeríu sé með matvælum sem ýmist hafa verið menguð frá upphafi eða í framleiðsluferli og þá helst mjúkir og ógerilsneyddir ostar, hrátt grænmeti eða salat, kaldreyktur eða grafinn lax og niðursneitt kjötálegg. Listeríusmit séu oft stök tilfelli en listería geti þó valdið hópsýkingum sem nái til margra landa.

Á Íslandi hafa tveir til fimm einstaklingar greinst árlega á Íslandi með listeríusmit, en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafa þegar greinst fimm einstaklingar. Er í umfjölluninni sagt mikilvægt að lögð verði áhersla á forvarnir, vöktun og rannsóknir mögulegra hópsýkinga.

Nauðsynlegt sé að fræða áhættuhópa um tengsl listeríu við ákveðin matvæli sem borin eru fram óelduð. Mikilvægt sé að hafa í huga að jafnvel matvæli sem eru framleidd í samræmi við gæðastaðla geti valdið sýkingu hjá fólki með skert ónæmiskerfi. /smh



# Kjósum reynslu – kjósum dugnað

hallatomasdottir.is

Halla 2024 TÓMASDÓTTIR

**Halla Tómasdóttir** brennur fyrir bættum heimi og lætur verkin tala. Hún nýtur þess að leiða fólk saman til samtals og samstarfs og trúir því að það sé leiðin að betri framtíð.

Hún á að baki farsælan og fjölbreyttan feril sem kennari og leiðtogi. Hún hefur innsýn í ólíkar hliðar atvinnulífs til sjávar og sveita víða um heim og er endalaust opin fyrir jákvæðum áhrifum og reynslu sem nýtist til að þroskast og til að miðla áfram til samferðafólks.

**Við þurfum Höllu Tómasdóttur á Bessastaði.**

# Leyfa gas- og jarðgerð úr matarafgöngum

**Matvælastofnun hefur nýlega tilkynnt um að Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (GAJA) hafi verið veitt leyfi til gas- og jarðgerðar úr matarafgöngum, sem falla til í heimiliseldhúsum og stóreldhúsum.**

Stöðin hefur einnig leyfi til að vinna úr ósöluhæfum matvælum frá verslunum og heildsölum. Hráefni sem ætlað er fyrir stöðina skal vera sérflokkað á upprunastað og sett í söfnunarpoka áður en það fer í brúnar flokkunartunnur.

Í byrjun síðasta árs tóku gildi lög þar sem bann er lagt við urðun á niðurbrjótanlegum úrgangi, lífúrgangi. Leyfisveiting Matvælastofnunar kemur í kjölfar tíðinda af góðum árangri í sérsöfnun og flokkun á matarleifum á síðasta ári á höfuðborgarsvæðinu. Í tilkynningu Matvælastofnunar segir að GAJA muni nú gegna lykilhlutverki í endurnýtingu næringarefna í matarleifum og stuðla þannig að hringrás þeirra.



Gas- og jarðgerðarstöðin GAJA. Mynd / Sorpa

Minnir Matvælastofnun á að endurvinnslan á næringarefnunum hefjist í eldhúsunum og mikilvægt sé að hráefnin séu flokkuð samviskusamlega og þess gætt að óleyfileg efni fari ekki með matarleifum í söfnunarpokana.

Í umfjöllun Sorpu um árangurinn á síðasta ári kemur fram að mælingar í GAJA sýni að hreinleiki í matarleifum árið 2023 hafi verið 98 prósent, sem sé gríðarlega góður árangur og til marks um að íbúar standi vel að flokkun matarleifa. /smh

# Göngustígar hjá Geysi

**Framkvæmdir við nýtt gönguleiðakerfi á Geysissvæðinu í Haukadal í Bláskógabyggð hófust nýlega.**

Leiðakerfinu er ætlað að bæta aðgengi á svæðinu og ekki síður til að hlífa náttúrunni við ágangi og raski ferðamanna sem fara um svæðið. Verklok fyrsta áfanga göngustígahringleiðar eru áætluð í haust en heildaruppbyggingu svæðisins á að vera lokið árið 2025.

Loka þarf hluta hverasvæðisins á meðan framkvæmdir standa yfir en lokanirnar verða þá vel merktar innan svæðisins. Allt rask sem til kemur vegna framkvæmda verður lagfært. Framkvæmdir á svæðinu eru í höndum Wiium verktaka en umsjónaraðili verkefnisins fyrir hönd Umhverfisstofnunar er Framkvæmdasýslan.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson friðlýsti Geysissvæðið árið 2020. Mynd / mhh

Geysissvæðið var friðlýst árið 2020 og er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. / mhh




**Bændablaðið kemur næst út 30. maí**



Jóhannes Geir Gunnarsson segir lykilinn að hugsa vel um féð til að ná árangri, þótt kynbætur hafi sitt að segja. Myndir / ál

Sauðfjárrækt:

# „Bjart fram undan og afurðaverð á uppleið“

**Jóhannes Geir Gunnarsson, bóndi á Efri-Fitjum í Vestur-Húnavatnssýslu, er bjartsýnn á framtíð sauðfjárræktarinnar og vill hvetja ungt fólk til að fara í greinina.**

Jóhannes er þrítugur og verður unnusta hans, Stella Dröfn Bjarnadóttir, tuttugu og sjö ára í sumar. Búið er rekið í nánu samstarfi við foreldra Jóhannesar, Gunnar Þorgeirsson og Grétu Brimrúnu Karlsdóttur, sem búa steinsnar frá á Neðri-Fitjum.

Aðspurður um hvernig það sé að vera ungur bóndi svarar Jóhannes: „Það er bara draumur – bjart fram undan og afurðaverð á uppleið, verið að rækta riðuna í burtu og allt að gerast.“ Á undanförnum árum hafi riða greinst á nokkrum bæjum í landshlutanum sem hafði í för með sér breyttan veruleika vegna sóttvarnatakmarkana. Gangi allt eftir ættu þær hömlur ekki að vera mikið lengur.

### *Samtals þúsund kindur*

Jóhannes og Stella eiga rúmar fimm hundruð kindur og foreldrar hans álíka mikið fé. Flestir gripirnir eru saman í stórum fjárhúsum á Efri-Fitjum, á meðan rúmlega hundrað kindur eru í Áslandi, sem er skammt frá. Jóhannes segir áform vera uppi um að byggja við fjárhúsin til þess að allar ærnar geti verið á sama stað.

Byggingin var reist upp úr 1980 og rúmar meginálma fjárhúsanna ríflega sjö hundruð kindur. Þar eru ærnar á grindum og er þeim gefið á garða. Þá eru votheysgryfjur í enda fjárhúsanna nýttar til að hýsa það sem upp á vantar. Á



Á Efri-Fitjum eru settar upp rúmlega tvö hundruð einstaklingsstíur á sauðburði sem spara mikla vinnu. Hægt er að gera gang sem nær endilanga króna og allar ærnar komast í vatn.

Efri-Fitjum hafa verið smíðaðar einstaklingsstíueiningar sem passa í krærnar á sauðburði. Þær eru þannig útbúnar að hægt er að loka af endanum sem er fyrir garðanum og mynda gang sem nær endilanga króna. Eftir því sem fleiri kindur bera er hægt að bæta við fleiri stíum og þegar allar eru komnar upp eru einstaklingspláss fyrir rúmlega tvö hundruð kindur. Þá hafa allar ærnar aðgang að brynningarstút sem tvær deila með sér.

Þegar búið er að marka eru kindur með nægjanlega stálpuð lömb settar í fjölbýli á meðan hinar sitja eftir. Þá er auðvelt að setja næstu kindur í þær stíur sem losna án þess að þurfa að bera gripi yfir milligerði eða fara í miklar tilfæringar. Áður en þetta kerfi var útbúið þurfti að færa til allar grindur ef til stóð að flytja kind sem var í einstaklingsstíu í miðri kró. Þegar blaðamann bar að garði í byrjun maí voru um fimmtíu ær bornar og reiknar Jóhannes með að í lok mánaðar verði sauðburðurinn að mestu búinn.

### *Afurðirnar í hæstu hæðum*

Afurðirnar á búinu hafa verið góðar undanfarin ár. Meðalfallþungi lambanna hefur verið í kringum tuttugu kílógrömm. Þau hafi oft verið í öðru eða þriðja sæti yfir afurðahæstu sauðfjárbú landsins en Jóhannes segist ekki hafa tekist að skáka búinu í Gýgjarhólskoti. „Enda náðum við okkur í hrút til hans í fyrra til að reyna að ná honum,“ segir Jóhannes glettinn.

Lykillinn sé að hugsa vel um féð, beita á góða afrétti og vera með góða haustbeit fyrir lömbin sem eru ekki tilbúin til slátrunar þegar þau koma heim. Kynbætur séu ekki aðalatriðið þótt þær hafi sitt að segja. „Umhverfisáhrifin eru svo sterk í þessu, tel ég. Þú nærð ekki árangri eingöngu með kynbótum.“ /ál



Efri-Fitjar eru í Fitjárdal í Vestur-Húnavatnssýslu. Þar reka tvær fjölskyldur þúsund kinda sauðfjárbú.

Knowledge grows

# Betri dreifing með **Yara**



Framleiðsluaðferð Yara tryggir að hvert áburðarkorn innihaldi rétt hlutföll næringarefna og er því hvert korn einsleitt sem er forsenda jafnari dreifingar. Brotþol korna leyfir dreifingu allt að 35 metrum og lágmarkar rykmyndun.

---

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2024**

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.



Bambahús endurnýtir plasttanka.

# Afhending Kuðungsins

**Sorpa og Bambahús eru handhafar Kuðungsins árið 2024.**

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, veitti umhverfisviðurkenninguna 2. maí. Auk þess fékk lögreglan á Vesturlandi sérstök hvatningarverðlaun Kuðungsins, en embættið hefur náð fullum orkuskiptum. Nemendur í 10. bekk Árbæjarskóla voru útnefndir Varðliðar umhverfisins árið 2024 fyrir samþætt umhverfisverkefni sitt um sjálfbæra þróun.

***Góður árangur í flokkun á lífrænum úrgangi***

Sorpa annast meðhöndlun úrgangs, rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, urðunarstað, gas- og jarðgerðarstöð og sex endurvinnslustöðvum, sem reknar eru samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin sem eiga Sorpu; Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Hlýtur Sorpa viðurkenninguna vegna þess góða árangurs sem náðst hafi í flokkun á lífrænum úrgangi á síðasta ári, í samstarfi við almenning. Ráðist hafi verið í mikilvæg umbótaverkefni sem gengu út á innleiðingu samræmds flokkunarkerfis og sérsöfnun matvæla á höfuðborgarsvæðinu.

***Endurvinnsla á bömbum***

Bambahús eru íslensk gróðurhús smíðuð úr galvaníseraðri stálgrind, klædd með 10 mm einangruðu gróðurhúsaplasti. Við hönnun og smíði Bambahúsa er talið að sýnt hafi verið eftirtektarvert frumkvæði með því að nýta hráefni sem annars hefði verið fargað eða það sent úr landi, til dæmis á bömbum sem eru þúsund lítra plasttankar gerðir úr plasti og galvaníseruðu járni. Vörur fyrirtækisins tali beint inn í hringrásarhagkerfið og sýni og sanni eina ferðina enn að það sem er úrgangur í augum eins getur verið gull í augum annars. */smh*

**Orkumál:**

# Fleiri kostir, meiri sveigjanleiki og bætt nýtni það sem koma skal

**Út er komin skýrslan Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar. Hún hefur að geyma um 50 tillögur sem m.a. snúa að sólarorku, sjávarorku, smávirkjunum fyrir vatnsafl, varmadæluvæðingu á smærri og stærri skala, bættri orkunýtni og sveigjanlegri orkunotkun.**

Í skýrslunni Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar segir að mikil gerjun eigi sér stað á orkumarkaði á Íslandi og að landsmenn þurfi að hafa sig alla við til að brjóta niður huglæga múra fyrir nýjum lausnum í orkuöflun og nýtingu hennar. Raforkuverð hérlendis sé það lágt að nýir orkukostir eigi erfitt uppdráttar í samkeppni við þá sem fyrir eru, vegna stofnkostnaðar og lágs söluverðs raforku. Þrátt fyrir það búi ákveðin svæði og landshlutar við hærra orkuverð en er ásættanlegt og mikilvægt sé að jafna orkukostnað hérlendis. M.a. sé mikilvægt að auðvelda bændum og landeigendum að virkja bæjarlækinn og nýta heimavirkjanir.

„Með slíkum aðgerðum gætu orðið til orkusamfélög sem gætu orðið sjálfstæðar eyjar í raforkukerfinu og sjálfar sér nægar um raforku. Kaup og sala raforku með tengingu inn á flutnings- og dreifikerfið er afar mikilvæg fyrir þessa aðila og þarf tenging að fást fyrir lægri kostnað en nú er," segir í skýrslunni. Varmadæluvæðing á landsbyggðinni spari mikla raforku og sé afar góður kostur til húshitunar.

Starfshópurinn telur að til að flýta fyrir orkuskiptum og nýjum orkukostum verði að einfalda leyfis- og umsóknarferla, sem nú taki of langan tíma.

***Orkusalar bjóði sveigjanleika í gjaldskrá***

Áréttuð er í skýrslunni nauðsyn þess að vekja almenning til umhugsunar um bætta orkunýtingu og hvetja orkusala til að bjóða upp á sveigjanleika í gjaldskrá, sem hvetji til betri orkunýtingar og álagsstýringar.



**Búast má við að sólarorkupanelar verði mun víðar hérlendis í framtíðinni og er ríkið hvatt til að ganga þar á undan með góðu fordæmi.**
Mynd / CommonSence

„Aflnotkun innan dagsins í almenna raforkukerfinu getur sveiflast um 200 MW og árstíðasveiflan milli júlí og desember er einnig um 200 MW, en til að setja það í samhengi þá er uppsett afl Hellisheiðarvirkjunar, næststærstu virkjunar landsins, um 300 MW í rafmagni. Það er því mikilvægt að leita leiða til að fletja út orkukúrfuna yfir daginn og lengja nýtingartíma flutnings- og dreifikerfisins með hagrænum hvötum og aukinni samkeppni orkusala," segir í skýrslunni.

***Liðka fyrir endursölu glatvarma***

Fram kemur einnig að stórir aðilar á raforkumarkaði séu að nýta glatvarma frá iðnaði og varmaskipta til að bæta nýtingu og notkun á heitu vatni. Fiskimjölsverksmiðjur hafi tækifæri til afhendingar glatvarma meðan þær eru í gangi nokkrar vikur eða mánuði á ári og í Vestmannaeyjum sé slíkur glatvarmi t.d. nýttur til húshitunar.

„Tryggja þarf að engar hindranir séu fyrir endursölu á glatvarma í formi raforku og heits vatns til að bæta nýtingu og auka framboð orku, en slík orka getur nýst m.a. sundlaugum í sveitarfélögum og til húshitunar, ein sér eða með öðrum orkugjöfum," segir jafnframt.

***Annað en vatnsafl +10 MW, jarðvarmi og vindur***

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði starfshópinn til að kanna helstu leiðir til bættrar orkunýtingar og orkuöflunar, með hliðsjón af sviðsmyndum um aukna orkuþörf vegna markmiða ríkisstjórnarinnar um full orkuskipti 2040. Var starfshópnum falið að skoða sérstaklega aðra orkukosti en þá sem felast í vatnsafli yfir 10 MW, jarðvarma og vindi og standa utan rammaáætlunar, með áherslu á sólarorku/birtuorku, sjávarorku og smávirkjanir fyrir vatnsafl. Jafnframt að skoða bætta orkunýtni og sveigjanlegri orkunotkun, m.a. varmadæluvæðingu og jarðhitaleit til að draga úr notkun raforku til húshitunar á rafhituðum svæðum. Um 10% landsmanna búa nú á rafhituðum svæðum þar sem ekki eru hitaveitur sem nýta jarðvarma.

Starfshópinn skipuðu þau Ásmundur Friðriksson alþingismaður, Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir, MSc. í sjálfbærum orkuvísindum og Lilja Rafney Magnúsdóttir, fv. alþingismaður. Starfsmaður hópsins var Hreinn Hrafnkelsson, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Skýrslan er aðgengileg á vef ráðuneytisins. */sá*

## Jöfnun orkukostnaðar

„Í vinnu starfshópsins kom fram að fjárhagslega væri oft hagkvæmast að fara í aðgerðir á landsbyggðinni til að flýta fyrir nýtingu nýrra orkugjafa og bæta orkunýtni, þar sem orkuverð væri hærra þar en á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnvöld þurfa að auka fjármagn til jöfnunar orkukostnaðar til að standa við fyrirheit í stjórnarsáttmála og aðgerðaáætlun byggðaáætlunar 2022–2026 um jöfnun orkukostnaðar á landsvísu, bæði varðandi jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og jöfnun húshitunarkostnaðar.

Stórnotendur raforku ættu að koma að fjármögnun jöfnunarkerfisins og greiða jöfnunargjald eins og aðrir raforkunotendur, en þeir eru undanþegnir því í dag.

Endurskoða þarf núverandi niðurgreiðslu- og styrkjakerfi vegna húshitunar og raforkudreifingar í dreifbýli til að hægt sé að nýta það betur til að styrkja verkefni á sviði bættrar orkunýtni og nýtingu nýrra orkugjafa, t.d. með eingreiðslum í stað árlegra niðurgreiðslna, líkt og gert er varðandi stofnstyrki til nýrra hitaveitna. Gæta þarf þó að því að slíkar breytingar hafi ekki í för með sér lægri niðurgreiðslur eða styrki á viðkomandi svæðum."

Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar, apríl 2024, bls. 15.



**„Orkustofnun verði falið að vinna greinargerð og fylgjast með þróun og stöðu á nýtingu sjávarorku í öðrum ríkjum," segir í nýju orkuskýrslunni. Myndin er af einni útfærslu Jóns Kristinssonar á úthafsölduvirkjun.**
Mynd / De ontwikkeling van een Golf en Deining Centrale, 2013-2021/Jón Kristinsson.

## Helstu tillögur um bætta orkunýtingu og orkuöflun

- Mótuð verði stefna og umgjörð um nýtingu sólarorku/birtuorku og sjávarorku.
- Löggjöf verði endurskoðuð, með hliðsjón af nýtingu sólarorku/birtuorku og sjávarorku.
- Einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar geti verið virkir notendur, þ.e. hafi kost á að framleiða og geyma orku til eigin nota, sem og selja inn á dreifikerfi eða til nágranna sinna.
- Mótað verði einfalt og skilvirkt leyfisveitingarferli og sett upp ein gátt fyrir umsóknir um leyfi og leyfisveitingar.
- Frá og með 2030 verði gerð krafa um að nýjar byggingar verði tilbúnar fyrir sólarsellur.
- Huga ætti að ívilnunum/hvötum til að hvetja til uppsetningar á sólarsellum í núverandi atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði.
- Huga þarf sérstaklega að því hvort leyfa eigi sólarorkuver á landbúnaðarlandi, að því gefnu að það hafi ekki áhrif á landbúnað og matvælaframleiðslu, en í því geta falist ný tækifæri og tekjumöguleikar fyrir bændur.
- Hugað verði að almennum reglum um staðsetningu stærri sólarorkuvera.
- Áfram verði stutt við nýsköpunarverkefni á sviði sjávarorku.
- Orkustofnun verði falið að vinna greinargerð og fylgjast með þróun og stöðu á nýtingu sjávarorku í öðrum ríkjum.
- Mikilvægt er að orkufyrirtæki fylgist áfram með þróuninni og taki þátt í verkefnum sem þau telja að geti skilað árangri varðandi rannsóknir og þróun á nýtingu sjávarorku hérlendis.
- Liðkað verði fyrir frekari nýtingu smávirkjana fyrir vatnsafl með einfaldari leyfisveitingum og lægri gjöldum fyrir tengingar við dreifikerfi raforku.
- Hækka þarf undanþágu frá virkjanaleyfi í 4. gr. raforkulaga úr 100 kW í 250 kW.
- Sérstakar örvirkjanir undir 100 kW verði skilgreindar í raforkulögum/reglugerðum og kveðið á um að þær greiði fyrir tengingu og dreifingu samkvæmt sérstakri og lægri gjaldskrá fyrir örvirkjanir.
- Lögð verði áhersla á bætta orkunýtni á rafhituðum svæðum, m.a. með áframhaldandi styrkjum við kaup á varmadælum og kröfum um orkusparandi búnað.
- Áfram verði stutt við jarðhitaleit á rafhituðum svæðum.

Fleiri tillögur má finna í Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar, apríl 2024.

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI




VALTRA Q305 TIL AFGREIÐSLU STRAX
EINNIG TIL AFGREIÐSLU STRAX
✓ VALTRA A115H4
✓ VALTRA A135LH
✓ VALTRA A115MH4
✓ VALTRA G135V
✓ VALTRA N175A
✓ VALTRA T195A
✓ VALTRA N155EA
AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is


ICEWEAR
ICELAND
Íslensk ullarfylling
Ullin hefur verið kjarni í þróun, hönnun og framleiðslu Icewear á fatnaði síðan 1972.
25% afsláttur til bænda út maí með kóðanum BONDI25
www.icewear.is
@icewearmagasin

Vínbændur:

# Minnsta framleiðsla í ríflega sextíu ár

**Alþjóðlegu vínsamtökin International Organisation of Vine and Wine (OIV) segja í skýrslu að útlit sé fyrir að árið 2023 hafi vínframleiðsla í heiminum verið sú minnsta í rúm 60 ár.**

Fyrir vínræktendur einkenndist árið 2023 af erfiðum áskorunum í formi sögulega lágs framleiðslu magns og hækkandi verðs en árið þótti einkennast af áhrifum alþjóðlegs verðbólguþrýstings. Vínframleiðsla ársins á heimsvísu nam um 237 milljónum hektólítra og er það 10% lækkun frá fyrra ári og minnsta ársframleiðsla síðan árið 1961, eða í 62 ár.

Yfirborð vínagarða heimsins hélt áfram að dragast saman, um 0,5% frá 2022 í 7,2 milljónir hektara í fyrra. Öfgar í veðurfari höfðu margvísleg alvarleg áhrif á víngarða um heim allan, ekki síst í formi sveppasjúkdóma, myglu og þurrka.

*Frakkland enn stærsti framleiðandinn*

OIV segja uppskeru hafa dregist saman á suðurhveli jarðar og í nokkrum af helstu vínframleiðsluríkjunum vegna erfiðra veðurfarsskilyrða. Safnað er saman upplýsingum um 29 lönd sem standa undir 94% af heimsframleiðslu.

Framleiðslumagn í Evrópusambandinu hafi minnkað og varð t.d. umtalsverður samdráttur á Ítalíu, Spáni og Grikklandi vegna öfga í veðurfari sem leiddu til myglu og þurrka. Frakkland hafi þó verið stærsti vínframleiðandinn í fyrra og magnið aðeins yfir fimm ára meðaltali. Þýskaland, Portúgal og Rúmenía héldu einnig sjó í framleiðslu sinni. Þá séu Bandaríkin yfir meðaltali síðustu ára og hafi heldur bætt við sig í framleiðslu frá fyrra ári.

*Mikill samdráttur á suðurhveli*

Á suðurhveli gegnir öðru máli þar sem framleiðslumagn víns árið 2023 er áætlað langt undir því sem var 2022. Ástralía, Argentína, Chile, Suður-Afríka og Brasilía urðu öll fyrir miklum áhrifum af erfiðu veðri á vaxtarskeiði vínþrúgna og olli það á bilinu 10–30% samdrætti milli ára. Undantekningin er Nýja-Sjáland sem var yfir fimm ára meðaltali. /*sá*



**Heimsframleiðsla víns árið 2023 dróst saman um 10% frá árinu á undan og er minnsta ársframleiðsla síðan árið 1961. Er öfgum í veðurfari ekki síst kennt um.** Mynd / OIV



Aðall frá Nýjabæ

Aðaleinkunn 8,64
F. Adam frá Meðalfelli
M. Furða frá Nýjabæ

Stóðhesturinn Aðall tekur á móti hryssum í sumar að Nýja-Bæ II í Borgarfirði.
Aðall er með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, hefur sannað sig sem kynbótahestur og alltaf fyljað mjög vel.

Aljón frá Nýjabæ



Aðaleinkunn 8,18
F. Fróði frá Staðartungu
M. Furða frá Nýjabæ

Stóðhesturinn Aljón tekur á móti hryssum í sumar að Nýja-Bæ II í Borgarfirði. Aljón gefur þæg hross, auðveld í tamningu og með góð gangskil.

Upplýsingar gefa Olla og Guðbrandur í síma 435-1233/866-0207



**Smáframleiðendur í Færeyjum með veltu undir tuttugu milljónum mega selja afurðir sínar þrátt fyrir að hafa ekki aðgang að vottuðu eldhúsi.** Mynd / Annie Spratt - Unsplash

Færeyjar:

# Heimaframleiðsla lögleg

**Heimaframleiðsla nefnist umgjörð sem sköpuð var til að heimila litlum aðilum í Færeyjum sölu á matvælum sem eru ekki framleidd í vottaðri aðstöðu.**

Nú eru 125 aðilar skráðir sem „heimaframleiðari“ og geta því á löglegan hátt selt ýmist beint til neytenda, veitingastaða eða í gegnum verslanir. Frá þessu er greint í skýrslu Norðurlandaráðs um sjálfsaflahlutfall eyríkjanna fimm á Norðurlöndum.

*Viðbót við iðnframleiðslu*

Þessi lausn er hugsuð sem viðbót við hina hefðbundnu matvælalöggjöf sem er frekar miðuð að iðnframleiðslu á matvælum, en árleg velta „heimaframleiðara“ má ekki fara yfir eina milljón færeyskar krónur, sem samsvarar 20,2 milljónum íslenskra króna. Fyrirkomulagið var sett á laggirnar árið 2016. Í færeysku matvælalöggjöfinni stendur í kafla um heimaframleiðslu að framleiðendur geti slátrað eigin dýrum og forunnið kjötskrokkana til eigin notkunar, beinnar sölu, eða sölu í gegnum birgja og smásala til neytenda á innanlandsmarkaði.

*Eykur veltu umtalsvert*

Þær matvörur sem má selja sem heimaframleiðslu eru lambakjöt, nautakjöt, alifuglakjöt, egg frá alifuglum, villtir fuglar, grindhvalir, hérar, grænmeti og ávextir sem eru fengin úr eigin ræktun eða veiði. Matvælin mega bæði seljast unnin og óunnin en skulu merkt með textanum „heimaframleiðsla, óløggild vøra“ og „unauthorized“ svo það komi skýrt fram að matvælin komi úr óvottaðri framleiðslu.

Í áðurnefndri skýrslu er tekið dæmi um sveitabæ þar sem stunduð er sauðfjárrækt. Með því að framleiða afurðir úr sínu eigin búfé og sameina framleiðslu matvæla við ferðaþjónustu gátu bændurnir aukið veltu sína fimm- til sexfalt samanborið við að selja allt kjötið til hefðbundinna afurðastöðva. Þá lögðu bændurnir sig fram við að skipta við aðra matvælaframleiðendur í nærumhverfinu sem efldi svæðið enn frekar.

Heimaframleiðsla er talin geta aukið tekjumöguleika lítilla aðila án þess að þeir þurfi að ráðast í íþyngjandi fjárfestingar, sem leiði aftur til aukinnar vöruþróunar. Einn af hvötunum fyrir að setja þessa umgjörð á laggirnar var meðal annars sá að varðveita matarhefðir og svara kalli ferðaþjónustunnar eftir hefðbundnum matvælum. /*ál*

Vísindi:

# Umhverfisbreytingar fjölga sjúkdómum

**Minnkuð tegundafjölbreytni, hnattræn hlýnun, mengun og útbreiðsla ágengra tegunda hefur gert smitsjúkdóma hættulegri fyrir menn, dýr og plöntur.**

Þessi áhrif hafa verið greind í rannsóknum sem hafa verið afmarkaðar við ákveðna sjúkdóma eða vistkerfi. Til að mynda hefur hlýnandi loftslag aukið útbreiðslu malaríu í Afríku og minnkuð tegundafjölbreytni í Norður-Ameríku hefur leitt af sér fjölgun tilfella af Lyme-sjúkdómnum.

Nú hefur verið framkvæmd safngreining sem birtist í vísindaritinu *Nature* þar sem teknar eru saman niðurstöður úr um það bil þúsund rannsóknum sem sýna að svipað mynstur eigi sér stað um allan heim. Frá þessu er greint í *The New York Times.*

*Einsleitni eykur sótthættu*

Hægt er að setja áhrifaþættina í fimm flokka: Breytt tegundafjölbreytni, loftslagsbreytingar, efnamengun, aðfluttar tegundir og breytingar eða tap á búsvæðum. Höfundar greinarinnar söfnuðu saman gögnum úr vísindagreinum sem skoðuðu hvernig að minnsta kosti einn þessara flokka höfðu áhrif á útbreiðslu og alvarleika sjúkdóma. Gagnasafnið innihélt rannsóknir sem skoðuðu smithættu hjá mönnum, dýrum og plöntum í öllum heimsálfum, að Suðurskautinu undanskildu.

Niðurstöðurnar sýndu að fjórir flokkar af fimm juku sótthættu og var minnkuð tegundafjölbreytni áhrifamesti þátturinn. Vísindamenn á sviðinu hafa staðhæft að það sé vegna þess að með fjölbreyttu tegundaúrvali náist útþynningaráhrif. Sníklar og sýklar þrífist best þegar nóg sé af hýslum og einblína þeir á þær lífverur sem eru algengar. Þegar tegundafjölbreytni dragist saman aukist hlutfall algengu lífveranna á kostnað þeirra sjaldgæfu sem hverfa. Eftir standi því einsleitt tegundaúrval sem henti vel til útbreiðslu sótta.

Fjölgun tilfella af Lyme-sjúkdómnum er oft nefnt í þesssu samhengi. Það má meðal annars rekja til þess að einn helsti geymsluhýsill sóttarinnar, hvítfótamús (l. *Peromyscus leucopus*), hefur fjölgað mikið á meðan öðrum spendýrum fækkar.



**Hvítfótamúsum (l. *Peromyscus leucopus)* hefur fjölgað í Norður-Ameríku á meðan öðrum spendýrum fækkar. Þær eru geymsluhýslar fyrir Lyme-sjúkdóminn og hefur tilfellum hans fjölgað af þeim sökum.** Mynd / J. N. Stuart - Flickr

*Sjúkdómar færri í borgum*

Hinir þrír flokkarnir auki sjúkdómaálag, eins og ef aðfluttar tegundir bera með sér áður óþekkt smitefni og getur efnamengun veikt ónæmiskerfi tegunda. Vegna loftslagsbreytinga hafa búsvæði tegunda flust til sem geti orðið til þess að ýmsar tegundir komist í snertingu við hvor aðra sem aldrei höfðu verið í návígi.

Sérstaka athygli vakti að breytingar eða tap á búsvæðum virtist ekki leiða af sér aukið sjúkdómaálag, sem í fyrstu gæti litið út fyrir að stinga í stúf við rannsóknir sem hafa bent til að skógareiðing auki hættuna á malaríu og Ebólu. Það sé hins vegar hin mikla útbreiðsla þéttbýlis og borga sem og búsvæðabreytingin sem þeim fylgi sem leiði af sér minni útbreiðslu sótta.

Það geti verið vegna þess að hreinlæti í borgum sé almennt meira og þar sé aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Það geti einnig skýrst af færri plöntum og dýrum sem geti flutt smitefni. Skert lífríki í borgum sé ekki endilega jákvætt og ekki hægt að ganga að því vísu að dýrin þar séu heilbrigðari. Í rannsókninni er því ekki haldið fram að skógareyðing sé af hinu góða. Það þurfi hins vegar að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað þar sem áhrifin geti verið mismunandi. /*ál*


Ruth Phoebe Tchana Wandji *Doktorsnemi í líffræðilegum fjölbreytileika, vistfræði og þróun*
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ
EKKERT ER STÆRRA EN NÁTTÚRAN
Landbúnaðarháskóli Íslands
LBHÍ Náttúrulega framúrskarandi háskóli
BÚFRÆÐI
BÚVÍSINDI
NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI
HESTAFRÆÐI
FRAMHALDSNÁM & RANNSÓKNIR
NORÐURSLÓÐAFRÆÐI
SKÓGFRÆÐI
LANDSLAGSARKITEKTÚR
SKIPULAGSFRÆÐI
WWW.LBHI.IS / Sími 433 5000



Ragnar Atli Tómasson hefur verið í forsvari fyrir íslenska wasabi-ræktun í tæpan áratug. Nú er wasabi ræktað á 2.000 fm og ársuppskeran nemur nokkrum tonnum. Hið íslenska wasabi er selt bæði hér innanlands og erlendis. Myndir / sá



Erla Vilhjálmsdóttir hefur vakað yfir wasabi-ræktuninni frá upphafi og gætt hinna mjög svo viðkvæmu plantna eins og sjáaldurs auga síns.

## Austurland:

# Aspir og wasabi ræktuð samhliða

### – Wasabi-duft á leið í verslanir og stórhuga asparræktun

**Nordic Wasabi er um þessar mundir að setja á innanlandsmarkað frostþurrkað wasabi-duft í hæsta gæðaflokki. Wasabi-ræktandinn, Jurt ehf., er jafnframt einn stærsti asparplöntuframleiðandi landsins.**

„Það var ekki eins og við hefðum vaknað einn morguninn árið 2015 og ákveðið að rækta wasabi heldur var þetta þróunarferli einnar hugmyndar til annarrar,“ segir Ragnar Atli Tómasson, einn upphafsmanna wasabi-ræktunar á Íslandi.

Hann stofnaði ásamt öðrum fyrirtæki fyrir að verða áratug, þá nýútskrifaður úr verkfræði, og langaði að nýta hin íslensku gæði; jarðhitann, rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum og hreina vatnið til að skapa útflutningsvöru með sérstöðu. Upphaflega hugmyndin sneri að matvælaframleiðslu, sem þrengdist niður í grænmetisræktun og á endanum varð wasabi niðurstaðan.

Jurt ehf. leigði tvö gróðurhús og plöntu-kæligeymslu í Fellum á Fljótsdalshéraði, þar sem skógræktarstöðin Barri starfaði áður, en keypti mannvirkin fyrir tveimur árum og hefur möguleika á að byggja fleiri gróðurhús á lóðinni.

Öflugur hluthafahópur stendur að baki félaginu sem hefur verið í stöðugum vexti frá stofnun þess, og sífellt með mörg járn í eldinum.

*Wasabi-duft á leið í búðir*

Til að byrja með var wasabi; rót, blöð og blóm plöntunnar, sent beint til kokka erlendis eftir að tengslum hafði markvisst verið komið á, en að sögn Ragnars Atla þyngdist regluverk um innflutning í Evrópusambandið og nú þarf heilbrigðisvottorð og sérstaka skoðun á hverja sendingu.

Í stað þess að senda vöruna beint til kokka erlendis er því verið að byggja upp kerfi dreifingaraðila í hverju landi fyrir sig. Samhliða þessari áskorun í flutningum og að koma vörunni nær neytendum, hefur fyrirtækið verið í vöruþróun og er nú að markaðssetja wasabi-duft í 20 gramma dósum.



Jurt ehf. hefur að markmiði að verða stærsti asparræktandi landsins, enda aukin eftirspurn eftir ösp vegna mikilla kolefnisbindandi eiginleika hennar.

„Þá er búið að frostþurrka bæði rótina og blaðstilkana og blanda í 100% hreint duft, en það er nánast ófáanlegt á heimsvísu, er alltaf þynnt út. Líka þykir mjög erfitt að ná bragðgæðunum í gegn án þess að nota íblöndunarefni, sem okkur hefur tekist,“ segir Ragnar Atli.

Þessi vara fer í sölu og dreifingu á næstu vikum á Íslandi. „Við erum líka komin í samstarf við O.Johnson & Kaaber-Ísam ehf. um dreifingu á allri ferskvörunni og nú einnig á duftinu í verslanir fyrir neytendur,“ segir hann. Duftið hafi langt geymsluþol og aðeins þurfi að blanda það í hlutfallinu 1/1 af vatni til að fá ferskt wasabi í fullum gæðum.

*Ætla sér stóra hluti í trjáplönturækt*

Við hliðina á wasabi-gróðurhúsinu í Fellum er annað eins gróðurhús og þar eru ræktaðir aspargræðlingar. Jurt ehf. stefnir að því að verða stærsti framleiðandi asparplantna á landinu. Fyrirtækið býr vel að því að hafa mjög stóra plöntu-kæligeymslu á lóðinni, sem byggð var í tíð skógræktarstöðvarinnar Barra.

„Ræktunarstærðin á þessum 2.000 fm hefur gefið mjög vel af sér svo að við teljum þetta nokkuð góða stærð miðað við wasabimarkaðinn,“ útskýrir Ragnar og heldur áfram:

„Við förum því að velta fyrir okkur tækifærum í stöðunni, hér á þessari sérhæfðu skógræktarstöð. Eftir að hafa aðeins litið í kringum okkur, sáum við að mikil eftirspurn er eftir skógarplöntum og kom í ljós að sérstaklega var vöntun á öspum. Hinar stöðvarnar hafa ekki verið að anna eftirspurn. Jafnframt bindur öspin mest kolefni. Nú er eftirspurn eftir skógarplöntum að miklu leyti vegna kolefnisverkefna og það var í raun og veru tækifærið sem við stukkum á,“ segir hann.

„Við stundum því stórtæka framleiðslu og vorum stærsti einstaki asparræktandinn á Íslandi í fyrra, með nokkur hundruð þúsund plöntur. Við verðum með annað eins núna og aukum svo í. Við munum horfa til fleiri trjátegunda, ásamt því að sérhæfa okkur í öspinni, og ætlum okkur stóra hluti,“ segir Ragnar Atli.

*Í samstarfi um vefjaræktun*

Umfang wasabi-ræktunarinnar hefur aukist stigvaxandi. „Við byrjuðum í gróðurhúsinu í einu horni og stækkuðum smám saman upp í allt rýmið, 2.000 fermetra,“ segir Ragnar Atli. Afkastagetan í fullri ræktun skipti tonnum árlega. Utan Japans er einn ræktunaraðili í Bretlandi, með útiræktun, en Ragnar Atli segist ekki hafa orðið var við aðra ræktendur á markaði í Evrópu. Hann segir wasabi-ræktun enda vandasama og erfitt að fá plöntur.

„Útvega þarf plöntur frá Japan og þarlendir vilja ekki endilega selja þær nema til þeirra sem þeir treysta. Það er erfitt að fjölga plöntunni með fræi og við höfum verið að vinna með Háskóla Íslands við vefjaræktun til þess að fjölga plöntunum. Þannig gerum við þetta í dag,“ segir hann.

*Íslenskt wasabi hjá Noma*

Ragnar Atli segist kominn þangað sem hann ætlaði sér með wasabiræktunina.

„Já, það hefur náðst mikill og góður árangur – en maður ætlar auðvitað alltaf lengra,“ bætir hann við. Í upphafi, eftir rúmlega tveggja ára undirbúning wasabiræktunarinnar, hafi fengist prýðileg uppskera sem seld var á fimm veitingastaði innanlands. Í kjölfarið var farið í útflutning.

„Eftir að wasabi hafði verið selt á veitingastað í Danmörku í stuttan tíma var hringt frá Noma, sem er frægasti veitingastaður í heimi, og þau vildu fá vöruna. Smám saman hefur það undið upp á sig og hróður Nordic-Wasabi breiðst út víða um lönd.“ Ragnar Atli segist nota wasabi mikið heima hjá sér.

Hann mælir sérstaklega með að nota það ekki aðeins með sushi, eins og fólki detti jafnan fyrst í hug, heldur líka með kjöti og fiski, út í sýrðan rjóma, eða jafnvel í kokteila. Wasabi sé líka virkilega gott með súkkulaði og í súkkulaðiköku þó að það kunni að hljóma undarlega. „Það eru ótrúlegir möguleikar,“ segir Ragnar Atli. */sá*

HEIÐURSVERÐLAUNAHESTURINN
Jarl frá Árbæjarhjáleigu II,
AE 8,78 IS2007186992
Jarl verður staðsettur í Hjarðarholti í Stafholtstungum, Borgarfirði, frá 25. júní – langt tímabil, í sumar.
Fram til 25. júní verður hann heima í Árbæjarhjáleigu II.
S. 864-6958

Hæsti dómur Jarls er:
Bygging 8,50 og hæfileikadómur 8,96. AE 8,78.
Foreldrar Jarls eru: Stáli frá Kjarri, AE 8,76 og Elding frá Árbæjarhjáleigu II, AE 7,90.
Verð fyrir fengna hryssu er kr. 186.000.
Innifalið er einn sónar og girðingargjald.
Jarl gefur sterkbyggð, gangörugg, lyftingargóð, alhliða hross, með afar góðan og þjálan vilja.
Jarl fékk heiðursverðlaun árið 2022.
Pantanir skulu berast Hrefnu B. Jónsdóttur í síma 863-7364 eða á netfangið hrefna@ssv.is

EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*




## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:
- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf




## Ég vil bara vera sprækur

**Einar Bárðarson var farinn að finna fyrir verkjum í hnjám við áreynslu, til dæmis þegar hann gekk upp tröppur. Hann segir að Active JOINTS hafi hjálpað sér frá fyrsta degi og hann hafi því mikla trú á virkni þess.**

„Fyrir um einu og hálfu ári las ég grein þar sem Hartmann reiðhjólamaður mælti með **Active JOINTS** frá Eylíf sem bætiefni fyrir liðina. Ég ákvað að prófa og fann mjög fljótt mikinn mun þannig að ég gæti að því að taka það inn daglega. Ef ég var kærulaus og gleymdi að taka **Active JOINTS** í nokkra daga fann ég mun á mér til verri vegar og passa því að sleppa ekki degi úr," útskýrir Einar.

„Ég fann fyrir sting undir hnéskelinni í tröppum og þegar ég reyndi á mig. Þetta er ekkert alvarlegt en ef maður finnur til veigrar maður sér við að gera ýmislegt sem annars er auðvelt. Ég vil vera sprækur eins og ég á að mér að vera," segir hann en Einar er þekktur fyrir að koma ýmsu í verk og er athafnasamur.

**Einar segir að vissulega skipti það miklu máli að varan sé að öllu leyti íslensk. „Ég treysti íslenskum náttúruvörum vel og finnst óþarfi að flækja hlutina ef það er hægt að fá góða vöru sem er framleidd hér heima," segir hann.**

Eftir þá góðu reynslu sem hann hafði af **Active JOINTS** ákvað hann að prófa líka **Happier GUTS** frá Eylíf sem er sérhönnuð íslensk vara gerð til að styrkja meltingarkerfið. „Það var sama með **Happier GUTS,** ég fann fljótt bætta líðan. Betri melting sem skilar sér í allar áttir í kroppnum. Þannig að ég hef tekið **Happier GUTS** nánast óslitið síðan ég kynntist vörunni. Ég get mælt með **Active JOINTS** og **Happier GUTS** frá Eylíf þar sem þær vörur hafa reynst mér vel," segir hann.

Einar er önnum kafinn maður með ýmislegt á prjónunum. Til dæmis heldur hann úti vinsælum hlaðvarpsþáttum, Einmitt, sem hafa verið í loftinu frá árinu 2022. „Ég nýt þess að eiga samtöl við fólk sem ég hef mætur á og vil jafnvel kynnast betur, ekki er verra að geta síðan deilt því áfram og framleitt þætti sem fólk hefur gaman af að hlusta á. Það er bara frábært," segir hann. „Viðtökurnar hafa farið fram úr öllum væntingum og mér hefur þótt rosalega vænt um það."

Fram undan er landsmót utanvegahlaupara sem nefnist Hengill Ultra Trail en Eylíf er einmitt styrktaraðili hlaupsins. „Ég kom inn í þetta verkefni árið 2017 en á stuttum tíma hefur það sprungið út þrátt fyrir Covid og alls kyns uppákomur. Keppendur í ár verða um það bil 1500, bæði innlendir og erlendir, þar á meðal eru um 150 erlendir hlauparar frá þrjátíu löndum. Hveragerði mun því breytast í alþjóðlega hlaupaborg yfir helgina 7. – 8. júní. Eylíf mun færa keppendum í öllum greinum sem komast á pall verðlaunagjafir," greinir hann frá.

Einar segist vel geta mælt með **Active JOINTS** fyrir alla hlaupara. „Ég hef heyrt ánægju með vöruna frá mörgum hlaupurum," segir hann. Þegar Einar er spurður hvort hann sé sjálfur duglegur að hreyfa sig, svarar hann: „Það fer nú eftir því hvern þú spyrð en líklegast er alltaf tækifæri til að gera betur."




## Gerir lífið mitt auðveldara

**Brenda Pretlove sjúkraliði hefur tekið inn Active JOINTS frá Eylíf til að minnka óþægindi í liðum sem hafa fylgt slitgigt hjá henni. Hún segist finna mun til hins betra eftir að hún kynntist vörunni.**

„Ég hef glímt við slitgigt í mörg ár en þeim fylgdu miklir liðverkir. Ég er öflug hestakona og fer daglega í hesthúsið þar sem ég er með þrjá hesta. Þar kynntist ég Ólöfu Tryggvadóttur sem framleiðir **Active JOINTS** og hún hvatti mig til að prófa vöruna. Ég gerði það og **Active JOINTS** hefur hentað mér einstaklega vel. Þótt það lækni ekki gigtina getur það haldið óþægindunum niðri og mér líður betur eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** reglulega," segir Brenda. „Það er alveg klárt að þetta hjálpar mér," bætir hún við. „Ég tel að það sé engin spurning að fæðubótarefni geta hjálpað fólki með slitgigt."

Brenda segir að hún hafi verið með verki í fingrum og slæm í annarri mjöðminni en **Active JOINTS** hafi algjörlega bjargað henni. „Mér finnst líka alveg frábært að þetta er íslensk vara unnin úr íslenskum hráefnum," segir hún. „Önnur dóttir mín er líka að taka inn **Active JOINTS** með góðum árangri og er áskrifandi að vörunni og fær hana heimsenda."

Brenda segist bæði hafa prófað **Stronger BONES** og **Happier GUTS** frá Eylíf og hafi mikla trú á þessum vörum. „Ég get mælt 100% með vörunum frá Eylíf," segir hún.



# Rýnt í endurskinshæfni skóga

## – Ýmsar hugmyndir um áhrif á endurkast sólarljóss

**Komið hefur fram í vísindagreinum að breyting á endurvarpi sólargeislunar gæti mögulega dregið úr áhrifum skógræktar sem loftslagsaðgerðar á vissum svæðum. Skoða þurfi svæðisbundin áhrif á endurkast af inngeislun sólar. Einhverjir hafa kallað þetta hræðsluáróður gegn skógrækt, aðrir segja að fara þurfi með aukinni gát.**



Teikning / Hlynur Gauti

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is



Skógrækt er auðvitað ekki heildarlausn í loftslagsmálum en vissulega hluti lausnarinnar, sé vel að henni staðið. Vísinda- og fræðafólk hefur um nokkurt skeið skipst á skoðunum um endurvarp (albedo) skóga og trjátegunda og gagnsemi skógræktar sem innleggs í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Loftslagsáhrif séu mismunandi eftir trjátegundum og þeim svæðum þar sem þau eru gróðursett. Til að ná góðum árangri í kolefnisbindingu þurfi að huga að tegundum, endurskini og í hvaða land á að planta. Aðrir segja þó að endurgeislun sé lítil hér á landsvísu og ólíklegt að hún hafi hnattræn áhrif.

Árið 2007 birtist t.d. vísindagrein (Bala, 2007) þar sem haldið var fram að endurheimt gróðurlenda með nýskógrækt og landgræðslu á norðlægum breiddargráðum ynni ekki gegn hlýnun andrúmsloftsins heldur gæti jafnvel aukið gróðurhúsaáhrifin í gegnum breytingar á endurskinshæfni. Í grein í tímaritinu *Nature* í febrúar sl. var varað við að nota skógrækt sem loftslagsaðgerð án þess að skoða svæðisbundin áhrif.

### *Ekki rök gegn nýskógrækt*

Grein sem birtist í mars í vísindatímaritinu *Nature Communications* (Hasler o.fl., 2024) hefur einnig vakið nokkra athygli. Þar reyndu höfundar að áætla loftslagsávinning þess að breyta skóglausu landi í skóg vítt og breitt um heiminn.

Ávinningurinn var metinn með því að vega saman annars vegar líkan um áætlaða kolefnisbindingu skógar og hins vegar áhrif sama skógar á endurskinshæfni viðkomandi svæðis; hve mikill hluti af geislum sólar endurkastast frá jörðu og út í geiminn og hve miklu skógurinn heldur eftir sem hita og sem bundnu kolefni.

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur hjá Landi og skógi, dr. Brynhildur Bjarnadóttir, líffræðingur og prófessor við Háskólann á Akureyri, dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, líffræðingur, skógfræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Arnór Snorrason, skógfræðingur hjá Landi og skógi og Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi hjá sömu stofnun, segja í sameiginlegu svari við fyrirspurn Bændablaðsins að ekkert í vísindagreininni sé rétt að túlka sem röksemdir gegn nýskógrækt. Tilgangur rannsóknarinnar hafi verið að finna þau svæði á hnettinum þar sem vænta mætti að nýræktun skóga gæti haft í för með sér mestan loftslagsávinning (mikla kolefnisbindingu og hátt endurskin). Í niðurlagi greinarinnar segi réttilega að nýskógrækt sé álitleg náttúruleg lausn í loftslagsmálum í heiminum, en engin heildarlausn (*e. no panacea*). Fleira þurfi að gera til að draga úr uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu en að gróðursetja tré.

> **Endurskinshæfni**
>
> Endurskinshæfni er mælikvarði á eiginleika tiltekins yfirborðs til að endurvarpa þeirri sólargeislun/orku sem lendir á yfirborðinu. Því lægri endurskinshæfni (albedo) – því minna endurkast; sem þýðir að meiri orka berst inn í vistkerfið."
>
> / BB



Aðalsteinn Sigurgeirsson.



Arnór Snorrason.



Bjarni Diðrik Sigurðsson.



Brynhildur Bjarnadóttir.

### *Staðbundin áhrif en ekki hnattræn*

Þau segja jafnframt að loftslagskerfið, sem þarna sé lýst með líkani, sé afar flókið og enn deilt um hvort breyting á endurskini sólarljóss á tilteknum stað á hnettinum leiði til hnattrænna áhrifa á hitafar á jörðinni.

Halldór Björnsson, fagstjóri veðurs og loftslags á Veðurstofu Íslands, hafi bent á þetta í nýlegu viðtali við fréttastofu RÚV. Sagði hann m.a. að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefði áhrif á hitastig í Ástralíu en breyting á endurskinshæfni, eins og með skógrækt eða með stórum hraunbreiðum eftir eldgos, gæti haft staðbundin áhrif á hita en ekki hnattræn áhrif. Hann benti um leið á að vísindalegar niðurstöður um áhrif þess að breyta skóglausu landi í skóg væru misvísandi.

### *Ekki áhrif á alþjóðlegar reglur*

„Walker o.fl. (2022) metur einungis mjög gróflega mögulegan framtíðarlífmassaforða við endurheimt skóga á skóglausum svæðum og ekki er metið hve hröð sú binding gæti orðið," segja þau Brynhildur, Bjarni, Aðalsteinn, Arnór og Pétur.

„Í viðauka við greinina er ljóst að líkönin sem notuð eru vanmeta mjög lífmassaforða í löndum sem stunda virka skógrækt. Einnig kemur á óvart hvað mögulegur lífmassaforði á Íslandi er metinn lágur miðað við t.d. nyrsta fylki Noregs. Það er á skjön við mæliniðurstöður um vöxt innfluttra trjátegunda hér á landi."

Þau telja að meira þurfi en niðurstöður þessarar einu greinar til að hafa áhrif á alþjóðlegar reglur og aðgerðir tengdar loftslagsmálum og bókhaldi um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda. „Bókhald gróðurhúsalofttegunda í löndum heims er unnið í samræmi við kröfur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) og reglur sem Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC) gefur út. Eitt bundið $CO_2$-tonn jafnar út losun á einu losuðu tonni af $CO_2$, óháð bindingaraðferð.

Náið er fylgst með loftslagsrannsóknum og út frá þeim eru gildi fyrir hitunaráhrif mismunandi gróðurhúsalofttegunda í sífelldri endurskoðun. Til að gildunum sé breytt þarf þó mjög ítarleg vísindaleg gögn. IPCC hefur a.m.k. tvisvar lagt til breytingar á hitunaráhrifum metans (CH4) og hláturgass (N2O) þar sem hitunaráhrif metans hafa verið hækkuð en hitunaráhrif hláturgass lækkuð. Þessar breytingar hafa haft töluverð áhrif á niðurstöðu bókhalds gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, þ.m.t. bókhald landnotkunar, landnotkunarbreytinga og skógræktar (LULUCF).

Á hinn bóginn hefur IPCC ekki talið rétt að breyta gildum vegna mögulegra staðbundinna hlýnunaráhrifa af breyttu endurskini vegna nýskógræktar. Þó eru sautján ár frá því að fyrsta vísindagreinin um slík möguleg staðbundin hlýnunaráhrif nýskógræktar birtist. Þetta þýðir að ekki liggja fyrir nægilega traust gögn sem sýna að staðbundin endurskinsáhrif hafi áhrif á lofthjúpinn," segja þau Aðalsteinn, Brynhildur, Bjarni, Arnór og Pétur.

LSB Lífeyrissjóður bænda

**Lífeyrissjóður bænda auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins.**

- Tvö sæti í aðalstjórn til þriggja ára.
- Tvö sæti í varastjórn til tveggja og þriggja ára.

Stjórnarkjör fer fram með rafrænum hætti.

Um almennt hæfi stjórnarmanna til setu í stjórn lífeyrissjóðs fer samkvæmt 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

**Framboðsfrestur er til og með 22. maí 2024.**

Framboð skulu sendast á netfangið **kjornefnd@lsb.is**.

- Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboðanna, má sjá á vef sjóðsins, www.lsb.is.
- Með framboði skal fylgja helstu upplýsingar um frambjóðanda ásamt mynd til birtingar á vef sjóðsins.
- Taka skal fram hvort framboð er aðeins til aðalmanns, er aðeins til varamanns eða aðalmanns og varamanns til vara.

**Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn fimmtudaginn 20. júní 2024 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.**

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf og niðurstöður rafræns stjórnarkjörs.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**

**Stórhöfða 23 – 110 Reykjavík – s. 563 1300**

**www.lsb.is – lsb@lsb.is**




**„Í grein Hasler o.fl. er birt kort sem sýnir nettóloftslagsáhrif nýskógræktar. Þar er gerð grein fyrir bæði breytingum á endurskini og kolefnisbindingu til að áætla hámark loftslagsmögnunar í koltvísýringsígildum ($CO_2e$) á hektara. Rauð og appelsínugul skygging gefur til kynna svæði þar sem endurheimt trjáþekju leiðir til nettó-hlýnunar; blár gefur til kynna svæði þar sem ræktun nýrra skóga leiðir til nettókælingar en daufgulur litur táknar lítil áhrif. Láglendi Íslands lendir, skv. þessari greiningu, í fremur hlutlausum flokki; í kringum núll (sýnt sem daufgult) þegar kemur að þessum nettó-loftslagsáhrifum. Að baki tölum um mögulega kolefnisbindingu skógar á hverjum stað á hnettinum liggur líkan Walker o.fl. (2022).“** *(AS, BB, BDS, AS, PH)*.



**Ingibjörg Svala Jónsdóttir.**



**Ólafur S. Andrésson.**



**Pétur Halldórsson.**



**Þóra Ellen Þórhallsdóttir.**

### *Barrskógar endurvarpa hvað minnstu*

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor í vistfræði við Háskóla Íslands, segist telja rétt að staldra við þegar farið sé út í umfangsmiklar breytingar á landnýtingu, með það að markmiði að vinna gegn hlýnun jarðar, og huga að öllu þeim þáttum sem sú breyting kunni að hafa áhrif á svo við „skjótum okkur ekki í fótinn“. „Þar með talið er einmitt minnkandi endurvarp, en barrskógar eru sú yfirborðsgerð lands sem hefur einna minnst endurvarp. Þennan þátt þarf því að vega inn og hin nýja vísindagrein í *Science* (Weber o.fl., 2024) bendir skýrt á að við ákveðnar aðstæður geti hlýnun vegna minnkandi endurvarps unnið upp hugsanlegan ávinning af bindingu gróðurhúsalofttegunda úr andrúmslofti í skóga. Um þetta snýst málið,“ segir Ingibjörg.

### *Grunnforsendan*

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands og Ólafur S. Andrésson, lífefnafræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands, útskýra að næstum öll orka sem berist inn í lífkerfi jarðar sé bundin af grænum plöntum á landi og af ljóstillífandi þörungum í sjó og vötnum.

„Plöntur nota orku sólarljóss til að mynda orkurík kolvetni úr einföldu hráefni, bara vatni og koltvísýringi. Ljóstillífun grænna frumna fjarlægir koltvísýring úr andrúmsloftinu en skilar súrefni í staðinn og þessi starfsemi plantna hefur á sl. 450 milljónum ára byggt upp súrefnisríkt andrúmsloft og núverandi lífsskilyrði á jörðinni. Orkan berst síðan frá plöntum um alla fæðukeðjuna, til grasbíta og rándýra og til sveppa og annarra niðurbrotslífvera.

Vefir plantna eru að mestu úr sellulósa (beðmi) og tréni, kolvetnum sem flestir hópar örvera geta ekki brotið niður. Þá geta vefir trjákenndra plantna orðið mjög gamlir. Við sumar aðstæður getur því liðið mjög langur tími frá því plöntur binda koltvísýring í vefjum sínum þangað til hann losnar aftur út í andrúmsloftið við rotnun, bruna eða meltingu dýra. Þetta er í stuttu máli grunnforsendan að baki þeirri hugmynd að nota langlífar trjákenndar tegundir til að fjarlægja koltvísýring úr andrúmslofti og draga þannig úr hlýnun jarðar af mannavöldum,“ segja Þóra Ellen og Ólafur.

### *Ljóst eða dökkt*

Um það hvort skógrækt sé ekki eins þénug til kolefnisbindingar hérlendis og almennt hefur verið talið segja Aðalsteinn, Arnór, Bjarni, Brynhildur og Pétur að betur þyrfti að kvarða þau líkön sem stuðst sé við í rannsókninni sem birtist í *Nature Communications* svo að þau gætu endurspeglað raunveruleikann á hverjum stað. Til þess þurfi mældar stærðir. Hérlendis liggi áætlaðar tölur fyrir um mögulega kolefnisbindingu í skógum mismunandi trjátegunda á mestöllu láglendi Íslands sem byggi á raungögnum. Þær séu mun áreiðanlegri grundvöllur að mati á mögulegri kolefnisbindingu ræktaðra, íslenskra skóga en tölur í líkani Walker o.fl. (2022) sem byggi á mælingum annars staðar á norðurslóðum.

„Ef gróðursett tré vaxa hægt verður kolefnisbinding ræktaðs skógar lítil. Þetta getur t.d. gerst í þurrkaeyðimörkum eða gresjum sunnan Sahara, í Mið-Asíu eða vestanverðri Norður-Ameríku vegna langvarandi þurrka. En segjum sem svo að forsendan sem höfundar gefa sér sé rétt og að staðbundin hitagleypni (vegna lægra endurskins) leggi sinn skerf til hnattrænnar aukningar hita í andrúmsloftinu: Endurskin ræðst þá af því hve mikil inngeislun sólar er á sama stað og hvort yfirborð lands er ljóst eða dökkt. Yfirborð fyrrnefndra þurrkaeyðimerkursvæða er að jafnaði ljósleitt (gulir sandar eða ljósar gresjur). Þar yrði ávinningurinn lítill með nýskógrækt vegna meiri ljósgleypni í hægvöxnum, dökkleitum skógi,“ segja þau.

### *Náttúruskógar með góðri aldursdreifingu*

Varðandi hvort íslensk skógrækt sé eins heppileg til kolefnisbindingar og talið hefur verið, segir Ingibjörg hins vegar að svarið velti á því hvers konar skógrækt sé um að ræða. Hún bendir í því sambandi á umfjöllun sína í grein, „Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagsaðgerð“, sem birtist í *Heimildinni* í október í fyrra.

„Skógrækt getur haft margvísleg markmið og ef sett eru skýr markmið og hugað að því að mæta þeim stöðlum sem settir hafa verið upp fyrir náttúrumiðaðar lausnir (Seddon o.fl., 2021, IUCN, 2020) má búast við talsverðum ávinningi til lengri tíma, sérstaklega ef skógræktin miðar að endurheimt náttúruskóga með góðri aldursdreifingu trjáa og líffræðilegrar fjölbreytni.

Ef vísað er til þeirrar skógræktar sem nú viðgengst hér á landi í nafni loftslagsaðgerða þar sem plantað er samtímis framandi tegundum í stór svæði, oft og tíðum vel gróið mólendi sem geymir umtalsvert magn kolefnis, er svarið afdráttarlaust nei,“ segir Ingibjörg og bætir við að vaxandi fjöldi rannsókna styðji að vænlegasta leiðin til að auka bindingu vistkerfa til lengri tíma sé endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar með talið skóga (Lewis o.fl., 2019, EEA, 2022).

### *Meiri áhrif á norðlægum slóðum*

Innt nánar eftir útskýringu á því hvað átt er við með að endurskin geti dregið úr áhrifum af kolefnisbindingu skóga á vissum svæðum en ekki öðrum, svarar Ingibjörg að sé spurningin um hvort áhrif skógræktar á endurvarp hafi mismunandi áhrif eftir svæðum þá sé svarið já. „Rannsóknir sýna að áhrif skógræktar á endurvarp eru meiri á norðlægum slóðum en í hitabeltinu (Betts, 2000, Weber o.fl., 2024). Þetta skýrist m.a. af tvennu, annars vegar dregur skógrækt enn meira úr endurvarpi vegna snjóþekju á norðlægum slóðum, hins vegar er minni losun á rokgjörnum efnum og örsmáum kvoðuögnum (e. aerosols) frá gróðrinum þar vegna lægra hitastigs. Í hitabeltinu dreifa þessi rokgjörnu efni og kvoðuagnir inngeislun og vega þar með að hluta upp minnkandi endurvarp yfirborðs skógarins,“ segir hún.

### *Gæti mest norðanlands og austan*

„Þegar sól skín á yfirborð jarðar gerist tvennt: Hluti geislunarinnar endurkastast út í geiminn en jörðin gleypir hluta sólarorkunnar og hún breytist í varma,“ segja þau Þóra Ellen og Ólafur og halda áfram: „Þessi varmi dreifist á endanum um lofthjúpinn og veldur loftslagshlýnun. Það fer eftir því hversu dökkt yfirborðið er hvað það dregur mikinn hluta sólargeisla í sig og hversu stórum hluta er endurvarpað.

Þannig er endurskinshlutfall góðs spegils 1,0 (100%) en alsvarts yfirborðs 0,0 (0%). Enska orðið albedo vísar til þess hlutfalls sólargeislunar sem er endurkastað frá jörðu og hefur verið þýtt sem endurskinshæfni. Hátt gildi segir að miklu sé endurkastað en lágt að mikið sé tekið upp.

Endurskinshlutfall barrskóga er oft um 0,1 en graslendis oft um 0,3. Þannig veldur breyting á graslendi í barrskóga 20% aukningu á ísogi sólargeisla og þar með varmaaukningu í lofthjúpnum.

Með því að meta mynstur sólargeislunar og endurskins er hægt að áætla þá aukningu eða minnkun á varma sem nær til lofthjúpsins,“ segja þau. Barrskógar séu dökkir yfirlitum, mun dekkri en laufskógar, og að auki haldi barrtrén nálum sínum yfir veturinn meðan lauftrén verði lauflaus.

„Snjór hefur hátt endurskinshlutfall (gjarnan um 0,8) og þar sem snjór stendur fram eftir vori getur orðið umtalsverð aukning á ísogi sólarljóss við að planta barrskógi á svæðið. Ísogað sólarljós breytist að mestu leyti í varmaorku sem fer til hlýnunar lofthjúpsins.“ Þóra Ellen og Ólafur segja þessi áhrif líkleg til að vera mest norðanlands og austan en minni á Suðurlandi, og geti vegið upp kælingarávinning af kolefnisbindingu.

Þau benda á umfjöllun Ólafs á vefnum náttúruvinir.is um tvær greinar sem birtust í *Nature* og *Science*, sem fjalli báðar um hvernig endurskinsáhrif kunni að vega upp að hluta eða gera að engu jákvæð loftslagsáhrif aukinnar kolefnisbindingar með skógrækt.

***Framhald á næstu opnu.***



**„Þrjátíu og fjögurra ára laufskógur (alaskaaspar) í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Engin trjátegund á Íslandi bindur kolefni hraðar en öspin. Náið hefur verið fylgst með þessum tilraunareit frá því hann var gróðursettur árið 1990. Þarna hefur mælst örasta kolefnisbinding í nokkrum íslenskum skógi.“** *(AS, BB, BDS, AS, PH).* Mynd / Aðalsteinn Sigurgeirsson.



Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

*Ekki lægra endurskin á meginþorra landsins*

Um áhrif endurskins eftir svæðum segja Aðalsteinn, Arnór, Bjarni, Brynhildur og Pétur:

„Sum svæði jarðar, s.s. gresjur og þurrkaeyðimerkur sunnar á hnettinum, endurkasta vel sólarljósi því sandurinn (t.d. í Sahara eða Gobi) er gulur. Á öðrum svæðum (norðar eða uppi í fjöllum) getur legið snjór stóran hluta ársins og þar sem er snjór er endurskin hátt – og hærra en í snjólausum skógi.

Á láglendi Íslands er loftslagið hafrænt og því er landið ekki hulið samfelldum snjó nema hluta vetrar. Skv. rannsókn Brynhildar og Bjarna er inngeislun sólar auk þess lítil yfir vetrartímann, vegna norðlægrar hnattstöðu landsins (65-66°N) og endurskinið þar með lítið líka. Gögnin í þeirri rannsókn sýna breytileika í endurskini yfir vaxtartímann (vor, sumar og haust) en breytileiki yfir vetrartímann er óverulegur. Fyrri hugmyndir vísindamanna (t.d. Bala o.fl., 2007) gerðu ráð fyrir að snjóþekja yfir vetrartímann réði mestu um að hámarka endurskin frá landi. Þær hugmyndir hafa breyst í seinni tíð og er nú tekið tillit til inngeislunar og endurskins allt árið, með eða án snjóþekju.

Þar að auki ber að hafa í huga að stór hluti Íslands er ógróið eða illa gróið eldfjallaland og því dökkleitt. Því eru hvorki líkur á því að aukin gróðurþekja dragi úr endurskini, né að skógrækt eða landgræðsla leiði til lægra endurskins á meginþorra landsins. Aðgerðir í þá veru gætu hins vegar aukið verulega bindingu kolefnis í skógi, öðrum gróðri og jarðvegi,“ segir hópurinn.



„Hér er dæmi um stafafuruskóg (barrskóg) sem gróðursettur var í örfoka, sandorpið hraun á Hafnarsandi í Ölfusi árið 2009. Stafafuruskógurinn er nú kominn í mannhæð og samkvæmt Skógarkolefnisreikni (https://reiknivel.skogur.is/) er stafafuran þar enn aðeins farin að binda árlega innan við eitt tonn af $CO_2$ á hektara. Við 30–35 ára aldur nær árleg binding hámarki, u.þ.b. 13 tonnum $CO_2$/ha/ári. Þar við bætist binding í jarðvegi og sópi. Hægt væri að auka bindinguna enn frekar með því að gróðursetja sitkagreni, birki og fleiri tegundir, en stafafuran fóstrar og nærir trjátegundir sem eru kröfuharðari á gæði jarðvegs.“ *(AS, BB, BDS, AS, PH).* Mynd / Aðalsteinn Sigurgeirsson.



„Skóglendi með blöndu trjátegunda á mörkum Norðurkotslands og Snæfoksstaða í Grímsnesi á uppstigningardag, 9. maí 2024. Lauftrén eru ekki enn farin að laufgast. Ljósu trén á myndinni eru alaskaaspir og líklega með hæst endurskin. Innan um aspirnar eru sígræn sitkagrenitré, tiltölulega dökk á lit. Ung stafafura er í reitnum á hægri hönd. Gamla birkikjarrið (í forgrunni og til hægri á myndinni) er yfir árið með hæsta endurskinshlutfallið, með skýrum sveiflum milli árstíða. Á þessum árstíma er birkið dökkt á lit og endurskinshlutfallið lágt.“ *(AS, BB, BDS, AS, PH).* Mynd / Halldór Sverrisson




„Áður en stafafuran á ljósmyndinni var gróðursett fyrir 15 árum var svæðið dökkur sandur og hraun, líkt og sést í forgrunni myndarinnar. Endurskinið var lágt og hitagleypnin há. Þar sem svæðið liggur nærri suðurströnd landsins er þarna vetrarmilt og sitjur snjór sjaldan lengi yfir vetrarmánuði. Ungi stafafuruskógurinn hefur frá því hann komst á legg í senn bundið kolefni og aukið endurskinið.“ *(AS, BB, BDS, AS, PH).* Gröf / Aðsend




„Áætluð árleg binding (í tonnum $CO_2$ á hektara) mismunandi trjátegunda á sömu slóðum í Grímsnesi, skv. Skógarkolefnisreikni. Við þessa bindingu sem sýnd er á myndinni, bætist losun eða binding í jarðvegi og sópi. Sú binding getur numið nokkrum tonnum $CO_2$ á hektara og ári.“ *(AS, BB, BDS, AS, PH).*

*Lauftré eða barrtré?*

Spurt er hvort betra sé að rækta lauftré fremur en barrtré með tilliti til kolefnisbindingar. Um það segja þau Aðalsteinn, Brynhildur, Bjarni, Arnór og Pétur að svo sé ekki endilega. „Lerki, sem er það barrtré sem mest hefur verið ræktað á Íslandi, fellir barrið á veturna eins og lauftrén og hefur þá ljósara yfirbragð en t.d. lauflaust birki. Allur gróður, sígrænn eða lauffellandi, veldur hærra endurskini en dökkleit basalthraun, sandar og annað lítt gróið land.

Rannsóknir Brynhildar og Bjarna sem kynntar voru á nýafstaðinni Fagráðstefnu skógræktar (rannsóknarverkefni/vöktun á endurskini mismunandi gróðurlenda í Þjórsárdal frá árinu 2012) sýna að birkiskógur í Þjórsárdal hafði ívið hærri endurskinshæfni en sígrænn barrskógur í næsta nágrenni. Sandauðnir á sömu slóðum gleypa í sig meiri varma og þar á sér stað lítil sem engin kolefnisbinding. Kolefnisbinding og hraði kolefnisuppsöfnunar var mun hærri í barrskóginum (sitkagreni og stafafuru) en hjá birkinu. Þetta verður því allt að vega og meta í samhengi,“ segja þau.

*Draga úr neikvæðum áhrifum nytjaskógræktar*

„Sé aðeins horft til kolefnisbindingar er sennilega ekki betra að rækta lauftré frekar en barrtré,“ segir Ingibjörg og heldur áfram: „Ef tekið er tillit til annarra þátta eins og endurvarps inngeislunar er svarið væntanlega já, því sumargrænn trjágróður endurvarpar mun meiri inngeislun en sígrænn barrviður. En spurningin er að mestu leyti ómerk því skógrækt er ekki góð loftslagsaðgerð eins og hún er stunduð hér á landi í dag.

Hvað varðar skógrækt sem loftslagsaðgerð er mikilvægt að huga að öllum þeim þáttum sem skógræktin mun hafa áhrif á. Setja ber skýr markmið um endurheimt náttúruskóga, velja staðsetningu vel og huga vel að öllum þáttum sem aðgerðirnar kunna að hafa áhrif á.

> „... þar sem snjór stendur fram eftir vori getur orðið umtalsverð aukning á ísogi sólarljóss við að planta barrskógi á svæðið.“
>
> ÞEÞ og ÓSA

Önnur skógrækt, eins og t.d. nytjaskógrækt, getur einnig átt rétt á sér út frá samfélagslegum og efnahagslegum þáttum en alls ekki sem loftslagsaðgerð eða aðgerð til verndunar líffræðilegs fjölbreytileika. Nytjaskógrækt þarf þá að finna réttan stað og huga að því hvernig megi draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem slík skógrækt hefur á líffræðilega fjölbreytni, minnkandi endurvarp.“

Ingibjörg segir mikilvægast að hafa í huga að fara ekki af stað með umfangsmiklar breytingar á landi í nafni loftslagsaðgerða með plöntun framandi trjátegunda sem sumar hverjar séu ágengar, oft á landi sem þegar geymi mikinn kolefnisforða, án þess að huga að öðrum og oft óafturkræfum afleiðingum eins og neikvæðum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni og minnkandi endurvarpi inngeislunar.

„Allra árangursríkast er engu að síður að hverfa frá notkun jarðefnaeldsneytis,“ segir hún.

*Álitamál tengd endurskinshæfni og skógrækt*

„Okkur er kunnugt um mikilvæga samanburðarrannsókn Brynhildar Bjarnadóttur og Bjarna Diðriks Sigurðssonar á endurskinshæfni ólíkra gróðurlenda, þ.m.t. barrskóga á Suðurlandi og það verður spennandi að sjá niðurstöðurnar þegar þær birtast,“ segja Þóra Ellen og Ólafur. „Lauftré endurkasta stærri hluta sólarljóss en barrtré, og endurkast laufskóga að vetri og fram eftir vori er mun minna en hjá barrskógum. Lerki, sem er sumargrænt barrtré, svipar til lauftrjáa hvað þetta varðar,“ segja þau jafnframt og bæta við að líkt og hjá barrskógum, sé lítið endurkast af dökkum, gróðursnauðum auðnum.

„Stundum hefur nytjaskógrækt hérlendis verið lýst þannig að verið sé að skipta berangri út fyrir barrskóg. Staðreyndin er hins vegar sú að skógrækt hérlendis (að birki undanskildu) hefst næstum alltaf á grónu landi.

Við höfum ekki fundið nýlegar tölur frá Skógræktinni en fram til ársins 2008 hafði ríflega helmingur allrar skógræktar byrjað í mólendi, um 20% skiptust jafnt á milli graslendis og birkilendis en 11% voru í hálfgrónu eða lítt grónu landi (Björn Traustason og Fanney Ósk Gísladóttir, 2008). Í drögum að Landsáætlun í skógrækt var gert ráð fyrir að nota birki í rýrt land, sitkagreni og stafafuru í vel gróið land, rússalerki í rýrt land og alaskaösp í frjósamt land,“ segja Þóra Ellen og Ólafur. Þessi sundurliðun hafi þó verið tekin út í lokaútgáfu landsáætlunarinnar.

*Skiptir máli fyrir loftslagsbókhaldið*

„Ísland hefur hlutfallslega hvað minnsta skógarþekju allra þjóðríkja jarðar. Skógar á Íslandi – þar með talið lágvaxið birkikjarr – þekja í heildina um 2% landsins og áform eru uppi um að rækta skóga til viðbótar á 0,6% landsins fyrir árið 2040. Á sama tíma er áformað að hefja vinnu við aukna útbreiðslu birkiskóga þannig að þeir þeki um 5% landsins á næstu áratugum. Þó þetta sé lítið hlutfall af heildarflatarmáli landsins, getur það skipt töluverðu máli fyrir loftslagsbókhald Íslands. En skógarnir þjóna auðvitað mun fleiri hlutverkum en bara að binda kolefni. Skógarnir skapa verðmæti (þ.m.t. útivistargildi), skapa störf í dreifbýli, auka skjól, bæta vatnsbúskap, hreinsa loft, minnka hávaða og draga úr jarðvegseyðingu,“ segja þau Aðalsteinn, Arnór, Bjarni Diðrik, Brynhildur og Pétur að endingu.

Ljóst er að enn eru ekki öll kurl komin til grafar í umræðunni um skógrækt og áhrif á endurkast af inngeislun sólar.



limtrevirnet.is

# HVERNIG KEMUR HURÐIN UNDAN VETRI?

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol** hurðir frá Límtré Vírnet



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu og gæði hurða.

**Kynntu þér úrvalið á Limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412 5370 | Netfang: hurdir@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023







Mjölormar eru fitu- og próteinríkir. Í verkefninu verður skoðað hvort fóðra megi mjölorma með tómata- og gúrkublöðum sem síðan nota megi til fóður- og matvælaframleiðslu. Til hægri má sjá þá gæða sér á brauðafgöngum, bjórhrati og lúpínufræjum. Myndir / Aðsendar

Hliðarafurðir garðyrkju:

# Fóðra mjölorma til fóður- og matvælaframleiðslu



Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Í samstarfsverkefni Matís og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) er unnið að því að kanna möguleika á að nýta hliðarafurðir úr íslenskri ylrækt, tómata- og gúrkublöð, til að fóðra mjölorma með til fóður- og matvælaframleiðslu.**

Að sögn Evu Margrétar Jónudóttur verkefnastjóra er þetta verkefni angi annarra verkefna sem hafa verið unnin hjá Matís á undanförnum misserum og ganga út á betri nýtingu hliðarafurða frá garðyrkju, sem annars er sóað, til verðmætasköpunar við matvælaframleiðslu. Þá skarist verkefnið við vinnu sem hafi verið unnin í LbhÍ á undanförnum árum sem snýst um fóðrun mjölorma á brauðafgöngum, bjórhrati og lúpínufræjum til fóðurframleiðslu.

### *Geta mjölormar brotið niður óæskileg efni?*

Mikið magn af tómata- og gúrkublöðum fellur til í ylrækt á Íslandi, sem ekki er nýtt í dag að neinu marki til verðmætasköpunar og með nýlegri gildistöku laga hér á landi er bannað að urða þennan úrgang.

Eva segir að í fyrri verkefnum Matís hafi sjónum verið beint að nýtingu á næringarríkum plöntuhlutum og afskurði sem fellur til við ylrækt til beinnar matvælaframleiðslu, öðrum en tómatablöðum því í þeim finnist efni sem geti valdið eitrunaráhrifum. „Því er vert að kanna hvort mjölormarnir geti brotið þessi efni niður með einhverjum hætti svo þau skili sér ekki í lokaafurð. Það stendur þá til að gera mælingar á þessum efnum sem og aðrar efna- og örverumælingar bæði í fóðri og í lokaafurð mjölormanna.



Eva Margrét Jónudóttir.



Rúna Þrastardóttir.

Vegna þess að við höfum verið svo mikið að skoða hliðarafurðir garðyrkju og aukna nýtingu þeirra þá hafði ég samband við Rúnu [Þrastardóttur hjá LbhÍ] með þessa verkefnahugmynd því ég vissi að hún hefði verið að gera tilraunir með mjölormana," segir Eva um forsögu verkefnisins en það er styrkt af Matvælasjóði.

„Með verkefninu er lagður grunnur að ræktun og nýtingu skordýra á Íslandi til að framleiða prótein til fóður- og matvælaframleiðslu sem og að styrkja garðyrkjuframleiðslu í landinu með því að auka fullnýtingu innan greinarinnar."

### *Ekki allt hráefni leyfilegt til fóðurframleiðslu*

„Við höfum undanfarin ár verið að horfa meira og meira í nýtingu hliðarafurða frá garðyrkju. Eins og svo oft áður þá eru ótal margar leiðir sem hægt er að fara en að finna einhverja bestu leið getur verið snúið. Þegar við horfum til þess hvernig er hægt að skapa sem mest virði þá eru gjarnan einhverjar takmarkanir eða vandamál sem þarf að leysa til þess að hlutirnir gangi hreinlega upp. Það er þannig með hinar ýmsu hliðarafurðir að þó þær falli til við matvælaframleiðslu þá flokkast þær ekki endilega sem matvæli eða eru yfir höfuð leyfilegt hráefni til framleiðslu á fóðri eða fæðu," útskýrir Eva enn fremur.

„Núna er Rúna hjá Landbúnaðarháskólanum að gera fóðurtilraunir þar sem mjölormar fá þrjár mismunandi fóðurblöndur, hefðbundið fóður auk gulróta sem er til viðmiðunar, hefðbundið fóður auk tómatblaða og svo hefðbundið fóður auk gúrkublaða. Í kjölfarið þegar mjölormarnir eru orðnir fullvaxta munum við framkvæma mælingar á þungmálmum og varnarefnum í lokaafurð ásamt því að mæla önnur óæskileg efni, eins og sólanín og tómatín sem vitað er að finnst í tómatablöðum og geta valdið eitrunaráhrifum, og aðrar efna- og örverumælingar bæði í fóðri og í lokaafurð mjölormanna.

Ef allt gengur upp samkvæmt plani þá ættum við að geta birt niðurstöður í desember á þessu ári."

### *Mikilvæg verðmætasköpun*

Eva bendir á að ákveðið óhagræði sé í söfnun hliðarafurða í garðyrkju hér á landi þar sem talsverðar vegalengdir geti verið á milli garðyrkjustöðva. „Garðyrkjustöðvar erlendis eru alla jafna langtum stærri einingar og minni vegalengdir á milli þeirra. Það getur því ekki staðið undir kostnaði að flytja hliðarafurðir milli staða til frekari vinnslu nema sú vinnsla gefi vel af sér eða standi í það minnsta undir framleiðslukostnaði. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt fyrir okkur að finna hliðarafurðum farveg sem er mikils virði.

Á meðan hliðarafurðir ylræktar eru að stærstum hluta vatn þá innihalda mjölormaafurðir hátt hlutfall bæði próteina og fitu. Lirfur mjölorma er hægt að nýta sem fóður fyrir fiskeldi, alifugla eða svín ásamt því að hægt er að nýta þær til manneldis. Með því að nýta hliðarafurðirnar í mjölormafóður skapast þannig verðmæti. Þau eru fólgin í því að taka verðlausan lífmassa á því formi sem hann ekki nýtist og umbreyta honum í hráefni sem nýtist sem fóður eða fæða. Ef þessi aðferð gengur upp þá aukum við fæðuöryggi á Íslandi samhliða því að þróa fjölbreyttari framleiðsluaðferðir við matvælaframleiðslu."

### *Aukin framleiðsla og aukið magn hliðarafurða*

Eva segir að nú sé lagður grunnur að ræktun og nýtingu skordýra á Íslandi til að framleiða prótein til fóður- og matvælaframleiðslu, ásamt því að styrkja garðyrkjuframleiðslu í landinu með því að auka fullnýtingu innan greinarinnar.

„Aukin eftirspurn eftir matvælum leiðir jafnframt til aukins magns hliðarafurða úr matvælavinnslu. Á sama tíma gera neytendur auknar kröfur um minni sóun og umhverfisvænni vörur. Skilvirk nýting og stjórnun á hliðarafurðum er afar mikilvæg fyrir hagnýtingu á vannýttum lífmassa, aukinni verðmætasköpun og leið að sjálfbærri nýtingu."

VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ




- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

# Vortilboð

***Steinar úr graníti.***
***Tilboð 1-5, val um grátt eða svargrátt.***
***Allt innifalið samkvæmt myndum, uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi fylgir eða frí sending um allt land.***
***Geymum steina ef óskað er.***

***Tilboð 1 - 640.000***
***Án blómaramma 530.000***




***Tilboð 2 - 565.000***
***Án blómaramma 455.000***




***Tilboð 3 - 460.000***
***Án blómaramma 360.000***




***Hægt að setja 2 nöfn***

***Tilboð 4***
***185.000***

***230.000 með lukt og ledljósi***




***TILBOÐ 6***
***Demantur - passar líka á duftleiði***
***149.000 (199.000 með lukt)***




***Svartur***




***Paradiso***

***Tilboð 5***
***185.000***

***230.000 með lukt og ledljósi***







***Blár***




***Grár***

***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***
***Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri***

**Hrossarækt:**

# Frysta hrossasæði til notkunar hérlendis og til útflutnings



**Hulda Finnsdóttir**
hulda@bondi.is

**Guðmundur Viðarsson og Jóhanna Þórhallsdóttir, hrossa- og ferðaþjónustubændur í Skálakoti, eru að reisa einangrunar- og sæðingastöð á jörðinni Efra-Holti í Vestur-Eyjafjallahreppi.**

Starfsemi stöðvarinnar hefst á næsta ári en þar mun m.a. vera í boði að frysta hrossasæði til notkunar hérlendis og til útflutnings.

Guðmundur og Jóhanna rækta hross kennd við Skálakot og reka þar ferðaþjónustufyrirtæki þar sem þau bjóða upp á gistingu og dagshestaferðir. Vantaði þau orðið meira land undir starfsemina og festu kaup á jörðinni Efra-Holt sem er í næsta nágrenni. Á jörðinni var gott íbúðarhús og gömul fjárhús og þar mun sæðinga- og einangrunarstöðin vera staðsett.

„Við kaupum Efra-Holt aðallega með það í huga að við gætum komið þar upp góðri aðstöðu fyrir starfsfólkið okkar. Það hefur hins vegar lengi verið draumur hjá mér að opna alhliða einangrunar- og sæðingastöð til að geta boðið upp á frystingu á hrossasæði en það hefur ekki tíðkast hér á landi. Hugmyndin er að geta boðið íslenskum ræktendum upp á að geyma djúpfryst hrossasæði úr stóðhestum þeirra, bæði til að nota hér heima en einnig til útflutnings.

Ein krafan til að geta flutt út hrossasæði er sú að stóðhestarnir þurfa að vera ákveðið lengi í einangrun áður en tekið er úr þeim, því er Efra-Holt kjörinn staður fyrir stöðina en þar eru engin hross og munu aldrei vera, nema þá bara stóðhestarnir sem verða á stöðinni,“ segir Guðmundur.

Sæðingastöðin er enn á byggingarstigi og stefnir Guðmundur á að hún verði klár fyrir næsta sumar. Byggði hann tengibygginguna á milli fjárhúsanna tveggja sem voru á jörðinni. Í öðru fjárhúsinu verður stóðhestahúsið með stíum fyrir fimm stóðhesta og í hinu verða tvær stíur fyrir hryssur og aðstaða til að taka sæði úr stóðhestunum. Í tengibyggingunni er síðan aðstaða til að vinna sæðið til að m.a. djúpfrysta það, undirbúa fyrir útflutning og geymsla fyrir djúpfryst sæði.



Tullis Matson, Kate Ashmore, Skýr frá Skálakoti, Guðmundur Viðarsson, Katrin Wagner, Helga Björt Bjarnadóttir og kúturinn sem geymir djúpfryst sæði.
Myndir / hf

### *Frumkvöðlastarf í nafni Skýs*

Guðmundur er ræktandi og eigandi stóðhestsins Skýs frá Skálakoti ásamt Jakobi Svavari Sigurðssyni. Skýr er Sleipnisbikarhafi og hefur notið mikilla vinsælda sem kynbótahestur. Hann hefur undanfarin ár verið í sæðingum en þar kviknar áhugi Guðmundar á frystingu á hrossasæði.

„Ef stóðhestur slær í gegn hér á landi hefur eigandinn um tvennt að velja; annaðhvort selja hestinn út eða eiga hann áfram og nota hann til ræktunar hér heima sem takmarkast við þann fjölda hryssna sem verið er að halda hér á landi á ári. Með því að geta boðið upp á útflutning á frosnu sæði opnum við fyrir risastórum markaði, eða heiminn allan. Við erum þó ekki bara að hugsa um þetta upp á útflutning heldur líka til að geta geymt fryst sæði fyrir stóðhestaeigendur sem hægt væri að nota seinna meir.“



Einangrunar- og sæðingastöðin í Efri-Holtum er langt á veg komin. Byggð var tengibygging á milli tveggja gamalla fjárhúsa sem voru á jörðinni.

Nú þegar hafa þau Jóhanna og Guðmundur fjárfest bæði í byggingu á húsakosti sem og í tækjabúnað og segir Guðmundur tekjur af stóðhestinum Ský spila stórt hlutverk í að geta látið þennan draum rætast.

„Við höfum verið svo heppin að okkur hefur gengið vel fjárhagslega með Ský og erum við Jóhanna svolítið að eyða ágóðanum af honum í þetta verkefni. Mér finnst við geta gefið af okkur til íslenskrar hrossaræktar og sé fyrir mér að svona sé Skýr að auka framlag sitt til hrossaræktarinnar. Þetta er ákveðið frumkvöðlastarf í hans nafni.“

### *Leyfisvinnan eftir*

Útflutningur á hrossasæði hefur ekki tíðkast á Íslandi en er alþekktur víðs vegar í heiminum. Guðmundur hefur enn ekki sótt um leyfi en sér ekkert því til fyrirstöðu að geta ekki flutt hrossasæði úr landi.

„Það er í rauninni alveg absúrd ef ég mætti ekki flytja fimm skammta úr hesti úr landi en ég má flytja út hestinn með ótakmarkað magn af hrossasæði.

Ég hef fengið bréf með staðfestingu á því að ég megi flytja út hrossasæði en ég mun þurfa að fá leyfi inn í Evrópubandalagið og Bandaríkin. Það eru þessi stærstu Íslandshestasvæði en það er ekkert til fyrirstöðu að senda líka t.d. til Ástralíu ef áhugi væri fyrir því.

Ég kem til með að sækja um leyfin þegar ég get sýnt fram á starfsemi í Efri-Holtum, ég hef ekki viljað kallað yfir mig alla pappírsvinnuna meðan starfsemin er enn á byggingarstigi.“

### *Byrjuð að frysta sæði*

Undirbúningur er þó hafinn að fullu og í lok apríl var byrjað á að frysta og þíða sæði í Skálakoti með það að markmiði að fylja hryssur í sumar til að sýna fram á að þetta virki.

„Það mun flýta fyrir mér í sölunni næsta vor en ég veit að fyrsta spurning sem ég mun fá er hvort sé hægt að búa til folöld úr djúpfrystu sæði. Það er rosalega gott að geta svarað þeirri spurningu játandi,“ bætir Mummi við.

*Framhald á næstu opnu.*




Horses of Iceland
Ert þú og þitt bú aðili að Horses of Iceland?
Aðild að markaðsverkefninu Horses of Iceland hefur marga kosti.
Með þátttöku færðu þú:
• Meiri sýnileika á viðburðum hér heim og erlendis
• Meiri sýnileika á samfélagsmiðlum
• Betri kjör við markaðssetningu
Að auki færðu tækifæri til að:
• Styðja við útbreiðslu íslenska hestsins
• Auka verðmætasköpun innan geirans
• Tryggja viðgang markaðssetningar á íslenska hestinum
Hafðu samband í dag til að skrá þig til leiks.
horsesoficeland@horsesoficeland.is
horsesoficeland
horsesoficeland
horsesoficeland.is

Dýralæknarnir Helga Björt Bjarnadóttir og Katrin Wagner munu starfa á sæðingastöðinni í Efri-Holtum næsta sumar. Þær reka saman dýralæknafyrirtækið Dýralæknar Katrin og Helga ehf. og voru m.a. með Ský frá Skálakoti í sæðingum í Hemlu II sl. sumar. Vorið 2023 ákvað Helga Björt að fara til Englands á námskeið hjá Tullis Matson og fyrirtæki hans, Stallion AI, sem hefur verið leiðandi fyrirtæki við sæðingar og frystingu á sæði í yfir 30 ár. „Að námskeiði loknu byggðum við upp mjög gott vinnusamband við Tullis og hans teymi hjá Stallion AI. Síðan þá höfum við verið í góðu sambandi við þau, fengið ráðleggingar varðandi vinnslu á fersku og kældu sæði, ásamt því að ræða framtíðarmöguleika á frystingu sæðis hér á landi,“ segir Katrin.

### *Krefjandi og fræðandi*

Tullis Matson kom fyrst til Íslands í ágúst á síðasta ári og hélt fyrirlestur fyrir dýralækna á Dýralæknaþinginu. „Eftir fyrirlesturinn kynntum við Tullis fyrir Guðmundi í Skálakoti, og Guðmundur bauð í kjölfarið Tullis í heimsókn í Skálakot. Það var þá sem var ákveðið að hittast aftur í apríl á þessu ári til að frysta sæði og koma þessu verkefni af stað. Síðan þá hefur farið mikill tími og vinna í undirbúning,“ segir Helga Björt.

Undirbúninginn segir Katrin hafa legið bæði í samskiptum við teymið úti hjá Stallion AI og erlend fyrirtæki vegna pantana á þeim tækjum og tólum sem nauðsynleg eru til að geta unnið og fryst sæði. Einnig hafi þurft að undirbúa þá stóðhesta sem taka átti sæði úr til frystingar.

„Til að geta tekið sæði úr hestunum var nauðsynlegt að hafa aðgang að merum í látum, en það er ekki sjálfgefið svo snemma vors, því byrja þurfti að taka sæði úr hestunum í lok mars, byrjun apríl. Með hjálp og góðri kunnáttu frá Tullis, Kate og Pam hjá Stallion AI og góðum aðbúnaði Guðmundar í Skálakoti, höfum við nú fryst sæði úr fimm stóðhestum sl. þrjá daga,“ segir Helga Björt.

„Einnig sæddum við fyrstu hryssuna, hana Klukku, með frystu sæði. Til að geta sætt meri með frystu sæði þarf að fylgjast grannt með egglosi því þú vilt sæða merina eins nálægt egglosi og hægt er.“



Til að fyljunarhlutfallið sé sem best þarf að hugsa út í öll smáatriði og það þarf lítið út af að bregða til að árangurinn verði lakari. Hér er tekið sæði úr stóðhestinum Ellert frá Baldurshaga.



Í þessum kút eru geymdir frosnir sæðisskammtar. Þetta er 40 lítra kútur og ofan í honum eru geymd svokölluð strá en undir venjulegum kringumstæðum er einn sæðisskammtur sex strá. Möguleiki er þó að nota fleiri eða færri eftir gæði sæðisins.



Dýralæknarnir Helga Björt Bjarnadóttir og Katrin Wagner munu starfa á sæðingastöðinni í Efri-Holtum næsta sumar.



## Staðfest fyl

Þegar þessi grein kom út höfðu þær Helga Björt og Katrin sónarskoðað merina Klukku sem sædd hafði verið með frystu sæði úr Hrímni frá Hemlu II. Sú sónarskoðun var jákvæð með 16 daga fyli og því má vænta folalds út frá þessu verkefni vorið 2025.

Sónarskoðun fer fram á átta tíma fresti. „Þetta eru búnir að vera mjög krefjandi en ótrúlega fræðandi og skemmtilegir dagar. Það er mjög gaman að vinna með Tullis og erum við ótrúlega þakklátar að fá að taka þátt í þessu verkefni með Guðmundi. Í sumar munum við síðan halda áfram að frysta sæði og síðan sæða merar með frystu sæði í von um að það fæðist einhver folöld næsta sumar eða vor,“ segir Katrin.

### *Áhersla lögð á að bæta fyljunarhlutfallið*

Sæðingar með frystu sæði hafa ekki verið stundaðar hér á landi í mörg ár. Einhverjar tilraunir voru gerðar, en var árangurinn ekki talinn nægilega góður til þess að aðferðin fengi mikinn hljómgrunn.

Tullis Matson ásamt samstarfskonu sinni, Kate Ashmore, kom hingað til lands til að leiðbeina þeim Katrínu og Helgu Björt. Tullis stofnaði Stallion AI Services Ltd. í Bretlandi fyrir 30 árum og er það ein farsælasta sæðingastöð stóðhesta í Evrópu. Fá þau um 120 stóðhesta á hverju ári, dressúrhesta, kappreiðarhesta, hindrunarstökkhesta og einstaka íslenska stóðhestinn.

„Síðustu árin höfum við verið að fullkomna tækni okkar við að frysta sæði og vinna í að bæta fyljunarhlutfallið. Við höfum einstakt lag á að frysta hrossasæði og teljum að með tækninni okkar sé hægt að fá gæða sæði hvar sem er. Okkur var sagt að ekki væri hægt að frysta sæði úr íslenskum hesti og fylja hryssur en við teljum að það sé ekki rétt,“ segir Tullis og bætir við: „Síðustu daga höfum við verið að sýna þeim Helgu Björt og Katrinu hvernig við gerum þetta og nú þegar höfum við sýnt fram á það að þetta er vel hægt. Þeir sæðisskammtar sem við höfum fryst og afþítt hafa litið frábærlega út.“

Tullis leggur áherslu á að til að fyljunarhlutfallið sé sem best þurfi að hugsa út í öll smáatriði og það þarf lítið út af að bregða til að árangurinn verði lakari.

„Það þarf að horfa á allt ferlið. Hvernig er hugsað um stóðhestinn, hvað er hann að borða, hvernig er heilsufar hans? Hvernig er sæðið tekið? Er stóðhestinum þvegið um skaufann? Hvaða íblöndunarefni er notað? Tímasetning sæðingarinnar er líka mjög mikilvægur partur. Dýralæknirinn sem síðan sæðir með frosna sæðinu þarf líka að vita hvað hann er að gera. Allt eru þetta mjög mikilvægir hlutir af ferlinu en mikilvægast er kannski hvernig sæðið er fryst og þar hefur tæknin okkar skilað góðum árangri.

Við höfum verið að gera þetta í yfir 30 ár og er þetta stór hluti af starfsemi okkar. Við höfum fengið mjög góðar niðurstöður og oft jafngóðar og þegar sætt er með kældu sæði. Auðvitað er ferskt sæði alltaf frjósamasta leiðin en ef ekki er hægt að nota stóðhestinn eða spurning um að flytja út sæði eða vernda ákveðið erfðaefni þá þarf ekkert að ræða mikilvægi þessarar aðferðar.“

### *Mikilvægt fyrir ræktendur íslenska hestsins*

Að ná góðum tökum á sæðingum með frystu sæði segir Tullis vera mjög mikilvægt fyrir íslenska hrossaræktina. Hægt sé að dreifa erfðaefninu án þess að flytja hestinn úr landi og einnig með frystingu á sæði sé hægt að geyma dýrmætt erfðaefni í jafnvel 1.000 ár.

„Þessi aðferð hefur verið mjög vinsæl erlendis í mörg ár. Dýralæknar á Íslandi hafa helst úr lestinni en áhuginn er að vakna sem gleður mig. Það er mikil synd að þessi aðferð hafi ekki verið meira notuð á Íslandi, sérstaklega fyrir ræktendur.

Hér ertu með bestu hestana og ef þú flytur þá úr landi þá fá þeir aldrei snúið aftur. Með þessari tækni er hægt að flytja út erfðaefni þeirra án þess að flytja þá sjálfa úr landi og einnig er hægt að varðveita erfðaefni hjá hestum löngu eftir að þeir eru dauðir,“ segir Tullis.


ÖRYGGISVÖRUR
FYRIR VINNUSVÆÐI

Öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón.
Eigum úrval öryggislausna á frábæru verði fyrir vinnu- og framkvæmdasvæði!



VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is



Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

# Búvís

www.buvis.is Sími 465 1332





Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3 metra KDT-300
kr. 1.890.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3,4 metra KDT-340
kr. 2.090.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél miðjuhengd 3,4 metra KT-340
kr. 2.490.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél miðjuhengd 3,9 metra XT-390
kr. 3.390.000.- án vsk
Samasz Sláttuvél m.h. knosara 3,0 metra KT301S
kr. 3.290.000.- án vsk

Samasz framsláttuvél 3,4 metra KDF340
kr. 2.490.000.- án vsk
Samasz framsláttuvél 3,4 metra m. knosara KDF341S
kr. 3.090.000.- án vsk

Samasz rakstrarvél 4,70m Z-470
kr. 1.495.000.- án vsk
Samasz rakstrarvél 4,7 m dregin UNO-470
kr. 1.898.000.- án vsk
Samasz rakstrarvél 8,4m. tveggja stjörnu Z2-840
kr. 4.890.000.- án vsk

Samasz heyþyrla 8,90 m P8-890
kr. 3.490.000.- án vsk









POWER STRETCH

BAL'ENSIL




# MIKIÐ ÚRVAL AF RÚLLUPLASTI

## PANTIÐ SEM FYRST!

| | |
|---|---|
| Rani 50 cm Hvítt | 14.990.- án vsk |
| Rani 75 cm Hvít / Grænt | 15.990.- án vsk |
| Balensil 75 cm Hvítt | 16.290.- án vsk |
| Balensil 75 cm Grænt | 16.290.- án vsk |
| Powerstrech 75 cm Svart | 14.990.- án vsk |
| Powerstrech 75 cm Hvítt | 15.590.- án vsk |
| Supergrass 75 cm Hvítt | 16.290.- án vsk |
| Supergrass 75 cm Grænt | 16.290.- án vsk |





Bjarni Stefánsson er starfandi stjórnarformaður Fóðurstöðvar Suðurlands sem er sameign loðdýrabænda.


Fóðurstöð Suðurlands er í iðnaðarhúsi á Selfossi. Myndir / ál


Minkafóðrinu er hægt að líkja við kjötfars hvað varðar útlit og áferð.

## Loðdýrarækt:

# Úrgangur endurunninn sem fóður

**Á Selfossi er starfrækt Fóðurstöð Suðurlands sem framleiðir fóður fyrir fimm af sex minkabúum landsins. Hráefnið er að stærstum hluta fisk- og sláturúrgangur sem annars færi til spillis.**

Bjarni Stefánsson, starfandi stjórnarformaður, segir að skilgreina mætti Fóðurstöð Suðurlands sem endurvinnslufyrirtæki og hafi hugsanlega verið eitt af þeim fyrstu á því sviði.

„Við erum að minnka kolefnisspor landsins með því að vinna lífrænan úrgang,“ segir hann og vísar þar til skýrslu sem var gerð á vegum verkfræðistofunnar Eflu árið 2019.

Þegar mest var á fyrri hluta síðasta áratugar voru framleidd 3.300 tonn af fóðri á ári. Nú sé framleiðslan undir helmingi af því sem hún gæti verið.

Lykillinn að góðu minkafóðri sé ferskt hráefni og hreinlæti. „Þetta er raunverulega eins og að elda mat,“ segir Bjarni og líkir afurðinni við kjötfars hvað varðar útlit og áferð.

Þar sem hráefnið komi yfirleitt allt úr matvælavinnslu væri tæknilega hægt að nýta minkafóðrið til manneldis þó Bjarni segist ekki hafa lagt það sér til munns. Lítil sem engin lykt finnst af minkafóðrinu í vinnslusalnum.

### *Hráefnið innlent*

Hann segir að yfir 90% af hráefnunum sé úrgangur úr matvælavinnslu, 60–70% komi úr sláturhúsunum og 20–30% komi úr fiskvinnslu.

Nálægt 10% innihaldsins sé bygg sem sé til að binda fóðrið saman og sé leitast við að nota innlent. Þá sé fóðrið vítamín- og steinefnabætt og blandað með sýru til þess að auka geymsluþol. Hráefnið geti því verið nær alfarið íslenskt. Um þessar mundir sé sláturúrgangurinn aðallega frá kjúklingarækt, en fóðurstöðin hafi einnig nýtt innmat úr öðru búfé.


Sævar Jóelsson og Bjarni Stefánsson hjá Fóðurstöð Suðurlands. Þeir eru báðir minkabændur á Suðurlandi.




„Þetta hefur rokkað eftir því hvað er hentugast að vinna og hvernig framboðið er af hverju efni,“ segir Bjarni. Vegna samdráttar í framleiðslunni séu ekki notuð eins mörg hráefni og áður sem leiði af sér einfaldari framleiðslu.

Frá fiskvinnslunni komi aðallega hryggir og hausar sem verða eftir við flökun. Sævar Jóelsson verkstjóri segir nýjustu viðbótina í hráefnaflóruna vera seiði sem misfarist hjá fiskeldinu sem hafi verið notuð á tímabili og gáfu góða raun. Fóðurstöðin fær greitt úrvinnslugjald fyrir þann úrgang sem hún tekur við og telur Sævar þá aðila sem nýta þennan farveg vera þakkláta fyrir að eiga fóðurstöðina að. Bjarni bætir við að þetta sé afar hagkvæm leið til endurvinnslu þar sem ekki þurfi að hita hráefnið eða gera miklar breytingar á því.

### *Breytilegt milli árstíða*

Orkuþörf minkanna er mismunandi eftir árstíðum. Yfir háveturinn er framleitt orkuminnsta fóðrið, en Bjarni segir að þá skipti ferskleikinn höfuðmáli til þess að pörun og meðganga dýranna heppnist sem best. Minkalæðurnar gjóta á vorin og eftir því sem hvolparnir færa sig meira frá mjólk þurfi að auka orkuna í fóðrinu, sem trappast svo upp og er það sterkast síðsumars og á haustin.

Yfir háveturinn er keyrt með fóður á bæina einu sinni í viku þar sem það geymist betur í kuldanum og þörfin er minni. Á vorin og fram í júní er keyrt tvisvar í viku og eftir það er keyrt þrisvar í viku fram í desember. Fóðrið er geymt í einangruðum sílóum á búunum.

### *Sex tonn í einu*

Hráefnið kemur á Fóðurstöðina í körum og er sett inn á kæli. Síðan er það hakkað til að fara beint í fóðurgerð eða fryst í blokkir sem fara í geymslu.

Þegar fóðrið er framleitt úr frosnum blokkum eru þær fyrst mölvaðar með sérstökum brjót áður en hráefnið fer í hakkarann. Þegar unnið er með ferskt fóður fer það beint í hakkavélina þaðan sem það fer í blandara. Eftir það fer fóðrið í síló, þaðan sem hægt er að dæla því beint á tankbíl.

Sævar segist blanda sex tonnum í einu og tekur ferlið einn og hálfan tíma. Fóðurbíllinn tekur mest fjórtán tonn, en þar sem flest minkabúin eru nálægt Selfossi er hægt að keyra út á milli þess sem útbúin er næsta blanda.

Þegar búið er að vinna fóðrið og koma því á búin greiða bændur nálægt fjórutíu krónum fyrir kílóið, sem Bjarni segir aðallega skýrast af miklum fastakostnaði sem hafi aukist hlutfallslega eftir að framleiðslan minnkaði.

Sævar Jóelsson verkstjóri er eini starfsmaður fóðurstöðvarinnar í fullu starfi á meðan einn bílstjóri sinnir útkeyrslu í verktöku þegar þess þarf. Fyrirtækið er í sameign loðdýrabænda. */ál*

# SUMARTILBOÐ

## 10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/24-01

# KYNNINGAR-TILBOÐ

## á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m²

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GRÓÐURHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GRÓÐURHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m²



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m²



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m²



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m²

www.volundarhus.is

VH/24-02

## Póstþjónusta:

# Samdráttur samfélags



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Póstþjónusta landsmanna hefur verið hitamál svo lengi sem menn muna og ekki síst nú í ár.**

Skellt hefur verið í lás á tugum pósthúsa víða um land á undanförnum árum en í yfirlýsingu Póstsins nýverið kom fram að tekin hefði verið ákvörðun um að loka alls tíu pósthúsum til viðbótar nú í júní.

Um ræðir lokun pósthúsa á Fáskrúðsfirði, Eskifirði, Breiðdalsvík og í Neskaupstað innan Austurlands, á Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði og Hvammstanga á Norðurlandi og svo í Grundarfirði og Búðardal á Vesturlandi.

Við eftirgrennslan kom í ljós að íbúar þessara byggðarlaga virðast sammælast um að eftirsjá sé að persónulegri þjónustu og þó nokkuð er um að þeir vilji flytja viðskipti sín yfir til annarra flutningafyrirtækja. Þar bar helst á góma nöfn á borð við Vörumiðlun og Dropp sem að sögn reynast ódýrari kostur en Pósturinn.

Um áramótin tók Íslandspóstur ákvörðun um að hætta dreifingu á fjölpósti á borð við auglýsingabæklinga og fjölmiðla í dreifbýli. Er ein uppgefinna ástæðna fyrirtækisins, að í takt við umhverfisstefnu þess leiti það stöðugt leiða til að draga úr sóun, sem m.a. er hægt að sporna við með þessum hætti. Vegna þessa var t.a.m. Bændablaðinu gert að nafnmerkja og plasta tölublöð sín sem rata eiga til bænda.

### *Niðurgreiðslu ríkissjóðs hætt*

Forsvarsmenn Íslandspósts vilja meina að ástæða minnkandi þjónustu heilt yfir sé að dregið hafi verulega úr eftirspurn afgreiðsluþjónustu innan pósthúsanna en á vefsíðu Póstsins kemur fram að frá árinu 2010 hafi fjöldi bréfasendinga dregist saman um 74% á sama tíma og pakkasendingar hafi margfaldast.

Samkvæmt vefsíðu póstsins standa þá eftir alls 27 pósthús á landsvísu.



Íbúar í dreifðari byggðum landsins upplifa skerta þjónustu samfélagsins sem mismunun á lífsgæðum. Hér glyttir í Hænuvík, ysta bæinn í sunnanverðum Patreksfirði. Myndir / ál

Póstboxin á móti eru nú nær hundrað talsins og áætlað er að fjöldinn verði 120 í árslok. Til þess að nýta sér sendingarþjónustu með póstboxum þarf að virkja sjálfvirkar greiðslur á Mínum síðum eða í svokölluðu Póst-appi. Fækkun pósthúsa og stöðugilda í vinnu er allt liður í hagræðingaraðgerðum Íslandspósts og sem þróun fyrirtækisins úr bréfafyrirtæki í pakkafyrirtæki.

Til viðbótar hefur verðskrá breyst allnokkuð síðastliðin ár, m.a. í kjölfar lagabreytinga um póstþjónustu árið 2021. Þá var ekki lengur kveðið á um niðurgreiðslu ríkissjóðs af hluta þess kostnaðar sem til féll við póstþjónustu dreifðra byggða. Í kjölfarið var Íslandspósti einungis heimilt að viðhafa sömu verðskrá um allt land á bréfum undir 51 grammi.

### *Breytingarnar óvinsælar*

Ljóst er að mikil hækkun kostnaðar vegna póstsendinga þeirra sem búa utan þéttbýlis hafi verulega neikvæð áhrif á íbúana, sem og notkun snjalltækja og tölvu sem ekki allir hafa tækifæri til að tileinka sér. Þetta eru þó þeir þegnar landsins sem eiga hvað síst greiðan aðgang að póstþjónustu, sem og annarri.

Guðjón Bjarnason, bóndi í Hænuvík í sunnanverðum Patreksfirði, segist horfa á heiminn þróast yfir í algera yfirtöku ýmiss konar snjalltækja.

„Með því að leggja niður pósthúsin nú í sumar, lítur út fyrir að heilsársvegur verði frá okkar svæði að Ísafirði, enda væntanlega ekki langt þar til pósthúsið á Patreksfirði verði lagt niður eins og annars staðar. Það verður einhver bíll á ferðinni hérna sem sinnir þessu líkt og landpósturinn forðum gerði, sem mun þjónusta okkur vitleysingana sem kjósa að búa afskekkt.

Auðvitað bjuggu fleiri í dreifbýli þá en nú, en í dag skiptir byggð eins og á Vestfjörðum þjóðfélagið engu máli. Landbúnaður er að verða búinn á Vestfjörðum, þau eru að tínast út, búin," segir Guðjón sem sér fyrir sér að innan nokkurra ára verði þjónusta póstbílsins runnin sitt skeið.

Honum þykir miður að fólki, búsettu utan byggðar, sé mismunað og fái ekki þá þjónustu sem áður hefur verið.







Guðjón Bjarnason.

„Við verðum bara að kyngja þessu og skapa okkur eigin tilveru með þeim verkfærum sem við höfum – án þess að vonast til eða ætlast til þess að samfélagið sé að þjóna okkur," segir hann, sem ásamt fjölskyldu sinni nýtir landgæði jarðar sinnar til sjálfsþurftarbúskapar.

Guðjón bendir á að því miður séu Vestfirðirnir ekki eina dæmið, t.a.m. sjái kunningjar hans í Borgarfirði eystra þessa sömu þróun hverfandi þjónustu. Sveitamenningin farin, kirkjur, skólar og samfélagið sem heild ekki til.

### *Fólk á landsvísu er uggandi*

Einhverjir eiga bágt með að aðlaga sig nýjustu tækni, öðrum þykir fækkun starfa í sínu nærumhverfi miður og enn aðrir telja póstþjónustuna sem slíka sér runna úr greipum og upplifa sig lítið geta spornað við þeirri framvindu. Sem dæmi má nefna ályktun frá Verkalýðsfélagi Suðurlands árið 2022 þar sem stjórn stéttarfélagsins mótmælti fyrirhugaðri lokun póstafgreiðslustöðva á Hellu og Hvolsvelli. Stóð í ályktuninni að fyrir lægi að með þessari ákvörðun hyrfu störf af svæðinu og við það væri ekki unað. Fór þó svo að lokunin gekk eftir og þjónustar pósthús Selfoss nú byggðarlög Suðurlands að mestu auk pósthússins í Vík.

Þótt gagnrýnin augu landsmanna beinist ef til vill helst að byggð og strjálbýli utan höfuðborgarsvæðisins eru íbúar borgarinnar ekki undanskildir. Til að mynda fengu íbúar Vesturbæjar og nágrennis úthlutuðu þjónustupósthúsi í Síðumúla, nú einu tveggja starfandi pósthúsa á Reykjavíkursvæðinu.

Þarna er töluverður spotti úr Vesturbænum fyrir þá sem ekki eiga auðvelt með að komast frá einum stað til annars, né heldur að tileinka sér tilheyrandi tækni.

> „Í menningar- og samfélagslegu tilliti þykir oft mörgum fækkun pósthúsa sorgleg og ópersónuleg framþróun ..."

Taka skal fram að greinargóðar upplýsingar er að finna á vefsíðum Íslandspósts hvað varðar bréf og bögglasendingar auk almennrar þjónustu þó ekki séu allir sáttir við þjónustuleiðirnar.

### *Óhamingjusamir Fossvogsbúar*

Í menningar- og samfélagslegu tilliti þykir oft mörgum fækkun pósthúsa sorgleg og ópersónuleg framþróun. Urðu margir slegnir þegar Pósthúsið í Pósthússtræti, sem staðið hefur með reisn síðan árið1915, var gert að mathöll. Það má þó segja að enn ríki þar menning - en hins vegar er sjarmi mannlegra samskipta pósthúsa á undanhaldi og enn fremur þegar kemur að því að standa veðurbarinn í röð við póstbox.

Í sögu póstþjónustunnar hérlendis hefur ánægjustuðull landsmanna eðlilega sveiflast upp og niður enda póstþjónusta sem slík ein grunnstoða samfélagsins.

Árið 1902 má finna grein í tímaritinu Arnfirðingi sem hefst á þessum orðum:

*„Það eru eingar öfgar, að nú er svo komið póstgaungum um landið, að bæði póststjórn og landslýður finna það jafn átakanlega, að á þeim þarf gagngerðrar breytingar, og hafa fundið þetta leingi."*

Um það bil hálfri öld síðar, árið 1949, í Morgunblaðinu má finna kvörtun úr Fossvogi þar sem segir:

*„Við sem erum svo óhamingjusöm að búa í Fossvogi verðum að sætta okkur við að fara á mis við flest hlunnindi þeirra sem búa innan Hringbrautar. Enginn sími, enginn póstburður, enginn blaðaútburður, engin sorphreinsun, strætisvagnar á klukkutíma fresti og hálfrar stundar ferð í næstu verslun!"*

Sögur fara af bréfberum sem stöldruðu gjarnan við og fengu kaffisopa í völdum húsum, en virðist sá siður hafa tíðkast alllengi. Í bókinni Fortíð Reykjavíkur frá árinu 1950 segir frá nýju embætti póstmeistara skipuðu árið 1872. Þar er Árni „gáta" bréfberi bæjarins og honum lýst þannig:

*„Hafði hann ekki hraðann á, þegar hann var að bera út bréfin því að oft beið hann eftir kaffi og öðrum hressingum ef honum var boðið."*

### *Starfsánægja og samfélagsleg ábyrgð*

Samkvæmt skoðanakönnunum þykir annars starfsánægja hjá Póstinum með hærra móti og samskipti alla jafna góð, auk þess sem bréfberar dagsins í dag fá jákvæðari svörun samfélagsins en oft áður.

Að auki var Pósturinn á Akureyri eitt fimmtán fyrirtækja sem hlutu tilnefningu frá VIRK nú í ár, en um ræðir viðurkenningu til fyrirtækja sem sinnt hafa samstarfi við VIRK sérlega vel og sýnt samfélagslega ábyrgð.



Aðrir erfiðleikar

„SVO ER ÞAÐ með útburð á blöðum og daglegan útburð á pósti, nú og svo mætti tala um flutning á úrgangi og fleiru, bætir H. við. Við, sem erum svo óhamingjusöm að búa í Fossvogi, verðum að sætta okkur við að fara á mis við flest hlunnindi þeirra sem búa innan Hringbrautar. Enginn sími, enginn póstburður, enginn blaðútburður, enginn sorphreinsun, strætisvagnar á klukkutíma fresti og hálfrar stundar ferð í næstu verslun. Sem sagt okkur er gleymt allar stundir ársins, nema þegar niðurjöfnun á útsvari og sköttum fer fram.

Kær kveðja, H.

**Úrklippa úr Morgunblaðinu 23. apríl 1949 þar sem óánægður lesandi kvartar yfir takmarkaðri þjónustu.** Mynd / Tímarit.is


Milwaukee®
vfs.is
NÝTT
M18 FUEL
SLÁTTUVÉL 46CM
• TVÖ M18 RAFHLÖÐUHÓLF
• 5 HRAÐASTILLINGAR Á DRIFI
• LED LJÓS AÐ FRAMAN OG Á HLIÐUM
• 7 HÆÐARSTILLINGAR
• SLÁTTUBREIDD 46CM
• GRASSAFNARI 60L
• SLÆR UM 1600FM MEÐ TVEIMUR RAFHLÖÐUM
SKANNAÐU OG SKOÐAÐU NÁNAR
M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 255 VERKFÆRI
M12
EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 110 VERKFÆRI
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


Solis
ÞEGAR KRAFTURINN SKIPTIR MÁLI
SOLIS 26
SOLIS 60
Ný hönnun
- sama góða verðið
VALLARBRAUT
vallarbraut.is
454 0050
SOLIS 90XL
Eigum flestar stærðir á lager og meira á leiðinni
SOLIS, mest selda dráttarvélin á Íslandi
vallarbraut@vallarbraut.is

Bændablaðið | Fimmtudagur 16. maí 2024

## Land og skógur:

# Sjálfbær landnýting teygir anga sína víða

### – Aukin þekking og aðgengilegri

**Svæðisáætlanir landgræðslu og skógræktar til heildrænnar landnýtingar, samræmt loftslagsbókhald og kerfisbundin vöktun á votlendi eru meðal lykilverkefna sviðs sjálfbærrar landnýtingar hjá Landi og skógi.**

Á sviði sjálfbærrar landnýtingar innan Lands og skógar fer fram fjölbreytt vöktun á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda, auk þess sem ýmsar rannsóknir eru í gangi til að skoða áhrif nýtingar á þessar auðlindir, m.a. beitarrannsóknir og rannsóknir á endurheimt votlendis.

Hluti af verkefnum sviðsins er jafnframt að vakta og safna saman upplýsingum um nýtingu lands, hvaða land er verið að nýta og hvernig, m.a. í gegnum verkefnið GróLind. Einnig eru þar í gangi fjölmargar rannsóknir, t.d. á kolefnislosun í mólendi og mýrlendi. Bryndís Marteinsdóttir, plöntuvistfræðingur og sviðsstjóri sjálfbærrar landnýtingar hjá Landi og skógi, segir þær rannsóknir beintengdar því að safna þekkingu sem nauðsynleg sé til að Ísland geti uppfyllt þær kröfur um upplýsingagjöf sem losunarbókhald Evrópusambandsins setur.



**Verkefni sviðs sjálfbærrar landnýtingar hjá Landi og skógi eru afar fjölbreytt. Hér er svipmynd frá athugunum vinnustofu á Snæfellsnesi í vor.**
Myndir / Aðsendar



**Vöktun á búskap gróðurhúsalofttegunda og öðrum tengdum þáttum í vöktunarreit í Pollengi, Bláskógabyggð. Að vori þegar vöktun hófst var vatn yfir öllu svæðinu en í þurrkunum sumarið 2024 fór vatnsyfirborð niður fyrir -50 cm dýpt jarðvegsyfirborðs.**

### *Svæðisáætlanir í landgræðslu og skógrækt*

„Eins og nafnið gefur til kynna er það eitt af meginmarkmiðum sviðsins að stuðla að sjálfbærri nýtingu lands og vernd vistkerfa með ráðgjöf og fræðslu. Það er m.a. gert með því að afla og miðla þeim gögnum sem fást úr vöktun og rannsóknum og gera hentugleikagreiningar á því hvaða landnýting hentar hvar,“ segir Bryndís. Eitt af stóru verkefnunum um þessar mundir segir hún vera svæðisáætlanir í landgræðslu og skógrækt. „Þar á að tilgreina landgræðslu- og skógræktarsvæði, sem og önnur svæði þar sem æskilegt er að leggja áherslu á landgræðslu og skógrækt, með tilliti til náttúruverndar, gildandi skipulagsáætlana og í sátt við áherslur eftir landshlutum,“ útskýrir Bryndís.



**Bryndís Marteinsdóttir.**

Jafnframt sé ætlunin að koma fram með leiðbeiningar og gögn sem stuðli að því að ráðstöfun lands sé gerð með sjálfbæra landnýtingu að leiðarljósi.

„Áætlunin er í raun grunnplagg sem mun nýtast stofnuninni, sveitarfélögum og landeigendum vel við sína stefnumörkun og skipulagsvinnu. Hún stuðlar að því að við nýtum land á sjálfbæran hátt og horfum á landnýtingu okkar heildrænt,“ segir Bryndís jafnframt.

Verkefnið er í þróunarfasa, þar sem unnið er með einu sveitarfélagi að því að setja fram áætlun auk þess sem verið er að kynna verkefnið fyrir sveitarfélögum.

„Afrakstur verkefnisins verður verkfærakista, í formi vefkorta og fræðsluefnis, sem aðilar geta nýtt sér til að taka upplýstari ákvarðanir um skipulag og nýtingu lands,“ segir hún.

### *Bókhald losunar frá landi*

Það vita kannski ekki mörg að eitt af verkefnum Lands og skógar er að sjá um þann hluta losunarbókhalds Íslands sem snýr að losun frá landi. Að sögn Bryndísar fer á sviðinu fram fjölbreytt vinna sem tengist því, bæði vinna sem snýr að því að safna saman gögnum fyrir bókhaldið sjálft frá fjölmörgum aðilum, setja þau saman og reikna út ýmsar tölur og svo vinna sem snýr að því að bæta gögn sem nýtt eru í bókhaldinu, þannig að þau uppfylli alþjóðlegar kröfur. M.a. er stunduð vöktun á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá m.a. votlendi og mólendi með það að markmiði að fá upplýsingar um hver losunin er og hvernig hún er háð t.d. veðurfari og staðbundnum aðstæðum.

„Opinbera lokamarkmiðið með þessari vinnu er að Ísland uppfylli þær kröfur um gagnagæði sem nauðsynlegar eru til að uppfylla alþjóðlegar kröfur í losunarbókhaldinu. Þessi gagnaöflun mun þó nýtast í öllu okkar starfi, m.a. við ráðgjöf um hvaða landnýting hentar hvar og við að meta hvort nýting sé sjálfbær. Auk þess sem við erum að fá mjög dýrmætar grunnupplýsingar um vistkerfi landsins og hvernig þau eru að breytast m.a. í ljósi loftslagsbreytinga,“ segir hún.

### *Rannsóknir í votlendi*

Á seinustu árum hafa rannsóknir á votlendi, bæði röskuðu og óröskuðu, aukist til muna. „Við erum að setja upp kerfisbundna vöktun á votlendi í ýmiss konar ástandi og af fjölbreyttri gerð, til að auka þekkingu okkar á þessum vistkerfum og því hvaða áhrif mismunandi landnýting, rask og endurheimt hefur á þau.

Þessar rannsóknir eru bæði gerðar innan stofnunar og í samstarfi við háskólana og aðrar stofnanir,“ segir Bryndís og heldur áfram: „Votlendi eru ein af merkilegustu og mikilvægustu vistkerfum landsins, eitt vistkerfa ásamt birkiskógum sem nýtur sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum landsins. Votlendi er mikilvægt búsvæði plantna, fugla, fiska og smádýra, hefur gífurlega líffræðilega fjölbreytni, geymir verulegan hluta kolefnisforða jarðar og bætir líka vatnsbúskap svæða og temprar vatnsflæði. Ef við horfum á stóru áskoranirnar okkar, þ.e. loftslagsvána og missi líffræðilegrar fjölbreytni, eru votlendi ein af lykilvistkerfum í því að sigrast á þeim áskorunum. Meiri vitneskja um votlendi og það hvaða áhrif inngrip okkar hafa er nauðsynleg til að við getum ákvarðað hvar og hvernig best er að endurheimta votlendi og hvernig við stöndum best að verndun þessa mikilvæga vistkerfis,“ segir hún.

Fyrstu niðurstöður rannsóknanna eru þegar farnar að berast og er m.a. farið að nýta þær ásamt öðrum gögnum í að hanna kröfusett um framleiðslu gæðakolefniseininga með endurheimt votlendis. Bryndís segir stefnt að því að kröfusettið fái alþjóðlega vottun seinna á árinu og í kjölfarið muni aðilar geta nýtt sér það til að framleiða vottaðar kolefniseiningar með endurheimt votlendis.

### *Stórfelldar breytingar*

Aðspurð um hvaða breytingar og þróun Bryndís sjái markverðastar á sínu sviði svarar hún því til að í raun séu ótrúlegar breytingar í gangi.

„Það er alltaf að verða meiri og meiri áhersla í samfélaginu á sjálfbærni, líffræðilega fjölbreytni, náttúrumiðaðar lausnir og vistkerfisnálganir. Við finnum það í þeim verkefnum sem við erum að sinna og þeim fyrirspurnum sem við fáum, enda eru öll þessi atriði nátengd sjálfbærri landnýtingu og verkefnum sviðsins og stofnuninni Landi og skógi í heild. Á seinustu árum hefur t.d. verið mikil aukning í ráðgjöf til sveitarfélaga, félagasamtaka, einstaklinga og stjórnvalda tengt þessum verkefnum,“ segir hún jafnframt.

En betur má ef duga skal. „Aukin áhersla í samfélaginu, sem ég nefni hér að framan, kallar á meiri og betri upplýsingagjöf og ráðgjöf um þessi málefni. Það er eitt af því sem þarf að efla – gera þá þekkingu sem við söfnum aðgengilegri á því formi að hægt sé að hagnýta hana, t.d. við skipulagsgerðir sveitarfélaga, stefnumótun stjórnvalda og við ákvarðanir um landnýtingu hjá landnotendum,“ segir Bryndís. Einnig megi búast við að verkefni tengd sjálfbærri landnýtingu í tengslum við umferð ferðafólks muni aukast á næstu árum samhliða auknum fjölda ferðafólks og tilheyrandi álagi á gróður- og jarðvegsauðlindina.

### *Viðamikið samstarf*

Bryndís segir mikilvægasta verkefni sviðsstjóra eflaust það að vera stuðningur við starfsfólk og vinna með því til að verkefni sem eru á sviðinu nái fram að ganga innan þess ramma sem þeim er sett, hvort sem það er með því að skapa gott vinnuumhverfi, koma á tengslum milli stofnana eða efla starfsfólk. Auk þess felist í starfinu ýmis samskipti innan og utan stofnunar um málefni sviðsins.

„Svið sjálfbærrar landnýtingar er ekki eyland og við vinnum okkar verkefni í nánu samstarfi við önnur svið innan Lands og skógar, enda býr stofnunin yfir víðtækri og fjölbreyttri þekkingu og dýrmætum mannauði. Þar að auki erum við í mjög öflugu samstarfi við aðrar stofnanir, t.d. við Náttúrustofur víða um land, um vöktun kolefnislosunar og í samstarfi við Háskóla Íslands um líkanagerð og vöktun ræktarlands,“ segir Bryndís að endingu. */sá*



# Landbúnaður



Límtréshús



Bogahús



Bogaskýli



Yleiningar, skrúfur og áfellur



Stálgrindarhús

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

HÝSI
BYGGJUM BETUR



HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán.-fös. Kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Kress®

# Slátturóbotar

- **Víralaus og hælalaus**
- Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m²
- Einföld uppsetning í appi
- Öllu stjórnað í gegnum "skýið"
- Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi



**Kress KR160E.A Mission RTK**
– 600 m², halli 22°



**Kress KR171E Mission RTK**
– 1500 m², halli 22°



**Kress KR172E.A Mission RTK**
– 3000 m², halli 22°



**Kress KR173 Mission RTK**
– 5000 m², halli 22°



**Kress KR236E Mission Mega RTK**
– max 36000 m², halli 22° aðeins 22kg



Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra

Enn meira úrval inn á haverslun.is
Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4



Ingibjörg Jónína Finnsdóttir og Magnús Örn Valsson fréttu af því að fyrri ábúendur á Bergsstöðum vildu hætta með sauðféð. Hann hafði því samband við bóndann að fyrra bragði og stakk upp á því að þau myndu taka við keflinu, sem gekk eftir og keyptu þau jörðina í lok árs 2019. Myndir / ál

## Vestur-Húnavatnssýsla:

# Áhugi og metnaður skipta máli

## – Ungir bændur keyptu sauðfjárbúið á Bergsstöðum á Vatnsnesi af vandalausum án þess að það væri auglýst

**Magnús Örn Valsson og Ingibjörg Jónína Finnsdóttir hafa stundað sauðfjárbúskap á Bergsstöðum síðan haustið 2019. Þau keyptu jörðina af óskyldu fólki og var hún aldrei auglýst, heldur hafði Magnús samband við fyrri ábúendur að eigin frumkvæði.**

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Magnús og Ingibjörg eru bæði úr Austur-Húnavatnssýslu og voru ekki með sérstakan hug á því að flytjast búferlum, enda stóð alltaf til að Magnús tæki við sauðfjárbúi foreldra sinna á Helgavatni í Vatnsdal. Magnús frétti síðan af því að þáverandi ábúendur á Bergsstöðum stefndu að því að minnka búið talsvert eða hætta og einbeita sér að öðrum störfum, en hann hafði kynnst þeim eftir að hafa rúið kindurnar þeirra nokkrum sinnum.

Magnús sló á þráðinn í maí 2019 og lýsti yfir áhuga sínum á að hann og Ingibjörg keyptu Bergsstaði og allt sem þeim fylgir.

„Hann hringdi eftir tvo daga til baka og sagðist alveg vera til í að skoða þetta,“ segir Magnús. Hann bætir við glettinn að tímasetning símtalsins hafi verið honum í vil, enda var það á miðjum sauðburði þegar bændur eru alveg bugaðir og vilja fegnir losna.

### *Ábúendaskiptin hröð*

Í júní fóru Magnús og Ingibjörg að Bergsstöðum til að skoða aðstæður og setjast að samningaborðinu. Þar var þeim gefið upp verð sem þau gengu að og var því farið að skipuleggja ábúendaskiptin. Unga parið fór svo á Vatnsnesið um haustið til að taka þátt í smalamennskum og hjálpa til við val á ásetningsfé.

Formleg ábúendaskipti voru síðan 1. nóvember 2019 og fluttu fyrri ábúendur á Hvammstanga sem er í tuttugu kílómetra fjarlægð. Ungu bændurnir segja að það hafi ekki verið neitt yfirfærslutímabil, heldur hafi skiptin verið býsna hröð. Fyrri ábúendur séu hins vegar alltaf til staðar og samgangurinn enn mikill.

„Ég hringdi mikið fyrsta árið til að vita hvar hlutirnir væru og hvernig sumt virkaði. Svo hjálpaði hann mér af stað með samstæðuna, en ég hafði aldrei rúllað áður,“ segir Magnús.

Tilfinningin þegar þau fluttu hafi verið skrýtin, eins og þau orða það. Þetta hafi verið á laugardegi og allt gert í miklum flýti. Magnús segir að fyrri ábúendur hafi séð fram á mikla fyrirhöfn við að bera út frystikistuna sína úr kjallaranum, en þá brugðu þau á það ráð að gera með sér skipti þar sem unga parið átti nákvæmlega eins frystikistu. Þar með hafði þau ekki þurft að bera eina út og aðra inn.

### *Óveður á fyrstu vikunum*

Nokkrum vikum eftir að þau fluttu reið óveður yfir landshlutann sem hafði í för með sér rafmagnsleysi og lokanir á vegum. Þar sem þau voru nýflutt áttu þau lítið til að bjarga sér og síðustu klukkutímarnir í tveggja sólarhringa rafmagnsleysi hafi verið kaldir.

„Það var skrýtið að vera tvö ein á nýjum stað,“ segir Ingibjörg. Hún bætir við að samfélagið sé mjög gott og margir sveitungar þeirra og íbúar á Hvammstanga sem þau þekktu ekki mikið hafi hugsað til þeirra og hringt til að athuga hvernig þau hefðu það. Haustið 2020 eignuðust þau sitt fyrsta barn og segir Ingibjörg það hafa verið sérstakt að vera með hvítvoðung í haustverkunum.

Þá kom næsta barn í apríl 2022, eða rétt fyrir sauðburð, sem hafi heldur ekki verið besta tímasetningin til barneigna, segir Ingibjörg í kímni. Nú sé þriðja barnið væntanlegt í lok maí.

### *Framfarir í afurðum hvetjandi*

Á Bergsstöðum er fimm hundruð og fimmtíu kinda sauðfjárbú. Þau fjölguðu fénu síðasta haust og sjá þau næstum alltaf framfarir í afurðum, sem Magnús segir vera hvetjandi og sýna að þau séu að gera eitthvað rétt. Nú séu þau farin



Á Bergsstöðum á Vatnsnesi er 550 kinda sauðfjárbú. Aðstaðan er góð þar sem stutt er í beitarhagana og fjárhúsin vel útbúin.



Sauðburður var nýbyrjaður þegar blaðamaður heimsótti Ingibjörgu og Magnús. Hér er gemlingur að kara lamb sem bar nokkrum mínútum áður.

## 5 hlutir sem Ingibjörg og Magnús geta ekki verið án



**1. Dráttarvélin:** „Maður getur lítið verið án traktorsins."



**2. Eldavélin:** „Eldavélin bilaði einu sinni í byrjun sauðburðar. Það var hræðilegt."



**3. Hestakerran:** „Hún er mikið notuð í annað en hestaflutninga."



**4. Sexhjólið:** „Það er eiginlega ekkert hægt að vera án þess."



**5. Kjarnfóður:** „Nágrannarnir kalla Magnús fóðurbætiskónginn."

að þekkja hjörðina og gera sér grein fyrir eiginleikum mismunandi ættboga innan hennar sem geri þeim kleift að vanda ásetningsvalið betur.

„Svo er aðalatriðið í þessu að láta ekkert klikka í umhverfisáhrifunum ef maður getur – að gera eins vel við féð og mögulega hægt er," segir Magnús. Langtímaplanið sé að stækka fjárhúsin og fjölga kindunum upp í átta hundruð.

Þau segja aðstæður til sauðfjárbúskapar vera góðar þar sem þau eru á Vatnsnesinu. Féð gangi í fjallinu fyrir ofan bæinn á sumrin og þau þurfi ekki að reka það langt á afrétti.

Göngur séu frekar einfaldar og alltaf fáist nægt fólk í smalamennskur. Stærstur hluti hjarðarinnar skili sér þegar heimalandið er smalað og þurfi þau ekki að sækja nema örfáar kindur þegar réttað er í Hamarsrétt, sem er nokkra kílómetra sunnan við bæinn.

### *Sjúkraliði og rúningsmaður*

Ungu bændurnir starfa bæði utan bús en telja reksturinn samt sem áður vera í góðu jafnvægi. Ingibjörg vinnur sem sjúkraliði á sjúkrahúsinu á Hvammstanga, sem hún segir að miklu leyti vera þar sem hún hafi áhuga á starfinu og finnist gott að skipta um umhverfi. Þá séu þrír mánuðir á ári þar sem Magnús tekur að sér rúning fyrir aðra bændur, ásamt því að vera í girðingaverktöku á sumrin.

„Það er hægt að láta þetta damla ef við erum bæði alltaf heima – en ekkert meira. Búið rekur sig nokkurn veginn sjálft, en annað þarf maður eiginlega að sækja," segir Magnús. Þau keyptu til að mynda dráttarvél síðasta sumar sem þau hefðu ekki getað gert nema af því að þau eru að vinna meðfram búinu.

„Það væri alveg fínt að geta bara verið heima og dunda sér við að gera allt snyrtilegt, en það er kannski svolítið erfitt þegar maður vinnur mikið utan bús og er með tvö lítil börn," segir Magnús. Þá rífi vaxtastigið í og því veiti ekkert af smá innspýtingu. Þær tekjur sem komi frá gæðastýringunni og greiðslumarkinu dugi fyrir lánunum, en afborganirnar hafi tvöfaldast frá því þau keyptu.

Þeir sem vilja komast í búskap án fjölskyldutengsla þurfi að vera búnir að þéna mikið áður. „Svo verður fólk að hafa áhuga á þessu og vera með metnað, því reksturinn verður þungur ef afurðirnar fara að gefa eftir."

### *Hafa góða reynslu*

Á Helgavatni, þar sem Magnús ólst upp, eru 350 kindur. Þar sem pabbi hans er sjómaður byrjaði Magnús snemma að taka mikinn þátt í búskapnum. Honum hafi verið treyst fyrir að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð frá unglingsaldri sem hafi gefið honum góðan grunn fyrir bústörfin á Bergsstöðum.

Ingibjörg ólst upp á Köldukinn 1 á Ásum þar sem foreldrar hennar voru með nokkrar forystuær og hross. Þá tók hún þátt í búskapnum á Helgavatni með Magnúsi eftir að þau tóku saman. Ingibjörg verður 32 ára í sumar og er Magnús 29 ára.



Unga parið á tvö börn og er það þriðja á leiðinni. Þau útbjuggu barnastól á gjafavagninn til þess að ungviðið gæti tekið þátt í bústörfunum.







## Nytjar hafsins:

# „Íslenskur sjávarútvegur stendur framarlega“

## – Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra heimsótti sjávarútvegssýninguna í Barcelona

**Sjávarútvegssýningin í Barcelona, áður í Brussel, er ein stærsta sinnar tegundar í heiminum. Sýninguna sóttu 2.244 fyrir- tæki og sýnendur frá 87 ríkjum. Talið er að um 35.000 kaupendur og framleiðendur hafi heimsótt sýninguna sem var á 51.000 fermetra gólffleti.**



Sigurgeir B. Kristgeirsson.

Áætlaðar tekjur Barcelonaborgar af sýningunni eru 156 milljónir evra, eða jafnvirði 23 milljarða króna. Sýningin lagði í fyrsta skipti áherslu á að tengja konur í sjávarútvegi saman. Það fór því sérstaklega vel á því að Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, nýskipaður matvælaráðherra, heimsótti sýninguna og kynnti sér hana en þó sérstaklega sýningarbása íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, en tæplega 50 íslensk fyrirtæki voru með sýningarbás.

Bjarkey er kennaramenntuð, fædd og uppalin á Siglufirði en flutti 15 ára til Ólafsfjarðar, og starfaði sem kennari og náms- og starfsráðgjafi fram til þess að hún var kjörin á þing, hún sá um bókhald Vélsmiðju Ólafsfjarðar í mörg ár auk þess að vera gjaldkeri og almannatryggingafulltrúi á sýsluskrifstofu. Frá árinu 2000 hefur hún verið virkur þátttakandi í stjórnmálum á vegum Vinstri grænna, fyrst á heimavelli í Ólafsfirði en frá 2013 hefur hún setið á Alþingi.

Greinarhöfundur hefur farið á yfir 20 sjávarútvegssýningar, fyrst í Brussel og síðar Barcelona, en þetta var fyrsta sýning Bjarkeyjar. Honum þótti forvitnilegt að fá annað sjónarhorn en sitt á sýninguna, því glöggt er gests augað. Það lá því beint við að fá Bjarkeyju til að segja okkur frá sinni sýn á sjávarútvegssýninguna sem og markaðs- og sölustarf íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja auk þess að fá að heyra um hugmyndir og spurningar sem kviknuðu hjá henni við heimsóknina.




Yfirlitsmynd af þjóðarbási Íslendinga á sjávarútvegssýningunni í Barcelona. Myndir / Aðsendar

### *Stærðin, gróskan og hagaðilar í sjávarútvegi komu á óvart*

Hvað kom Bjarkeyju mest á óvart við sýninguna? „Maður var búinn að heyra ýmislegt um stærð sýningarinnar en þegar ég kom þarna þá kom mér mest á óvart hversu gríðarlega stórt þetta er. Stærðin raungerist þegar maður mætir á staðinn. Þetta gríðarlega umfang og gaman að sjá hvernig allt kraumar af lífi og maður heyrði á tali fólks að það var margt að verða til í samtali þess og nýjar hugmyndir að fæðast. Þetta var eiginlega suðupottur hugmynda.“

Bjarkey hafði ekki mikinn tíma til að skoða sig um á sýningunni og saknaði þess. En tímann nýtti hún til að heimsækja öll íslensku fyrirtækin sem voru með bása á sýningunni.

Það lá því beint við að spyrja ráðherra hvernig henni þótti íslenski hlutinn vera. „Mér fannst gaman að sjá alla þessa grósku hjá íslensku sjávarútvegsfyrirtækjunum og sérstaklega hjá íslensku tæknifyrirtækjunum.

Það kom mér mikið á óvart hversu mikill fjöldi hagaðila tengdum sjávarútvegi, alls staðar að úr heiminum, voru á svæðinu. Ýmiss konar samtök í sjávarútvegi, bankar, fulltrúar stjórnvalda, tryggingafélaga og svo má lengi telja. Ég átti heldur ekki von á því.“ sagði Bjarkey.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

### *Hátt hlutfall íslenskra tækni- og tækjafyrirtækja*

Langstærsti hluti sýningarinnar eru fyrirtæki, þjóðir mynda þjóðarbása til að kynna afurðir sínar, bæði með vörur til áframvinnslu en einnig fullunnar vörur. En eins og áður sagði, þá eru tæknifyrirtæki líka að kynna sig.



Göngugata í einni af sýningarhöllunum.

Ísland er þekkt fyrir hversu mikill árangur hefur orðið af samvinnu sjávarútvegsfyrirtækja og tækni-, tækja- og annarra þekkingarfyrirtækja sem sprottið hafa upp úr þessum frjóa jarðvegi. Þann hluta þekkir Bjarkey vel frá fyrri störfum sínum sem bókari í vélsmiðju.

„Það var gaman að sjá Vélfag, Marel, Héðin, Slippinn, Kælismiðjuna Frost auk fjölda annarra íslenskra tækni- og tækjafyrirtækja þarna. Það var líka augljóst að hlutfall íslensku tækni- og tækjafyrirtækjanna var mun hærra en gerðist meðal annarra þjóða. Það var gaman að sjá og kom mér líka á óvart,“ sagði ráðherra.

### *Markaðssetning íslensku fyrirtækjanna stóð upp úr*

En þar sem Bjarkey var að fara sína fyrstu ferð þá gat greinarhöfundur ekki stillt sig um að spyrja ráðherra hvernig henni hafi fundist markaðssetning og framsetning íslensku fyrirtækjanna í samanburði við aðrar þjóðir.

„Því miður stoppaði ég ekki lengi, var svolítið á hlaupum, og því kannski ekki alveg bær til að leggja fullt mat á það. En mér fannst þetta mjög flott. Framsetning hjá Íslendingunum var klassa ofar en margt af því sem maður sá á hlaupunum. Svona eftir á að hyggja þá fannst mér allir íslensku básarnir grípa augað.“ Þegar Bjarkey lítur til baka yfir sýninguna, hvað kemur þá helst upp í hugann?

„Umfangið var svo mikið og tíminn svo knappur í heimsókninni, eins og ég hef áður sagt. Ég hefði gjarnan viljað skoða sýninguna betur og gera mér betur grein fyrir öllu. En af því sem ég sá þá fannst mér við, Íslendingar, standa dálítið upp úr enda er ég á þeirri skoðun að sjávarútvegur okkar standi mjög framarlega þótt auðvitað megi alltaf gera betur. Ég sannfærðist enn betur um þá skoðun mína.“

### *Nýsköpun varðandi hráefni*

Nýsköpun vakti líka athygli matvælaráðherra. „Mér fannst allt krauma í nýjungagirni og áhugaverðum hugmyndum. Ég hafði tækifæri til að heimsækja spænskan matarmarkað í leiðinni þar sem ég fékk tækifæri til að skoða mig um.

Ég er mikil matarkona og fékk að bragða á mörgum mismunandi réttum. En þar vakti athygli mína hversu vel Spánverjar nýta fiskinn. Þeir borða bókstaflega allt af honum nema hausinn!“ sagði Bjarkey að lokum.

*Höfundur er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.*




Bás Iceland Seafood (ISI) í einum íslenska básnum.


# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

MHG VERSLUN

# Husqvarna - feel the power



**Husqvarna 545RX**
Sláttuorf - 3 hestöfl



**Husqvarna 535RX**
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



**Husqvarna Rier RC320TSAWD**
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



**Husqvarna Rider 320X AWD**
Sláttutraktor - 10,5 kW



**Husqvarna Tractor TC238T**
Sláttutraktor - 10,1 kW



**Husqvarna 550XP MKII**
Keðjusög - 4,2 hestöfl



**Husqvarna K3600 MK II**
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



**Husqvarna K2500**
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



**Husqvarna CEORA 546**
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli



**Husqvarna AM550 EPOS**
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli



**Husqvarna AM310 MK II**
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



**Husqvarna AM415X**
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



**Husqvarna AM430X**
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



**Husqvarna AM450X**
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



**Husqvarna AM305**
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

**MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is**

# Sterkari vagnar

H. HAUKSSON EHF.



**Rúlluvagn**
10,5m pallur
14 tonna burðargeta

**Verð kr.** 3.390.000 með vsk.
(vökvahliðar + kr. 985.000 með vsk)



**Hardox sturtuvagn**
11 tonna burðargeta

**Verð kr.** 3.315.000 með vsk.



**Rúllu- og vélavagn**
Vökvastýrður rampur
18 tonna burðargeta

**Verð kr.** 4.480.000 með vsk.



**Sturtuvagn**
Laus skjólborð
13 tonna burðargeta

**Verð kr.** 2.690.000 með vsk.

Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

# Hvanneyrarbúið rær á ný mið

**Hvanneyrarbúið ehf. tók við rekstri kúabúsins á Hvanneyri árið 2015. Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands.**



Baldur Helgi Benjamínsson.

Formaður þess er Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlíð. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Björn Ingi Ólafsson.

### *Aukin innvigtun*

Árskýr á búinu 2023 voru 76,9 (73,5) sem að meðaltali skiluðu 7.707 (7.389) kg mjólkur og af þeim komu 7.095 ltr til innleggs, mjólkurnýtingin var því 95%. Innlögð mjólk árið 2023 var alls 545.577 (520.152) lítrar með 4,12 fitu og 3,35 próteini, mfm líftölu var 17 (14) og mfm frumutölu 158 (88). Tölur frá fyrra ári eru í sviga. Hlutfall fitu hækkaði aðeins en próteinhlutfall lækkaði. Líftala var nær óbreytt en frumutala hækkaði talsvert. Heilt yfir er staða mjólkurgæða viðunandi en hækkun á frumutölu er áhyggjuefni sem þarf að taka á. Búið lagði inn úrvalsmjólk í 7 mánuði á árinu en forsvarsmenn búsins vilja setja markið mun hærra í þeim efnum. Heildarinnlegg búsins hækkaði dálítið frá fyrra ári, má einkum rekja það til betri gróffóðurgæða auk annarra þátta. Meðalnytin er heldur varla viðunandi ef búið vill og ætlar að vera í fararbroddi á landsvísu. Horfur á árinu 2024 benda til þess að það takist að skila svipuðum afurðum, en margt er þó óráðið enn t.d. gæði fóðurs. Nyt hefur þó verið vel viðunandi og hefur ekki raskast þótt núna séu stöðugar breytingar og tilfæringar vegna rannsóknarstarfsemi.



Kornuppskera haustið 2023. Myndir / Aðsendar

### *Sæmilegur rekstur*

Rekstur félagsins gekk sæmilega á árinu 2023 þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður en verð á áburði og kjarnfóðri hélst hátt, nú eru horfur um heldur lægra verð á þessum liðum. Verðbólga hefur verið nálægt 7–10% allt árið, vaxtakostnaður á lánsfjármagni hefur hækkað verulega í takti við stýrivaxtahækkanir og kjarasamningar hafa hækkað og munu hækka verð á annarri vöru og þjónustu. Reynt var að minnka áburðarkaup án þess að það kæmi niður á uppskeru og fóðurgæðum, var einkum tvennt sem var forsenda þess. Annars vegar kaup á niðurlagningarbúnaði á haugsugu en niðurlagning tryggir en áburðarefni í mykjunni nýtast mun betur til skjasvaxtar en með hefðbundinni yfirborðsbreiðslu.

Hins vegar hefur frá árinu 2016 verið borinn umtalsverður skeljasandur í flög sem hækkar sýrustig og plöntunæringarefni nýtast þar með betur (einkum fosfór). Búið þreytti frumraun sína í byggrækt í markverðu magni og mun það vonandi ganga betur næst. Heildartekjur félagsins á árinu voru 117,9 m. kr. (110,9), en gjöld fyrir fjármagnsliði voru 115,2 m. kr. (109,9 m. kr). Hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 1,9 m. kr (0,4 m. kr.). Stjórn leggur til að hagnaður félagsins leggist við eigið fé þess.

Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir áframhaldandi endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um 3,1 milljón kr. á árinu og nemur það nú 65,5 m. kr.

### *Kornuppskera haustið 2023*

Miklar rigningar og bleyta og kuldi voru í maí og júní og tafðist jarðvinnsla fram eftir sumri þó bygg færi niður 3. maí 2023. Veturinn á undan hafði verið mjög kaldur og heyskapur hófst ekki fyrr en síðustu dagana í júní en rigningar töfðu líka. Eftir að fyrsta slætti lauk tók við mikill þurrkur það sem eftir lifði sumars og varð mun minni uppskera í öðrum slætti og grænfóðri og algjör uppskerubrestur í nýræktum sem var líka vegna þess hve seint var sáð í þær.

Skeljungur ehf. (Sprettur áburður) kom til móts við stór- gallaðan áburð sem búið keypti af félaginu og bætti það tjón að nokkru leyti. Þrátt fyrir þetta var reksturinn í meginþáttum í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Munaði um að þrisvar á rekstrarárinu hækkaði verðlagsnefnd búvara lágmarksverð á mjólk og stjórnvöld skipuðu sérstakan ráðuneytisstjórahóp til að greina afkomubrest í landbúnaði. Í kjölfarið var veitt 2,1 milljarði kr. aukalega í stuðningsgreiðslur til landbúnaðar, þeim fjármunum var einkum beint til skuldsettari búa og naut Hvanneyrarbúið ekki mikils af því.



Fræst upp úr framræsluskurði.



Metanbásinn Mummi.

### *Fjárfestingar og framfaramál*

- LbhÍ lét reisa girðingu á Mið-Fossum til að varna því að sauðfé frá Hesti hefði óheftan aðgang að ræktarlandi þar.
- Ljós voru endurnýjuð í fjósinu og sá Lbhí um það. Þau eru orkusparandi LED ljós sem bæði er hægt að stilla ljósstyrk (Lux) og ljóshitastig (Kelvin) í. Þau eru keyrð með svokölluðu dalí-kerfi sem þýðir að í forriti í tölvu er hægt að hópa saman ákveðnum lömpum og stilla sjálfstætt á þeim ljósstyrk og ljóshitastig eftir klukku. Ljósgjafinn ehf. á Akureyri sá um að smíða kerfið.
- LbhÍ keypti brunavarnarkerfi í fjósið frá Nortek ehf., eftir er að setja það upp. Það byggist á notkun svokallaðra línuskynjara sem skynja reyk.
- Loftpressan hrundi og þurfti að kaupa nýja í skyndi. Gamla var í ábyrgð og var gert við hana á kostnað framleiðanda. Hún verður seld.
- Ýmis búnaður vegna rannsókna, þar á meðal notaður heilfóðurvagn, flokkunarhlið og íhlutir fyrir þau.
- Steypt var moðgryfja við fjósið, svo afgangshey og útmokstur er ekki lengur geymt innandyra.
- Ekki var slegið slöku við í ræktun og fjárfest dyggilega þar eins og síðustu ár en um 30 hektarar voru til endurræktunar. Reyndur var nýr fræsibúnaður við hreinsun framræsluskurða sem reyndist vel og mun spara búinu talsverðar upphæðir í skurðahreinsun ef vel gengur.



Búið prófar JCB skotbómulyftara sem gengur á rafmagni.

### *Helstu rannsóknarverkefni*

Hvanneyrarbúið tók virkan þátt í rannsóknastarfi Landbúnaðarháskólans, þá aðallega við jarðræktarrannsóknir en meira hefur líka verið um verkefni í fjósinu. Áframhald var á beitarrannsóknum mjólkurkúa og er fyrirhugað að halda því áfram. Ekki má heldur gleyma metanbásnum Mumma (C-Lock Greenfeed) sem mældi iðragerjun hjá mjólkurkúnum og núna er verið að skoða sérstaklega metanhamlandi fóðurefni.

Útlit er fyrir að Mummi og fjósið verði uppbókuð í slíkar rannsóknir næstu misseri og ár. Bæði hafa yfirvöld komið með fjármagn í frekari iðragerjunarrannsóknir og Landbúnaðarháskólinn sem hluti af þróunarverkefnum í þá veru. Skólinn og búið eiga í samstarfi við Veðurstofu Íslands og settu upp nýja fullkomna búveðurstöð á Hvanneyri á svokölluðum Ásgarðshól og jarðvegshitamæli í spildu sem nefnist Biafra. Stöðin komst í fullan rekstur á síðasta ári og er nýtt í veðurspár og starfsemi Landbúnaðarháskólans.

### *Endurnýjun á aðstöðu*

Stjórn leggur áfram áherslu á uppbyggingu á aðstöðu og búnaði Hvanneyrarbúsins til að viðhalda og bæta aðstöðu til rannsókna og tilrauna. Áfram verður sótt um styrki til að fjármagna viðunandi rannsóknaraðstöðu fyrir einstaklingsfóðrunar-, verkunar-, umhverfis-, aðstöðu- og velferðartilraunir tengdir nautgriparækt.

Í þeim efnum er rétt að minnast þess að í sumar verða liðin 20 ár frá því að Hvanneyrarfjósið var tekið í notkun. Landbúnaðarháskólinn hefur verið að efla aðstöðu sína í jarðrækt og rannsóknir á því sviði hafa farið vaxandi. Áfram verður hugað að aukinni sjálfbærni og samstarfsverkefnum við skólann á því sviði. Mikil gleðitíðindi bárust nýlega þegar tekin voru af öll vafamál um uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri en það er stórt skref fyrir jarðræktar- rannsóknir, kynbætur nytjajurta og íslenskan landbúnað í heild sinni. Það ber að nýta þann meðbyr til að beina sjónum að mikilvægi þess að fjárfesta í rannsóknum í mjólkurframleiðslu og nautgriparækt.

### *Þakkir til starfsmanna*

Stjórn þakkar starfsmönnum búsins fyrir gott samstarf á árinu, auk Egils og Björns voru Birna Lind Hafdísardóttir og Ingólfur Árni Jakobsson ráðin í sumarstörf og aðrar afleysingar. Pétur Snær Ómarsson var svo aðal dráttarvélaekill búsins um sumarið en með breyttu sniði í verktöku.

*Höfundur er stjórnarmaður í Hvanneyrarbúinu ehf.*







## Húsin okkar

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Bambahús eru smíðuð úr galvaneseraði stálgrind, klædd með 10mm. einangruðu gróðurhúsaplasti og koma með sérsmíðaðri stálhurð, ásamt loftglugga með stormjárni.

Bambahús smíða falleg gróðurhús, níðsterk og notendavæn. Gróðurhúsin koma fullbúin og hagkvæm til notkunar allt árið um kring. Þau er létt og meðfærileg og alltaf hægt að bæta við einingum.
Bambahús eru hönnuð til að rækta fæðu í mold og auðvelt að umbreyta í alla tegundir ræktunar ásamt plássi fyrir kósýsvæði.

**Verð frá 369.000 kr. + vsk.**

Bambahús koma með gróðurkerjum í vinnuhæð og það má tvöfalda ræktunarplássið með því að nýta rýmið fyrir neðan gróðurkerin. Bambahús eru einstök, lítið viðhald er á húsunum, einfalt í uppsetningu, lágt verð og hefur jákvæð umhverfisáhrif.

## Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslenskt hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

## Kaldi Bambapotturinn




BAMBAHÚS

**www.bambahus.is**
**bambahus@bambahus.is**
**s.862-5008**



# Husqvarna®

**HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.**

- **Steinsagir**
- **Kjarnaborvélar**
- **Jarðvegsþjöppur**
- **Sagarblöð**
- **Kjarnaborar**

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**


***Husqvarna Trowel BG 245***
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*


***Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög***
*Sögunardýpt 19 cm*


***Husqvarna DM230 Kjarnaborvél***
*150 mm Max*


***Husqvarna K770 14"***
***Steinsög/Hellusög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*


***Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa***
*97kg, 500 mm Plata*


***Husqvarna FS400 LV gólfsög***
*Sögunardýpt 16,2 cm*


***Husqvarna Rammer Hoppari LT6005***
*230mm Plata, 69 kg*


***Husqvarna K970***
*Sögunardýpt 15,5 cm*


***Husqvarna K4000 Steinsög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*


***Husqvarna K3600 Vökvasög***
*Sögunardýpt 27 cm*


***Husqvarna K7000 Ring***
*Sögunardýpt 32,5 cm*


***Husqvarna K7000 Pre Cut***
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

## Búsetuskógrækt:

# Skógræktin tryggði búsetu

## – Formaður búgreinadeildar skógarbænda BÍ kynnti sér viðarvinnslu á Austurlandi

**Skógar íslenskra bænda dafna vítt og breitt um landið. Engum sem þá þekkja dylst lengur ágæti og ávinningur skóganna.**


Hlynur Gauti Sigurðsson.

Skipulögð ríkisstudd skógrækt á lögbýlum hófst 1991 á innanverðu Fljótsdalshéraði (Hérað) með Héraðsskógum, verkefni sem var ýtt úr vör fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að búseta í sveitinni legðist af sökum niðurskurðar á sauðfé vegna riðuveiki. Lagt var upp með að bjóða bændum að rækta skóg í landi sínu. Tignarlegur Hallormsstaðarskógur gaf bændum kjark um árangur skógræktarinnar. Bændur hófu gróðursetningar af krafti og í dag, um þremur áratugum síðar, er Hérað ein blómlegasta og byggilegasta sveit landsins.

Dagana 18.–19. apríl fór formaður stjórnar búgreinadeildar skógarbænda hjá BÍ, Hjörtur Bergmann Jónsson, ásamt stjórnarmanninum Bjarna G. Björgvinssyni, fyrrum formanni, Jóhanni Gísla Jóhannssyni og undirrituðum í ferð um Hérað. Um árabil hafa aðalskrifstofur Skógræktarinnar verið á Egilsstöðum, eða alveg fram að síðustu áramótum við stofnun Lands og skógar.


Hlynur Gauti Sigurðsson, Hjörtur Bergmann Jónsson, Eymundur Magnússon, Bjarni G. Björgvinsson og Jóhann Gísli Jóhannsson stilla sér upp við kyndiaðstöðuna á Vallanesi. Mynd / Eygló Björk Ólafsdóttir

Heimsóttir voru vel valdir staðir með það að markmiði að skilja forsendur bændaskógræktar í fortíð, nútíð og ekki síst, framtíð. Skógar á ýmsum aldri teygja sig vítt og breitt um sveitina og skógarhögg er hafið á nokkrum jörðum.

Uppistaða skóganna er lerki og má vel sjá að grisjunar er þörf á mörgum bæjum.


Formenn skógarbænda á landsvísu samankomnir. F.v. Hjörtur Bergmann Jónsson, núverandi formaður búgreinadeildar skógarbænda hjá BÍ, Edda Björnsdóttir, fyrsti formaður Landssamtaka skógareigenda og Jóhann Gísli Jóhannsson, sem hefur gegnt báðum stöðum.

Á jörðinni Víðivellir ytri 2 hefur verið komið upp einni afkastamestu viðarvinnslu landsins. Þar er fyrirtækið Skógarafurðir sem hefur vaxið örugglega á þeim áratug sem það hefur verið starfandi, enda bæði mikil eftirspurn eftir íslenskum viði og framboð timburs úr skógunum eykst ár frá ári. Þegar föruneytið bar að garði stóð yfir sögun á ösp sem ætluð var í utanhússklæðningu á gistiheimili í Vallanesi (betur verður komið að því hér síðar). Bjarki Jónsson, skógarbóndi og framkvæmdastjóri, sýndi allar nýjustu græjurnar á staðnum og voru þær af ólíkum stærðum og gerðum, svo sem háhraða stórviðarsagir, þurrkgámar, eldstæði, fræsarar og sagpressa. Með þessum búnaði er hægt að ná góðum afköstum í framleiðslu á pallaefni, panil, arinviði, og því nýjasta, ylkubbum. Óhætt er að segja að hugmyndirnar eru margar hjá ört stækkandi fyrirtæki og áhugavert verður að sjá fyrirtækið þróast inn í framtíðina.

Á næstu jörð, Víðivöllum ytri 1, er að finna annars konar viðarvinnslu en hjá nágrannanum. Þar fór Hörður Guðmundsson, skógarbóndi og þúsundþjalasmiður, yfir ýmislegt sem hann er að brasa úr efni skógarins. Mest fer fyrir framleiðslu á lerkistaurum. Fyrir um sex árum keypti hann fræsara og hefur eftirspurn girðingarstaura aukist ofboðslega ár frá ári. Nú hefur hann fengið annan fræsara og ætti sú búbót að halda í við eftirspurnina. Nýjasta græjan í flotanum er skífuvél sem lengst af var starfrækt á Flúðum og síðast í Eyjafirði. Hörður framleiðir einnig lífkol en þau eru eftirsóknarverður jarðvegsbætir fyrir t.d. tún. Þessir þrír vöruflokkar falla vel hver að öðrum þar sem hráefnið nýtist fullkomlega.

Á Eskifirði er Einar Birgir Kristjánsson, framkvæmdastjóri Tandrabretta, að framleiða viðarperlur. Í upphafi var lögð höfuðáhersla á að fullnýta aflögð vörubretti en með aukinni grisjun í skógum á Héraði hefur opnast markaður fyrir viðarperlur úr íslensku lerki. Hráefnið er aðallega lakara efnið úr grisjunum sem síður hentar til flettingar. Viðarperlur úr lerki eru olíumettaðri en þekkist í perlum víða í Evrópu og eru fyrir vikið orkuríkari. Tandrabretti framleiðir viðarperlur undir merkinu Ilmur auk þess að hafa umboð fyrir viðarofna sem knúnir eru viðarperlum. Viðarofnar og nýting viðar er sjaldnast nefnt í samhengi orkuskipta en hún hentar mjög vel fyrir svokölluð „köld svæði“ víða um land. Ofnar Tandrabrettis hafa gefið góða raun, t.d. í skóla- og íþróttamannvirkjum í Neskaupstað og í Végarði, húsnæði sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps.

Í Vallanesi búa hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir. Undir merkjum fyrirtækis síns, Móðir jörð, hafa þau getið sér gott orð fyrir lífræna ræktun og má finna ýmsa gómsæta vöruflokka frá þeim í búðarhillum landsmanna. Án stórvaxinna skjólbelta og skóga sem umlykja jörðina á alla kanta er ólíklegt að ræktun væri jafn árangursrík og raun ber vitni. Ræktunarskilyrðin hafa batnað svo mjög að hægt er að líkja því við að landareignin hafi færst nokkuð suður á bóginn því veðurskilyrði eru einfaldlega allt önnur nú en þau voru áður. Nýverið fengu þau fellda aðra hverja ösp innan úr einu stóru skjólbelti í Vallanesi. Þau báðu Skógarafurðir að saga timbrið í fjalir og voru í óðaönn að klæða nýtt gistiheimili með viðnum. Í Vallanesi stendur veitingahús sem byggt er úr heimafenginni ösp og gengur húsið undir nafninu Asparhúsið. Þau hafa keypt tvo ofna hjá Tandrabretti sem mata má bæði með viðarperlum og kurli. Með tilkomu ofnanna munu þau geta nýtt umfram grisjunarvið síns eigin skógar til að hita allan húsakost á jörðinni og eru gróðurhúsin þar með talin.

Húsakynni sveitarstjórnarskrifstofu Fljótsdalshrepps hafa í yfir fimm ár verið hituð með viðarperlum frá Ilmi. Sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, Helgi Gíslason, var á árum áður fyrsti framkvæmdastjóri Héraðsskóga. Hann hefur fylgst með trjánum vaxa á Héraði í gegnum árin og segir að bændaskógræktin hafi fært sveitinni nýtt og búsældarlegra líf. Sauðfjárbændur og kúabændur beita búpeningi í skógana sína glaðir í bragði. Búseta hefur haldist í sveitinni og ef til vill braggast.

Heilsusamlegir útivistarmöguleikar eru í skógunum á Héraði fyrir íbúa og gesti á Egilsstöðum, allan ársins hring.


Stórvirk flettisög hjá Skógarafurðum ehf.


Hörður sýnir Hirti og Jóhanni Gísla glænýjar lerkiskífur.





Vinnslustöð viðarperlanna hjá Tandrabretti er tilkomumikið mannvirki.



Kyndiaðstaðan í Vallanesi er klædd viði sem fengin er úr skóginum þar. Fyrir framan húsið stendur danskur TP kurlari.



Hjörtur leggur við hlustir þegar Helgi Gíslason segir frá sögu Héraðsskóga.

Þetta segir Edda Björnsdóttir, skógarbóndi og fyrsti framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda. Hún býr á Miðhúsum sem er í útjaðri Egilsstaða. Á Miðhúsum eru elstu trén yfir 30 ára gömul. Hún tekur vel eftir aukinni umferð göngufólks í skógi sínum sem og skógum almennt á Héraði. Fólk er fyrst og fremst að stunda útivist en einnig er það að nýta afurðir skógarins svo sem ber og sveppi.

Áhrifa bændaskógræktar gætir víða um sveitir austanlands. Áhrifin eru sennilega mun meiri en samtímamenn þorðu að vona þegar verkefni Héraðsskóga var sett af stað á hinni öldinni. Ungir skógar vaxa víðar en á Héraði og eru nú stór uppvaxandi skógarsvæði í grennd við nær öll þéttbýli landshlutans. Skógar bænda eru eftirsóknarverðir til útivistar, timburnytja, matvælaframleiðslu og til að glæða samfélög lífi inn í komandi framtíð. Ekki er gott að segja hvað hefði orðið um bændur á Héraði ef ríkið hefði ekki lagt hönd á bagga. Ríkisstudd skógrækt fyrir bændur í búrekstri hefur skilað sér enn búsældarlegri sveit þar sem nú er ekki einungis suðrænna loftslag heldur eru skógarnir líka farnir að veita störf og skapa tekjur fyrir bændur og samfélagið allt.

Skógar gera land búsældarlegt. Á faðmi trjáa leynast ýmis tækifæri og landið er glætt lífi. Fólk sækir í skógana ekkert síður en tvívængja farfuglar, ferfættir grasbítar eða sexfættar fjórvængjur. Í þessari grein hefur verið farið yfir margs konar ágæti skóga. Hvernig skógrækt fyrri tíðar skópu atvinnu í sveitinni. Hvernig skógar eru farnir að gefa af sér til samfélagsins. Og síðast enn ekki síst, hvernig byggð og búseta í víðum skilningi getur þróast samhliða skógrækt um land allt. Skógrækt er miklu meira en bara búgrein.

*Höfundur er sérfræðingur í umhverfismálum hjá BÍ.*





**SERES 3**
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

**TILBOÐSVERÐ**
**Kr. 4.100.000**
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ"



## Vilt þú slást í hópinn?

Jurt ehf. auglýsir stöðu ræktunarstjóra í skógarplöntuframleiðslu. Jurt er leiðandi fyrirtæki í nýsköpun í ræktun. Um er að ræða fullt stöðugildi yfirmanns ræktunar á skógarplöntum.

Starfið felst í yfirumsjón með ræktun á skógarplöntum. Ræktunarstjóri mun einnig taka þátt í að þróa verkferla sem stuðla að áframhaldandi uppbyggingu skógarplöntuframleiðslu fyrirtækisins. Jurt er ört vaxandi fyrirtæki og felast mikil tækifæri í starfinu.

*Sækja um:*
***Senda kynningarbréf og ferilskrá á info@jurt.is***

**Jurt ehf., Valgerðarstöðum 4, 701 Egilsstöðum, info@jurt.is**







Wendel
Stofnað 1957

STAURAHAMAR
FRÁ HYCON

FRÁBÆRT VERKFÆRI
TIL AÐ REKA NIÐUR
GRIÐINGASTAURA

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is

# Fjósum á Íslandi fækkað um 9,2% á tveimur árum og 27% síðan 2013



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Árið 2003 hóf Landssamband kúabænda að taka saman upplýsingar um fjósgerðir á Íslandi og þróun þeirra ásamt ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum.**

Þetta hefur síðan verið gert u.þ.b. annað hvert ár og er skýrslan nú unnin á vegum Bændasamtakanna. Nú liggur fyrir ellefta skýrslan og tekur hún til árabilsins 2021–2023. Margt afar áhugavert kemur fram í þessari skýrslu og m.a. að 69,3% fjósa landsins eru nú lausagöngufjós og að 83,0% kúnna á Íslandi eru nú í lausagöngu. Hlutfall mjólkur frá kúm í lausagöngu reiknast nú 84,7% framleiðslunnar. Þá vekur enn athygli að þrátt fyrir mikinn framgang mjaltaþjónatækninnar þá er enn eitt fjós á landinu sem notast við fötukerfi við mjaltir.

### *466 fjós í framleiðslu*

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2023 voru 466 fjós í mjólkurframleiðslu á Íslandi en haustið 2013 voru þau 640 og hefur fjósum því fækkað um 174 á þessu árabili, eða um 27%. Þessi þróun er mjög svipuð því sem verið hefur hér á landi síðustu tvo áratugina en þó virðist fækkunin heldur vera að aukast ef litið er til síðustu tveggja ára. Þá fækkaði fjósunum hér á landi um 47, eða 9,2%.

Þessi þróun hér á landi er heldur hraðari en á sér stað víða í löndum Evrópu, þar sem fjósum hefur verið að fækka um 4–8% á ári undanfarna áratugi. Þrátt fyrir fækkun fjósa á hverju ári bæði á Íslandi og í Evrópu hefur heildarmjólkurframleiðslan ekki dregist saman og raunar aukist, enda hafa eigendur þeirra fjósa sem eftir standa stækkað bú sín.

### *83,0% kúnna í lausagöngu*

Undanfarna áratugi hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á húsvist íslenskra mjólkurkúa og ekki eru nema rétt rúm 25 ár síðan nærri öll fjós landsins voru básafjós af einhverri gerð og kýrnar því bundnar á bása, en þetta er gjörbreytt í dag. Af þeim 466 fjósum sem voru í framleiðslu í árslok 2023 þá voru eins og áður sagði 69,3% þeirra lausagöngufjós.

Þetta hlutfall gefur þó ekki alveg rétta mynd af stöðu aðbúnaðar kúa á Íslandi, því ef litið er til stærðar fjósanna þá eru lausagöngufjósin með mun fleiri kýr að jafnaði.

Í árslok 2023 voru þannig 83,0% allra kúa á landinu í lausagöngufjósum en fyrir átta árum var þetta hlutfall 60,3% svo breytingin er ansi hröð. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þróun fjósgerða hefur verið síðustu áratugi. Eins og sjá má gengu breytingarnar nokkuð hratt fyrir sig fram undir hrun en svo hægði verulega á þróuninni, sem hefur svo aftur tekið mikinn kipp síðustu árin.



Meirihluti kúa á Íslandi eru í lausagöngufjósum. Mynd / ál

### *Mjaltaþjónafjós algengust*

Í skýrslunni er fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals fimm undirflokka þar sem yfirflokkarnir eru annars vegar básafjós og hins vegar lausagöngufjós. Undirflokkar þessara tveggja megin fjósgerða taka svo mið af þeirri mjaltatækni sem er í notkun í fjósunum.

Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur fram að árinu 2013 hefur básafjósum fækkað verulega, eða úr 392 í 143, eða um 63,5%. Á sama tíma tíma hefur lausagöngufjósum fjölgað úr 247 í 323 sem er 30,8% aukning síðan 2013. Raunar fækkaði öllum fjósgerðum á þessu tímabili nema mjaltaþjónafjósum sem voru 262 um síðustu áramót og hafði þeim fjölgað um 7,8% á þessu tveggja ára tímabili sem skýrslugögnin ná til. Þegar sambærileg skýrsla var gefin út fyrir árabilið 2017–2019 var það í fyrsta skipti sem básafjós með rörmjaltakerfi voru ekki lengur algengasta fjósgerðin á landinu síðan gagnasöfnun hófst.

Þess í stað voru það mjaltaþjónafjósin sem voru algengasta fjósgerðin og síðan þá hafa þau bætt vel við sig og nú eru þessi fjós 56,2% allra fjósa landsins. Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu fjósgerða og mjaltatækni síðan 1994.




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994-2023.




*Ekki skilgreind í gagnavinnslu 1994-1997

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting fjósgerða og mjaltatækni á landsvísu 1994–2023.

### *Enn er eitt fjós eftir með vélfötukerfi*

Þegar fyrsta skýrslan var unnin, árið 2003, voru enn í notkun 24 fötukerfi þ.e. mjaltakerfi þar sem kýr eru mjólkaðar með vélfötum. Þessari gerð mjaltatækni hefur svo fækkað ört og nú um áramótin var einungis 1 slíkt kerfi eftir í notkun en þetta bú hefur verið það eina á landinu í nokkur ár.

### *Meðalnyt mjaltaþjóna-fjósa langhæst*

Þegar skoðað er samhengi afurða, samkvæmt skýrsluhaldi RML, og fjósgerða kemur ekki á óvart að fjós með mjaltaþjónum eru langafurðahæst og er það í samræmi við uppgjör fyrri ára. Tekið skal fram að við þessa útreikninga er alltaf notað uppgjör allra búa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvort þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Enn fremur eru til dæmi um að einn skýrsluhaldshafi sé með tvö fjós og/eða eitt fjós með tvo skýrsluhaldshafa. Í þessum tilvikum hafa vegnar niðurstöður verið annaðhvort sameinaðar eða skipt upp eftir ákveðnum reglum. Framangreindar reikniaðferðir bera auðvitað með sér ákveðna skekkju og skal því tekið með fyrirvara, enda má t.d. ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltaþjónatækni vegna tíðari mjalta. Þrátt fyrir þessa annmarka er, eins og áður segir, heildarmeðaltal mjaltaþjónabúa landsins hæst en vegið meðaltal þeirra var 6.635 kg mjólkur að jafnaði á hverja árskú á nýliðnu ári. Næstafurðahæstu búin voru svo básafjós með mjaltabásum með 6.293 kg. Þá voru meðalafurðir kúa í lausagöngufjósum án mjaltaþjóna með 5.915 kg og lægstar meðalafurðir eru að jafnaði í básafjósum með rörmjaltakerfum, eða 5.646 kg. Hver meðalkýr er því að skila af sér 989 kg meira af mjólk ef hún er í mjaltaþjónafjósi miðað við að vera í básafjósi með rörmjaltakerfi. Þessi mikli munur getur skýrst af mörgum þáttum og sýna fyrri athuganir hér á landi að t.d. tíðari mjaltir mjaltaþjóna skýra í kringum helminginn af meðal afurðaaukningunni einni og sér. Hinn hlutann má skrifa á betri aðbúnað og hreyfingu, nákvæmari kjarnfóðrun og almennt betri búnað til bættrar bústjórnar á búum sem nota sjálfvirk mjaltakerfi.

### *Mjaltaþjónafjós einnig stærst*

Ekki þarf að koma á óvart að lausagöngufjós með mjaltaþjónum eru stærst að meðaltali en árskúafjöldi þeirra í árslok 2023 var 69,2 kýr en þessi bú eru að jafnaði með 1,24 mjaltaþjóna. Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta borið mjaltatæknilega séð. Næststærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltaþjóns og þar á eftir koma básafjós með mjaltabásum. Hin hefðbundnu básafjós með rörmjaltakerfum eru vel innan við helmingi minni en mjaltaþjónafjósin eins og sjá má á töflu 2. Út frá framangreindum upplýsingum má áætla framleiðslugetu hverrar fjósgerðar, sem hlutfall af heild. Árið 2009 var fyrsta árið sem mjólk frá kúm í lausagöngu náði yfir 50% af heildinni en nú reiknast þetta hlutfall vera 84,7%.




VERIÐ VELKOMIN Á HVANNEYRI!

Kynntu þér aðstöðu Landbúnaðarháskóla Íslands og fjölbreytt námsframboð – Við tökum vel á móti þér! Einnig verður sama dag sérstök dagskrá og kynning á lífræðilegri fjölbreytni fyrir alla fjölskylduna. **Nánar á lbhi.is** og Facebook @lbhi.is

| | 2013 | 2023 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Básafjós m. fötukerfum | 7 | 1 | -86 % |
| Básafjós m. rörmjaltakerfum | 323 | 121 | -63 % |
| Básafjós m. mjaltabásum | 62 | 21 | -66 % |
| Lausagöngufjós án mjaltaþjóna | 139 | 61 | -56 % |
| Lausagöngufjós m. mjaltaþjónum | 108 | 262 | +143 % |
| Annað | 1 | 0 | -100 % |
| Samtals | 640 | 466 | -27 % |

**Tafla 1. Fjósgerðir og mjaltatækni, breyting á landsvísu síðan 2013.**

| | 2023 - Árskýr, meðaltal |
|---|---|
| Básafjós með rörmjaltakerfum | 28,6 |
| Básafjós með mjaltabásum | 40,8 |
| Lausagöngufjós án mjaltaþjóna | 48,0 |
| Lausagöngufjós með mjaltaþjónum | 69,2 |

**Tafla 2. Meðalfjöldi árskúa eftir fjósgerð og mjaltatækni.**

### *Nærri fjórðungur kúnna í fjósum með >80 kýr*

Í skýrslunni kemur fram að flest fjós landsins eru í dag með 41–60 árskýr, eða 149 talsins, en fjós með færri en 20 árskýr voru ekki nema 30 í árslok 2023 og voru þau þá með 483 árskýr samtals. Það er áþekkur fjöldi árskúa og er í tveimur stærstu fjósum landsins.

Meðalbústærð fjósanna í uppgjörinu var 54,5 árskýr en tveimur árum fyrr var meðalbústærðin 49,9 árskýr, sem er stækkun um 9,2%. Alls voru 152 kúabú með færri en 40 árskýr í þessu uppgjöri, eða 32,6% fjósa landsins, en í þessum fjósum voru þó ekki nema 16,7% af árskúm landsins. Bú á bilinu 40–80 árskýr voru alls 263 talsins eða 56,4% og í þessum fjósum voru 60,2% af árskúm landsins í árslok 2023. Þá voru fjós með fleiri en 80 árskýr alls 51, eða 10,9% og hefur þetta hlutfall hægt og rólega verið að skríða upp á við á undanförnum árum. Þannig voru t.d. ekki nema 3,8% fjósa landsins með fleiri en 80 árskýr árið 2013 svo dæmi sé tekið. Nærri fjórðungur árskúa landsins, eða 23,1%, voru í fjósum með fleiri en 80 árskýr í árslok 2023.

Þetta hlutfall var rétt undir 20% í árslok 2021 sem bendir til þess að þróunin sé heldur í átt að stærri einingum.

### *Hlutfall aftakara hækkar hægt*

Árið 2009 voru í fyrsta skipti teknar saman upplýsingar um vinnuléttandi tækni við mjaltir, þ.e. upplýsingar um brautakerfi í básafjósum, aftakarakerfi í básafjósum og tíðni aftakarakerfa í mjaltabásum. Var þetta gert til þess að varpa betur ljósi á þær vinnuaðstæður sem kúabændur landsins búa við, enda er einn mesti vinnusparnaður við mjaltir talinn felast í aftakaratækninni. Á þeim 14 árum sem liðin eru hefur orðið tiltölulega lítil hlutfallsleg aukning á notkun tækninnar og þannig mátti finna aftakara í 41,7% fjósa árið 2009 en nú í 51,2% allra fjósa þar sem hefðbundin mjaltatækni er notuð. Þessi vinnuléttandi tækni eykst því afar hægt hér á landi þrátt fyrir að hafa verið nú í notkun í rúma hálfa öld í heiminum.

Í skýrslunni eru ýmsar aðrar upplýsingar en hér hafa verið nefndar en hægt er að lesa hina ítarlegu skýrslu í heild sinni á vef Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is.








Haugarfi, sem sést hér inni á milli kartöflugrasa, er ein algengasta illgresistegundin á Íslandi og getur myndað stórar breiður ef hann er látinn óáreittur. Mynd / Aðsend



Herfi með stillanlegu átaki eru notuð gegn illgresi í grænmetisræktun, kornrækt og kartöflurækt. Myndir / Helgi Jóhannesson

# AGROSUS, verkefni um umhverfisvænni aðferðir í baráttunni við illgresi

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tekur þátt í verkefninu AGROSUS, metnaðarfullu evrópsku samstarfsverkefni um umhverfisvænni leiðir við meðhöndlun illgresis í landbúnaði.**



Sigrún Dögg Eddudóttir.

Samstarfsaðilar í verkefninu eru 16 talsins og frá 11 löndum, m.a. háskólar, rannsóknarstofnanir, bændasamtök og fyrirtæki í landbúnaði. Verkefnið er fjármagnað af Horizon Europe, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins. Evrópusambandið hefur lagt áherslu á að finna leiðir til þess að draga úr notkun varnarefna í landbúnaði.

Ástæða þess er að mengunar vegna kemískra varnarefna hefur orðið vart í ám, stöðuvötnum og jarðvegi á meginlandi Evrópu. Einnig eru uppi áhyggjur af áhrifum efnanna á örverur í jarðvegi og líffræðilega fjölbreytni. Það er hins vegar ekki einfalt að leggja varnarefnabrúsann á hilluna. Til að mynda eru engar aðrar aðferðir sem þekktar eru í dag jafn árangursríkar gegn illgresi og kemísk varnarefni.

Notkun varnarefna gegn illgresi er því, eins og staðan er í dag, nauðsynleg til þess að tryggja góða uppskeru í hefðbundinni ræktun. Í lífrænni ræktun, þar sem notkun slíkra varnarefna er bönnuð, er hreinsun illgresis mjög vinnuaflsfrek. Það er því brýn þörf á að þróa umhverfisvænar aðferðir sem koma í staðinn fyrir kemísk efni og krefjast ekki mikils vinnuafls. Undanfarið hefur áhugi aukist á því að rannsaka landbúnaðarvistfræðilegar (agroecology á ensku) aðferðir og hvort hægt sé að nýta þær til þess að minnka notkun varnarefna.

Í AGROSUS-verkefninu eru landbúnaðarvistfræðilegar aðferðir við meðhöndlun illgresis í brennidepli. Landbúnaðarvistfræðilegu aðferðunum sem rannsakaðar verða í verkefninu má skipta í fjóra flokka: 1) hefðbundnar ræktunaraðferðir (t.d. skiptiræktun og þekjuplöntur), þessar aðferðir stuðla að bættu jarðvegsheilbrigði, bættum næringarefnahringrásum og meiri bindingu kolefnis, 2) aðferðir þar sem nýttar eru vélar eða handafl, svo sem raðhreinsun með tækjum, þekjuefni sem dreift er á milli nytjaplantna og dúkar sem koma í veg fyrir illgresi, 3) líffræðilegar varnir, til að mynda beit þar sem hún á við og lífræn varnarefni (bioherbicides á ensku) og 4) fyrirbyggjandi aðferðir sem byggja á stafrænni tækni, en í verkefninu munu samstarfsaðilar í Portúgal, Úkraínu og á Spáni m.a. þróa aðferðir þar sem loftmyndir úr drónum verða notaðar til þess að kortleggja útbreiðslu illgresis.



Ýmsum aðferðum er beitt í baráttunni við illgresi í lífrænni ræktun.

Í verkefninu er lögð áhersla á samstarf sem flestra hagsmunaaðila í landbúnaði og virðiskeðju matvæla, s.s. bænda, ráðunauta, vísindamanna, fulltrúa félagasamtaka og fólks úr stjórnsýslu. Verkefnið hófst síðastliðið sumar og í fyrsta hluta þess var lögð áhersla á öflun upplýsinga og myndun tengslanets í kringum verkefnið. Spurningalisti var sendur til bænda sem stunda kornrækt og útiræktun grænmetis og tekin voru viðtöl við aðra hagsmunaaðila í landbúnaði.

Tilgangurinn var að afla upplýsinga um algengustu illgresistegundirnar á Íslandi og hvaða varnarefni eru notuð gegn illgresi hér á landi. Einnig var spurt um hindranir sem koma í veg fyrir notkun umhverfisvænni aðferða við illgresiseyðingu, sem og hvaða hvatar geti stuðlað að breytingum. Í febrúar var svo haldin vinnustofa þar sem farið var yfir niðurstöður úr spurningakönnuninni og viðtölunum. Góðar umræður sköpuðust meðal þátttakenda á vinnustofunni og þar kom fram að helstu hindranir sem standa í vegi fyrir notkun landbúnaðarvistfræðilegra aðferða við meðhöndlun illgresis eru áhyggjur af minni uppskeru, skortur á upplýsingum um aðferðirnar meðal bænda og lítill stuðningur frá yfirvöldum. Tækin sem tilheyra landbúnaðarvistfræðilegu aðferðunum eru dýr og hafa ekki verið prófuð við íslenskar aðstæður.

Ekki er boðið upp á styrki til tækjakaupa og felst því töluverð fjárhagsleg áhætta í því fyrir bændur að skipta illgresiseyðinum út fyrir landbúnaðarvistfræðilegar aðferðir. Einnig kom fram að erfitt væri að samnýta tæki, bæði vegna fjarlægðar milli býla og þess hversu takmarkaður tími gefst til þess að nota þau, þar sem notkun þeirra er oft háð veðri. Þátttakendur töldu styrki geta hjálpað bændum að taka upp nýjar aðferðir við illgresiseyðingu. Þátttakendur töldu enn fremur að trú á árangur af aðferðunum myndi aukast með aukinni þekkingu, þar spila tilraunir og prófanir á tækjum stórt hlutverk við að sýna fram á gagnsemi annarra aðferða en kemískra varnarefna.

Næsta skref AGROSUS eru tilraunir með aðferðir við illgresiseyðingu, sem munu fara fram á Suðurlandi sumrin 2024 og 2025. Gerðar verða tilraunir með ræktun á byggi, kartöflum, gulrótum og hvítkáli. Þrjár landbúnaðarvistfræðilegar aðferðir verða prófaðar fyrir hverja tegund og áhrif þeirra verða borin saman við áhrif hefðbundinnar meðferðar með illgresiseyði. Til þess að skoða árangur af hverri aðferð verða gerðar mælingar á þekju og tegundafjölbreytni illgresis, fylgst verður með heilbrigði nytjaplantna á vaxtartímabilinu, stærð þeirra og eiginleikar mældir. Í lok ræktunartímabilsins verða gerðar mælingar á uppskeru úr hverjum reit s.s. heildaruppskeru, söluhæfri uppskeru, og efnainnihaldi.

Gögnin munu gefa upplýsingar um gagnsemi mismunandi aðferða við illgresiseyðingu og hvort landbúnaðarvistfræðilegu aðferðirnar standast samanburð við kemísku varnarefnin. Þátttakendur á vinnustofunni voru beðnir um að koma með tillögur að aðferðum til að nota í illgresistilraununum sumarið 2024.

Töluverður munur var á áherslum milli aðila sem tengjast kornrækt annars vegar og garðyrkju hins vegar. Áhugi þeirra sem koma að ræktun korns var mestur á ræktunartækni, s.s. áburðarmagni, sáðdýpt og sáðtíma, til þess að gera nytjajurtina sem samkeppnishæfasta gegn illgresinu. Meðal þátttakenda sem tengjast garðyrkju var hins vegar mikill áhugi á að prófa tæki sem hreinsa illgresi.

Undirbúningur tilrauna sumarið 2024 stendur nú yfir og verða þær settar upp í samræmi við tillögur þátttakenda á vinnustofunni. Niðurstöður og árangur sumarsins verða síðan rædd á annarri vinnustofu sem haldin verður í haust, þar sem farið verður yfir hvort einhverjar breytingar þurfi að gera fyrir tilraunir sumarsins 2025.

Þegar tilraununum lýkur og meiri upplýsingar liggja fyrir um það hvernig aðferðirnar virka, verður áhersla lögð á miðlun upplýsinga um landbúnaðarvistfræðilegar aðferðir. Niðurstöðum tilraunanna hér á landi og í öðrum samstarfslöndum verður miðlað til bænda og annarra hagsmunaaðila m.a. með þjálfun, jafningjafræðslu, kennslugögnum og leiðbeiningum árin 2026 og 2027 en verkefninu lýkur árið 2027.

*Höfundur er ráðgjafi á sviði umhverfis- og loftslagsmála.*




KGM
Bíll á mynd er með 37” breytingu.
Rexton - alvöru jeppi
Lúxus ferðafélagi!
Verð frá 9.290 þús. kr.
(Verð frá 12.890 þús, kr. með 37” breytingu)
• Byggður á grind
• Millikassi með háu og lágu drifi
• 8 þrepa sjálfskipting
• 202 hestöfl
• Sparneytin dísel vél
• 3,5 t dráttargeta
• 5 ára ábyrgð
• Bakkmyndavél
• 7 manna *
• Sjálfstæð fjöðrun **
• Læst afturdrif **
* Premium, Adventure og Ultimate. | ** Adventure og Ultimate.
Fæst með 33”, 35” og 37” breytingapökkum.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.
benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla
Fimm ára ábyrgð
Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200
Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Belgjurtir – yrki




Elena Westerhoff.
Þórey Gylfadóttir.

**Belgjurtir er fjölbreytt ætt plantna sem ýmist eru ræktaðar fyrir fræin eða blaðmassann.**

Þær sem ræktaðar eru vegna blaðmassans hafa þó ólíka byggingu sem hefur áhrif á nýtingu þeirra og hversu vel þær henta til beitar eða sláttar auk þess sem rótarkerfi þeirra er ýmist kröftug stólparót, eins og á rauðsmára, eða grynnra og veikara rótarkerfi, eins og á hvítsmára sem auk þess er með jarðlæga skriðula stöngla (smærur).

Belgjurtir eru mikið ræktaðar erlendis enda geta þær, í samlífi við bakteríur, bundið köfnunarefni (N2) úr andrúmslofti sem er mjög mikilvægt ferli, ekki síst í landbúnaði. Þær eru prótein- og steindaríkari en grös og hafa jarðvegsbætandi áhrif umfram grös. Belgjurtir gera heldur meiri kröfur til ræktunarskilyrða en grös og hafa t.d. hærra kjörsýrustig og láta síður bjóða sér lélega jarðvinnslu. Nauðsynlegt er að smita fræ með niturbindandi bakteríum fyrir sáningu og nú síðustu ár er farið að bjóða til sölu fræ sem er forsmitað, fyrir þá sem það vilja. Einnig er í boði að kaupa fyrir fram tilbúnar blöndur, t.d. smára og grasa.

Áhugi á belgjurtarækt hér á landi hefur í gegnum tíðina sveiflast með áburðarverði en því til viðbótar má nú greina aukinn áhuga sem tengja má við loftslagsmál. Byggt á gögnum úr forritinu Jörð, með fyrirvara um nákvæmni skráninga þar, sést á mynd 1 að notkun á rauðsmára er orðin meiri en hvítsmára og einnig sést að aðeins er verið að sá öðrum tegundum svo sem refasmára (alfaalfa/lucerne) og einæru tegundunum, loga- og persasmára. Rannsóknir og reynsla sýnir að refasmári lifir almennt illa hér á landi en þetta er sú fjölæra fóðurbelgjurt sem mest er ræktuð í heiminum. Einærar belgjurtir hafa ekki verið mikið notaðar hér á landi en þó má sjá að margföldun er á notkun á ertum síðustu árin, sjá mynd 2. Notkun á einærri lúpínu, flækjum og hestabaunum er hins vegar óveruleg en ertur geta gefið mikla og góða uppskeru sem heilsæði t.d. með byggi eða höfrum. Almennt er hægt að segja að þessar tegundir séu á mörkum þess að lifa vel hér á landi en mikilvægt er að huga að yrkjaprófunum og nota þau yrki sem hafa reynst betur en önnur byggt á þeim tilraunum sem hafa verið gerðar. Vert er að skoða upplýsingar í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi sem Landbúnaðarháskóli Íslands hefur gefið út til skamms tíma auk þess sem hægt er að finna samantekt á sáðvöru og umsögnum um yrki á heimasíðu RML, undir „Ráðgjöf“ og velja þar „Sáðvara“ undir „Jarðrækt“.






Mynd 2. Notkun á einærum belgjurtum síðustu 5 árin í fjölda hektara (ha) samkvæmt skráningum í Jörð.




Mynd 3. Notkun á yrkjum af rauðsmára á árunum 2019–2023 samkvæmt skráningum í Jörð, sem hlutfall (%) af heildarnotkun á rauðsmára sérhvert ár. Yrki sem eru stjörnumerkt (*) eru með umsögn í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi.




Mynd 4. Notkun á yrkjum af hvítsmára á árunum 2019–2023 samkvæmt skráningum í Jörð, sem hlutfall (%) af heildarnotkun á hvítsmára sérhvert ár. Yrki sem eru stjörnumerkt (*) eru með umsögn í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi.




Mynd 1. Fjöldi hektara (ha) sem smára var sáð í síðustu fimm árin samkvæmt skráningum í Jörð. Logasmári og persasmári eru einærar tegundir.

### *Rauð- og hvítsmári*

Þær belgjurtir sem mest eruð notaðar hér á landi eru rauð- og hvítsmári enda eru þær góðar fóðurjurtir og hægt er að spara notkun á N áburði með ræktun þeirra. Nauðsynlegt er að sá þeim í blöndu með grasi hér á landi vegna lifunar en ólíkar grastegundir geta haft mismunandi áhrif þegar kemur að samkeppni við smárann. Samsetning blandna grasa og smára skiptir máli, bæði tegundir en ekki síður hlutföll hverrar tegundar og hér þarf að horfa til þess hvernig á að nýta land og uppskeru. Á myndum 3 og 4 sjást hlutföll yrkja af annars vegar rauðsmára (mynd 3) og hins vegar hvítsmára (mynd 4) sem notuð voru í sáningar á árunum 2019–2023.

Sem betur fer hefur notkun á yrkjum af rauðsmára sem ekki eru á Nytjaplöntulistanum farið fækkandi en því miður er ekki hægt að segja það sama varðandi hvítsmárann. Hvítsmára-yrkið Hebe hefur verið prófað í yrkjatilraunum en hefur ekki náð því að komast á lista yfir yrki sem mælt er með. Vonandi mun hlutfall yrkja sem ekki eru á Nytjaplöntulistanum minnka í framtíðinni eins og hefur gerst hjá rauðsmáranum.

### *Hverju ertu að sá? Hverju sæddirðu með?*

Aldrei verður það sagt of oft að mjög mikilvægt er að nota yrki sem hafa reynst vel hér á landi. Afskaplega sorglegt er að heyra af því þegar ræktun mistekst, með allri þeirri fyrirhöfn og kostnaði sem endurræktun fylgir, vegna þess að sáð var yrki/yrkjum sem eru alls ekki aðlöguð að okkar aðstæðum. Ef yrki er aðlagað aðstæðum í Mið-Evrópu eru afskaplega litlar líkur á því að það lifi hér á landi og nýtist sem fóðurjurt.

Að gera tilraunir með eitthvað nýtt á smáum skala er allt í lagi vilji menn það, en nauðsynlegt er að öllum sé ljóst ef tvísýnt er um árangur, umfram það sem gengur og gerist í ræktun hér á landi. Þrátt fyrir loftslagsbreytingar þá erum við enn þá á eyju á norðurhjara og verðum að taka mið af því. Vetrarþol er eiginleiki sem ekki er hægt að horfa fram hjá þegar yrki eru valin og svellþol skiptir líka máli en hægt er að leiða líkum að því að með auknum sveiflum í veðurfari, hvort sem er hita eða úrkomu, að þá séu þessir þættir ekki síður mikilvægir. Mikilvægt er að bændur viti hverju þeir eru að sá og að það sé í samræmi við væntingar út frá áætlaðri notkun. Ef eitthvað er óljóst er hægt að leita sér upplýsinga og/eða óháðrar ráðgjafar. Bændur eiga ekki að sætta sig við neitt annað en úrvals fræ sem ljóst er að lifi og geti skilað góðri uppskeru.

### *Hvað má fræið kosta?*

Plöntur sem aðlagaðar eru norðlægum aðstæðum eru t.d. með smærri blöð en þær sem lifa sunnar á hnettinum og eins er yfirleitt erfiðara og dýrara að framleiða fræ að plöntum og yrkjum sem henta hér á landi samanborið við Mið-Evrópu.

Það er því eðlilegt að fræ sem hefur þá eiginleika sem það þarf til að lifa hér og dafna sé dýrara þar sem dýrara er að framleiða það. Hvað kostar jarðvinnslan, kölkunin, hreinsun á skurðum, sáningin og áburðurinn? Og hvað kostar fræið?

Það að spara í kaupum á fræi getur seint borgað sig. Fræin sem fara í jörðina eru ekki síður mikilvæg en fræin sem legið er yfir vali á þegar kemur að sæðingum gripa.

*Höfundar eru ráðunautar í jarðrækt.*




| | Eigandi | Býli | Fjöldi áa | Fjöldi áa | Kg eftir allar | Nytjahlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskot, Biskupstungum | 285 | 69 | 43,7 | 87,7% |
| 2 | Bergþóra og Sigurbjörn | Kiðafell, Kjós | 148 | 39 | 39,4 | 87,4% |
| 3 | Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjar, Fitjárdal | 805 | 201 | 39,2 | 87,0% |
| 4 | Inga Ragnheiður Magnúsdóttir | Svínafell 3 (Bölti), Öræfum | 227 | 31 | 38,1 | 89,2% |
| 5 | Þórður og Birgitta | Möðruvöllum 2, Hörgárdal | 129 | 15 | 37,6 | 89,2% |
| 6 | Björn og Badda | Melum 1, Árneshrepp | 295 | 62 | 37,4 | 88,6% |
| 7 | Þórður Jónsson | Árbæ, Reykhólasveit | 96 | 11 | 37,4 | 90,7% |
| 8 | Ágúst Ingi Ketilsson | Brúnastöðum, Flóa | 104 | 26 | 36,5 | 85,3% |
| 9 | Elín Heiða Valsdóttir | Úthlíð, Skaftártungu | 328 | 75 | 36,5 | 86,9% |
| 10 | Jón og Hrefna | Hóli, Sæmundarhlíð | 202 | 53 | 36,5 | 91,4% |
| 11 | Böðvar Sigvaldi og Ólöf | Mýrar 2, Hrútafirði | 544 | 123 | 36,0 | 88,0% |
| 12 | Kjartan Sveinsson | Bræðratungu, Biskupstungum | 242 | 37 | 35,9 | 91,3% |
| 13 | Magnús Jósefsson | Steinnesi, Þingi | 623 | 145 | 35,8 | 85,3% |
| 14 | Eysteinn og Aldís | Laufhóli, Viðvíkursveit | 132 | 35 | 35,8 | 93,4% |
| 15 | Viðar og Sigríður | Kaldbak, Rangárvöllum | 147 | 33 | 35,4 | 90,3% |
| 16 | Ása Berglind Böðvarsdóttir | Mýrar, Hrútafirði | 282 | 67 | 35,4 | 88,2% |
| 17 | Magnús Örn og Ingibjörg Jónína | Bergsstöðum, Vatnsnesi | 398 | 92 | 35,1 | 89,1% |
| 18 | Atli Þór og Guðrún | Koti, Svarfaðardal | 96 | 13 | 34,9 | 90,5% |
| 19 | Karl Steingrímsson | Kálfafelli, Fljótshverfi | 102 | 9 | 34,7 | 91,5% |
| 20 | Byggðaból ehf | Kálfafell 1, Suðursveit | 210 | 54 | 34,6 | 88,0% |

**Tafla 3. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir allar ær (veturgamlar og fullorðnar). Bú með 100 eða fleiri vetrarfóðraðar kindur.**

## Töflu vantaði

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins birtist grein Eyjólfs Ingva Bjarnasonar og Árna Bragasonar, ráðunauta í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, um niðurstöður sauðfjárskýrsluhalds árið 2023.

Því miður féll út ein tafla sem birta átti með greininni. Hún er hér að ofan. Í vefútgáfu greinarinnar á vefnum bbl.is má finna greinina alla með töflunni. Beðist er velvirðingar á mistökunum. */ghp*

# Þrjú ný naut til notkunar

**Nú koma nautin til notkunar nokkurn veginn eftir því sem sæðistöku úr þeim vindur fram.**


**Guðmundur Jóhannesson.**

Þannig eru þrjú naut tilbúin til dreifingar og notkunar og eru þau fædd snemma ársins 2023. Þetta eru Reykhóll 23002, Ísjaki 23004 og Miði 23006. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim.

**Reykhóll 23002** er fæddur 6. jan. 2023 á Reykhóli á Skeiðum undan Bikari 16008 og Skræpu 727 Piparsdóttur 12007. Reykhóll er dökkbrandhuppóttur, kollóttur. Boldjúpur og útlögugóður með aðeins veika yfirlínu. Fremur breiðar, beinar og þaklaga malir. Bein, sterkleg og gleið fótstaða. Háfættur myndargripur. Meðalvaxtarhraði 940 g/dag.

Reykhóll kemur til notkunar á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Reykhóls segir að dætur hans verði fremur bolmiklar, nokkuð háfættar og mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk um meðallagi og próteinhlutfall hátt. Júgurgerðin úrvalsgóð, vel borin júgur með mikla festu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar í tæpu meðallagi að lengd, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Heildareinkunn 111.

**Ísjaki 23004** er fæddur 18. jan. 2023 í Gaulverjabæ í Flóa undan Jarfa 16016 og Bambaló 642 Dropadóttur 10077. Ísjaki er kolskjöldóttur, mikið hvítur, kollóttur. Boldjúpur en útlögulítill með fremur beina yfirlínu. Meðalbreiðar, beinar og þaklaga malir. Bein, sterkleg en aðeins þröng fótstaða. Háfættur og sterklegur gripur. Meðalvaxtarhraði 787 g/dag.

Ísjaki kemur til notkunar á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Ísjaka segir að dætur hans verði fremur bolléttar, nokkuð háfættar og mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk undir meðallagi og próteinhlutfall heldur yfir meðallagi. Júgurgerðin mjög góð, vel borin júgur með mikla festu en ekki mjög greinilegt júgurband. Spenar undir meðallagi að lengd, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir meðalgóðar og skapið um meðallag. Heildareinkunn 110.

**Miði 23006** er fæddur 5. feb. 2023 á Syðra-Hóli í Skagabyggð undan Bikar 16008 og kú nr. 610 Ulladóttur 10089. Miði er dökkbrandskjöldóttur, kollóttur. Boldjúpur með prýðilegar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Meðalbreiðar, beinar og þaklaga malir. Bein, sterkleg og gleið fótstaða. Háfættur og sterkbyggður gripur.


**Reykhóll 23002.**
Myndir / Sveinbjörn Eyjólfsson


**Ísjaki 23004.**


**Miði 23006.**

Meðalvaxtarhraði 853 g/dag.

Miði kemur til notkunar á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Miða gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk aðeins undir meðallagi en próteinhlutfall heldur yfir meðallagi. Þetta ættu að verða fremur bolmiklar kýr og í meðallagi háfættar. Júgurgerðin góð, meðalvel borin júgur með góða festu og greinilegt júgurband. Spenar yfir meðallagi að lengd, nokkuð grannir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Heildareinkunn 110.

Í dreifingu og notkun frá Nautastöðinni er því núna 21 naut og státa þau af heildareinkunn frá 108 upp í 113. Flest eru þau fædd árið 2022 eða tólf talsins og fjögur þeirra eru fædd 2023. Það verður því ekki sagt annað en að erfðaframfarasúrvalið sé farið að virka af fullum þunga.

Þeir Reykhóll, Ísjaki og Miði munu berast í kúta frjótækna um land allt á næstu vikum eftir því hvenær sendingar sæðis frá Nautastöðinni fara fram en útsendingar sæðis eru á 2–6 vikna fresti eftir svæðum.

Á nautaskra.is er að finna upplýsingar um öll naut í notkun, m.a. sundurliðað erfðamat eftir eiginleikum. Erfðamatið er uppfært nokkuð ört, eða 2–3 sinnum í mánuði, og þá er það uppfært, bæði í Huppu og á nautaskra.is.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.*









Pistill varaformanns

# Túmatur – tómatur

**Sem barn velti ég stundum fyrir mér af hverju amma mín kallaði tómata alltaf túmata, þá velti ég fyrir mér hvort þetta væru kannski danskir tómatar þar sem amma sletti stundum á dönsku.**

Mér varð hugsað til þessa þegar ég rakst á umræðu á fjölmennri Facebook-síðu þar sem einstaklingur velti fyrir sér uppruna og verðmun á hollenskum og íslenskum tómötum. Verð er að sjálfsögðu stór þáttur þegar kemur að vali neytenda á matvælum en gæði og framleiðsluhættir eru það líka. Gæði íslenskra framleiðsluhátta felast m.a. í hreinleika vatns, lágmarksnotkun varnarefna og sýklalyfja. Framleiðslunni eru einnig sett ýmis skilyrði er snúa að dýravelferð og vinnslu sem eiga að tryggja gæði vörunnar. Síðast en ekki síst þarf að tryggja fólkinu sem starfar við matvælaframleiðslu hér sambærileg kjör og öðrum starfsstéttum. Hugmyndin um að á sama landi getum við búið við íslensk laun og vaxtastig en hollenskt matvælaverð gengur tæpast upp. Einhver gætu þá spurt hvort ekki sé bara einfaldara að eftirláta öðrum að framleiða fyrir okkur matinn en heimsmynd okkar er í stöðugum breytingum.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

> Það er hagur allra aðila framleiðslukeðjunnar að sameinast um að lyfta íslenskum afurðum á þann stall sem þær eiga skilið ...

Eins og alltaf þegar kreppir að beindist athygli heimsins að mikilvægi fæðuöryggis í heimsfaraldri. Nú þegar lífið er aftur farið að ganga sinn vanagang verðum við vís til að gleyma þessu. Mannkyninu hefur þó ekki enn tekist að framleiða bóluefni við hlýnun jarðar og öðrum umhverfislegum áskorunum svo að gripið hefur verið til viðbragðsaðgerða sem margar hverjar hafa áhrif á matvælaframleiðslu heimsins. Holland er dæmi um útflutningsþjóð með landbúnaðarvörur sem hefur gripið til aðgerða sem hafa áhrif á matvælaframleiðslu landsins í nafni umhverfismála. Margar aðgerðanna snúa einfaldlega að því að draga úr matvælaframleiðslu. Sömuleiðis höfum við séð hvernig orkukrísa, stríð og uppskerubrestur hafa haft veruleg áhrif á matvælaframleiðslu heimsins og verðum að átta okkur á því að það getur seint talist okkur til hagsbóta að reiða okkur alfarið á matvælaframleiðslu annarra þjóða.

Uppruni tómata hafði ekkert að gera með orðaval ömmu heitinnar. Reyndar voru amma og afi í góðu sambandi við íslenskan landbúnað þrátt fyrir að vera uppaldir Reykvíkingar og studdu íslenska framleiðslu. Þau voru af kynslóð þar sem fleiri höfðu tenginguí sveit og samfélagsleg hugsun hafði sitt að segja þegar kom að matarinnkaupum. Þjóðin tekur stöðugum breytingum, ekki aðeins eru færri sem hafa tengingu við sveit, heldur er íslenska þjóðin líka orðin ríkari af fólki af öðrum uppruna en íslenskum.

*Samstaða alla framleiðslukeðjuna*

Þrátt fyrir breytt samfélagsmunstur eru neytendur enn áhugasamir um uppruna og framleiðsluhætti matvæla og það hefur orðið áberandi aukning á því að neytendur hafi samband við Bændasamtökin þar sem er kallað eftir því að upprunamerkingar verði bættar. Þetta er auðvitað ánægjulegt því að góð tengsl milli framleiðenda íslenskrar búvöru og neytenda eru okkur dýrmæt. Svar við ákalli neytenda er vottaða upprunamerkið Íslenskt staðfest sem Bændasamtökin hafa komið á laggirnar. Með merkinu á að auðvelda neytendum að velja íslenskt og undir merkjum þess viljum við vekja áhuga á innlendri matvöru, gera íslenskri framleiðslu hærra undir höfði og vekja athygli á margrómuðum kostum innlendrar matvælaframleiðslu. Það er hagur allra aðila framleiðslukeðjunnar að sameinast um að lyfta íslenskum afurðum á þann stall sem þær eiga skilið og að innlend matvælaframleiðsla dafni. Bændur væru illa staddir án afurðastöðva og verslana, eins væri úrvalið fátæklegt í verslunum ef ekki væri fyrir bændur.

Öflug matvælaframleiðsla er þjóðinni dýrmæt og það er verkefni ríkisvaldsins að búa svo um hnútana að hér geti íslensk matvælaframleiðsla vaxið og dafnað í samkeppnishæfu starfsumhverfi. Verkfæri ríkisins til þessa eru fjölmörg en búvöru- og tollasamningar eru þeirra sterkasta vopn. Því leggjum við áherslu á mikilvægi þess að vinna að búvörusamningum verði góð og ítarleg þar sem sameiginlegt markmið allra aðila verði að efla íslenskan landbúnað okkur öllum til hagsbóta.

*Herdís Magna Gunnarsdóttir,*
*varaformaður Bændasamtaka Íslands.*






„Með því að takmarka fjölda hryssa í blóðtökustarfsemi er jafnframt verið að takmarka atvinnufrelsi bænda," segir Katrín Pétursdóttir m.a. í grein sinni. Mynd / ghp

Réttarfréttir:

# Atvinnuréttindi bænda

**Íslenska ríkinu hefur verið stefnt fyrir dómi vegna ákvörðunar matvælaráðherra um að fella starfsemina um blóðtöku úr fylfullum hryssum undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.**



Katrín Pétursdóttir.

Það er þá fjórða regluverkið sem atvinnugreinin vinnur eftir á þeim 22 árum eftir að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum var felld úr gildi sem hafði gilt um atvinnugreinina í um eitt ár. Tilgangur setningar þeirrar reglugerðar var að leysa úr réttaróvissunni og gera það skýrt að starfsemin sé leyfisskyld og háð skilyrðum og að hún falli ekki undir ákvæði reglugerðar um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, sbr. skýrsla starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni gildir hins vegar ekki um starfsvenjur í landbúnaði sem ekki eru á tilraunastigi. Sú starfsemi sem hér um ræðir hefur verið stunduð í hartnær 50 ár og er rekið til rannsókna frá 5. og 6. áratug 20. aldar og verður að teljast afgerandi niðurstaða að atvinnugreinin falli ekki undir gildissvið reglugerðarinnar vegna þess. Tilgangur reglugerðarinnar er m.a. að stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísinda- og menntunarskyni. Með því að takmarka fjölda hryssa í blóðtökustarfsemi er jafnframt verið að takmarka atvinnufrelsi bænda, sem starfa við atvinnugreinina, sem eru grundvallarmannréttindi, tryggð með stjórnarskrá. Til áréttingar nægja reglugerðarákvæði ekki í þessu samhengi.

*Skilyrði skerðingar*

Til að skerða megi atvinnufrelsið þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt, annars vegar þarf lagaákvæði að kveða á um skerðinguna og hins vegar verða almannahagsmunir að liggja þeirri lagasetningu til grundvallar.

Orðalagið kveður skýrt á um að bæði skilyrðin þurfi að vera uppfyllt og nægir hvorki lagasetningin ein og

> Til að skerða megi atvinnufrelsið þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt ...

sér ef almannahagsmuni skortir, né heldur dugar að almannahagsmunir séu til staðar ef heimild til skerðingar skortir í lög. Þegar ágreiningur stendur um það hvort stjórnvöld hafi viðhlítandi lagaheimild til að taka íþyngjandi ákvörðun ræðst það af lögskýringu á viðkomandi lagaákvæði, hvort það hafi að geyma fullnægjandi valdheimild. Þeim mun tilfinnanlegri og meira íþyngjandi sem skerðingin er, þeim mun skýrari þarf sú lagaheimild að vera, sem viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæli er mæla fyrir um skerðinguna, byggja á. Kröfur til skýrleika lagaheimildar eru breytilegar allt eftir efni stjórnvaldsákvörðunar.

Af hæstaréttardómum sem fallið hafa er ljóst að strangar kröfur eru gerðar til skýrleika lagaheimilda í tilvikum þeim þar sem um mannréttindi á borð við atvinnufrelsi er að ræða, eins og kom fram í dómi Hæstaréttar nr. 239/1987. Þar segir: „Samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar þarf lagaboð til að leggja bönd á atvinnufrelsi manna. Með orðinu „lagaboð" er átt við sett lög frá Alþingi. Reglugerðarákvæði nægja ekki ein sér. Lagaákvæði er takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé svo ekki, ber að túlka þau einstaklingi í hag, því að mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum."

*Menn ráða yfir réttindum sínum*

Atvinnuréttindi geta byggst á sérstöku leyfi af hálfu hins opinbera og teljast þannig til eignarréttinda rétthafans og njóta þá verndar samkvæmt eignarrétti. Menn ráða yfir réttindum sínum, skv. opinberu leyfi, og geta því hagnýtt sér slík réttindi og hægt er að leita til dómstóla til verndar réttindum sem leyfið veitir, líkt og málið sem er fyrir dómstólum nú snýst meðal annars um.

Má því ætla, að með því sé gefið í skyn, að um atvinnuréttindi sé að ræða, sem getur notið verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og styður það þá skoðun, að atvinnuréttindi almennt geti talist eign í skilningi þess ákvæðis, sbr. einnig dóm Hæstaréttar nr. 1996, bls. 3002 þar sem fram kemur að samkvæmt grunnreglum sem þá giltu um eignarrétt og atvinnufrelsi, urðu þau réttindi ekki síðar felld niður nema með heimild í settum lögum og þar ekki takmörkuð nema samkvæmt almennri reglu, þar sem jafnræðis væri gætt. Hæstiréttur féllst ekki á að stjórnvöld hafi getað farið með þetta vald nema að fenginni ótvíræðri heimild almenna löggjafans.

*Á borði dómstóla*

Undirrituð telur að með reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum hafi stjórnvöld gefið út sérstaka heimild til að stunda starfsemina sem um ræðir þar sem sérstaklega er tekið fram í reglugerðinni að gildistími hennar sé til 6. október 2025. Jafnframt var gefið út sérstakt leyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum sem gildir til og með 5. október 2025 í samræmi við 3. gr. reglugerðar um blóðtöku úr fylfullum hryssum, og á grundvelli 20. gr. laga um velferð dýra, sem verður að teljast sem eign í skilningi eignarréttar.

Þeir bændur sem svo reiða sig á tekjur sem aflast vegna atvinnustarfseminnar njóti þeirra atvinnuréttinda sem vernduð eru með stjórnarskrá. Matvælastofnun gaf það út nýlega að starfsleyfið sem um ræðir er í gildi til 5. október 2025, sem er hárrétt afgreiðsla að mati undirritaðrar.

Þá er það komið á borð dómstóla að úrskurða um hvort starfsemi til blóðsöfnunar úr fylfullum hryssum falli undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, þrátt fyrir ákvörðun matvælaráðherra um að fella starfsemina undir reglugerðina sem ekki gildir um starfsvenjur í landbúnaði sem ekki eru á tilraunastigi.

*Höfundur er lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.*

# Katrín Jakobsdóttir er verðugur þjóðhöfðingi

**Sem forsætisráðherra í ríkisstjórn þriggja ólíkra flokka hefur Katrín Jakobsdóttir sýnt mikla hæfni sem þjóðarleiðtogi, mannasættir og sameiningarafl.**



Guðni Ágústsson.

Henni hefur farnast vel í því mikla starfi og notið vinsælda og trausts. Hún hefur miðlað málum og leitt fram lausnir í mörgum flóknum stórpólitískum málum. Hún er samvinnumaður, hún er lausnamiðuð og lætur ekki smámál trufla sig.

Katrín hefur verið leiðtogi ríkisstjórnar í um sjö ár samfleytt, lengur en hinn farsæli foringi Steingrímur Hermannsson. Í því hlutverki hefur hún tekist á við mjög erfið mál og ber kórónuveirufaraldurinn, sú mikla manndrápspest, þar hæst.

Snilld hennar og ríkisstjórnarinnar var sú að fela læknum og almannavörnum að stýra aðgerðum, þeim Þórólfi Guðnasyni, Ölmu Möller og Víði Reynissyni. Við misstum fólk en fáar þjóðir gerðu þetta betur en við, og efnahagur landsins stóðst álagið. Aðilar vinnumarkaðarins voru samvinnufúsir og því fór betur en á horfðist. Hinn snjalli forseti Bandaríkjanna, Harry S. Truman, sagði: ,,Það má ótrúlega mörgu koma í verk, ef manni er sama hverjum hlotnast heiðurinn.“

Þegar Katrín yfirgefur nú ríkisstjórnina er meiri gróska og uppgangur á Íslandi en víðast annars staðar. Einstökum kjarasamningum til fjögurra ára tókst henni og ríkisstjórn hennar að stýra í höfn og verðbólgan og háu vextirnir eru teknir að lækka. Sannarlega ósvikin og mikilvæg þjóðarsátt. Atvinnustig á Íslandi er með því hæsta í Evrópu. Katrín er sannur Íslendingur og náttúruunnandi. Hún skilur vel grunnatvinnuvegi þjóðar sinnar, en málefni þess veika og smáa býr við hjarta hennar. Sem starfandi landbúnaðarráðherra var hún fundvís á góð ráð og alltaf bændum hliðholl. Á Búnaðarþingi spurði hún á dögunum hvers vegna bændur notuðu ekki fánaröndina á hreinar íslenskar vörur, kjötið, mjólkina og grænmetið, svo valið yrði auðvelt fyrir neytendur. „Þetta gera franskir bændur og fá að nota þjóðfánann fólki sínu til glöggvunar,“ bætti hún við.

Þegar ég horfi yfir sviðið er Katrín hreinskiptin og notar aldrei stór eða ljót orð um andstæðinga sína eða nokkurn mann, það er ekki til í hennar vopnabúri. Katrín skorar hátt og af reynslu er hún keppinautum sínum fremri. Þjóð sinni til sóma hvar sem hún hefur komið fram. Forseti Íslands er höfuð stjórnsýslunnar og þar hafa fyrrverandi forsetar oft sýnt hæfni til úrlausnar í vandasömum málum.

Katrín Jakobsdóttir mun án nokkurs vafa verða forseti allrar þjóðarinnar frá fyrsta degi og valda erfiðum verkefnum vel. Svo mun hún hafa mannbætandi áhrif á líf okkar og verða mikilsmetinn þjóðhöfðingi sakir mannkosta og reynslu.

*Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.*





Eignatorg kynnir: Geirakot og Geirakot 1, Snæfellsbæ

Um er að ræða jörð á einstaklega fallegum útsýnisstað með landi að sjó.

Á jörðinni standa tvö íbúðarhús og er nýrra íbúðarhúsið, (Geirakot 1) á einni hæð og mjög mikið endurnýjað.
Við húsið er stór bílskúr. Húsið er kynt með öflugri varmadælu.
Ljósleiðari er kominn inn og tengdur. Þriggja fasa rafmagn.
Heimreið er með bundnu slitlagi.

Einungis 6 km eru til Ólafsvíkur þar sem er öll helsta verslun og þjónusta.
Verð kr. 165.000.000

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson, löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangi: bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg












# Pottur brotinn í merkingu snyrtivara

**Mikið hefur borið á því að íslensk fyrirtæki framleiði og selji vörur með merkingunni „lífræn“ án þess að vera með þar til gerða vottun á vörunum.**


Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Á sama tíma eru önnur fyrirtæki sem leggja hart að sér og fara í gegnum strangt vottunarferli hjá viðurkenndri vottunarstofu til að fá lífræna vottun og eru stolt af því. Mikil vinna og fjármunir fara í að fá slíkan gæðastimpil. Ganga sum fyrirtæki svo langt að merkja og auglýsa snyrtivörur sínar sem „lífrænar“ án þess að hafa nokkra vottun á bak við þá staðhæfingu.

### *Blekkjandi fyrir neytendur*

Líkt og fram kemur í 7. gr. reglugerðar nr. 205/2023 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara (sem á sér stoð í lögum um matvæli og lög um fóður og áburð) þá er óheimilt að nota hvers kyns orð, orðmyndir, hugtök, myndir eða tákn sem vísa til lífrænnar framleiðslu á merkingu umbúða, í auglýsingaefni eða viðskiptaskjölum nema framleiðslan uppfylli skilyrði reglugerðar um lífræna framleiðslu og hafi hlotið vottun til notkunar á vörumerki til lífrænnar framleiðslu frá lögbæru yfirvaldi eða vottunarstofu. Þessi reglugerð gildir ekki um snyrtivörur sem falla undir efnalög nr. 61/2013.

Það sem borið er á húðina er jafnmikilvægt og það sem við innbyrðum. Snyrtivara getur bæði verið markaðssett sem náttúruleg og lífræn, á því er töluverður eðlismunur. Það að fyrirtæki hérlendis geti markaðssett snyrtivörur sínar sem lífrænar án nokkurs eftirlits eða vottunar er í hæsta máta blekkjandi fyrir neytendur. Aðeins vörur sem teljast matvæli eða fóður eru bundnar af takmörkunum um yfirlýsingar um lífræna framleiðslu og virðist því framleiðendum snyrtivara í sjálfsvald sett hvort slíkt orðalag er notað um þeirra afurðir.

### *Koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu*

Líkt og fyrr sagði gilda efnalög nr. 61/2003 um snyrtivörur og sbr. 7. tl. 11. gr. þeirra laga, þá er í gildi reglugerð um snyrtivörur, nr. 577/2013, sem innleiðir reglugerð (EB ) nr. 1223/2009, með síðari breytingum. Í VI. kafla reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er fjallað um neytendaupplýsingar, m.a. merkingar á vöru og fullyrðingar um eiginleika og hlutverk vörunnar. Reglugerðin skilgreinir ekki hugtakið „lífrænt“ og þar af leiðandi því ekki hvernig slík vara skuli framleidd eða markaðssett og hvað sé heimilt og óheimilt í þeim efnum. Á meðan reglugerðin skilgreinir hugtakið ekki og mælir fyrir um hvað í því felist, er ekki óheimilt að merkja snyrtivöruna með þeim hætti. Uppfylli varan kröfur reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er óheimilt að synja því að snyrtivörur séu boðnar fram á markaði né banna það eða takmarka, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Áhugavert er að rýna í efnalögin 61/2003 en í 1. gr. þeirra kemur meðal annars fram:

*Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum, [efnablöndum og hlutum sem innihalda efni] 1) valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi ... …-Þá er það markmið laga þessara að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.*

Í 33. gr. laganna um auglýsingar kemur fram:

*Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum og framsetningu efna og efnablandna … Óheimilt er að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.*

### *Framleiðendur verða að njóta jafnræðis*

Af framansögðu er ljóst að úrbóta er þörf fyrir íslenska framleiðendur snyrtivara sem hafa ekki lífræna vottun. Markmið efnalaganna er að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu og í þeim kemur einnig fram að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum eða fullyrða í auglýsingum að vara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Ljóst er á meðfylgjandi dæmum að mörg dæmi eru um brot á efnalögum hérlendis þar sem aðilar markaðssetja fyrirtæki og vörur sem „lífræn“ án þess að hafa til þess viðurkennda vottun. Það lítur VOR – verndun og ræktun (Félag framleiðenda í lífrænum búskap og fullvinnslu), alvarlegum augum og krefst án tafar úrbóta á þessu málasviði til þess að allir aðilar sitji við sama borð og njóti jafnræðis.

*Höfundur er verkefnastjóri Lífræns Íslands*

# Ágangur búfjár: Sagan endalausa

**Á undanförnum árum hefur umræða um ágang sauðfjár stóraukist í sveitum landsins.**


Flosi Hrafn Sigurðsson.

Hefur hún sérstaklega sprottið upp í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis frá 11. október 2022 og álits innviðaráðuneytisins frá 23. júní 2023 þar sem fjallað er um deilur landeigenda við sveitarfélög og aðra opinbera aðila um það hvort og í hvaða tilvikum beri að smala sauðfé af jörðum þegar það gengur inn á jarðir landeigenda. Um vandamálið hafa verið skrifaðar fjölmargar greinar og eru skiptar skoðanir á því hversu ríkar skyldur sveitarfélaga séu til smölunar. Fjallað hefur verið um málefnið á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtaka Íslands, innan hópa sem mótfallnir eru lausagöngu búfjár og á meðal landeigenda sem telja á sér brotið vegna ágangs búfjár í lönd þeirra. Í kjölfar þeirrar umræðu og álita frá stjórnvöldum bárust sveitarfélögum fjöldinn allur af beiðnum um smölun á síðasta ári, sem í einhverjum tilvikum var sinnt en í öðrum tilvikum eru slíkar beiðnir enn til meðferðar eða þeim verið hafnað.

### *Afstaða matvælaráðuneytisins til deilna sveitarfélaga og landeigenda*

Matvælaráðuneytið er það ráðuneyti sem ber ábyrgð á þeirri löggjöf sem um ræðir, þ.e. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 21/1986 (afs.). Ber ráðuneytið ábyrgð á því að veita leiðbeiningar um hvernig skuli túlka ákvæði laganna. Í febrúar síðast- liðnum sendi matvælaráðuneytið minnisblað með yfirskriftina „Reglu- verk um búfjárbeit – sjónarmið matvælaráðuneytis“, sem sent var öllum sveitarfélögum. Í bréfinu lýsir ráðuneytið því yfir að það hyggist ekki fara í neinar breytingar á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. til þess að skýra betur réttarstöðu aðila, né gefa út leiðbeiningar af nokkru tagi til sveitarfélaga um túlkun laganna.

Í stað þess eru sveitarfélög hvött til þess að „útfæra lausnir sem henta á hverjum stað“. Þá eru sveitarfélögin hvött til að koma á samstarfi sveitarfélaga um málefnið, uppfæra afréttarskrár og endurskoða fjallskilasamþykktir.

Er málefnið því að fullu lagt í hendur sveitarfélaganna. Heldur ráðuneytið því jafnframt fram að reglur laganna séu að „mestu leyti skýrar“ og sveitarfélögum beri því að nýta þau verkfæri sem þau hafa til þess að skýra réttarástandið.

Um það má deila að reglur laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu að mestu leyti skýrar hvað þetta málefni varðar. Lögin eru að grunni til samin á 7. áratug síðustu aldar og hafa lítið breyst síðan.

### *Innviðaráðuneytið átelur sveitarfélag fyrir málshraða*

Í nýlegum úrskurði innviðaráðuneytisins, dags. 18. apríl 2024, kærði landeigandi sveitarfélagið Fjarðabyggð fyrir að hafa ekki afgreitt beiðni hans um smölun á jörð hans. Í úrskurði innviðaráðuneytisins kemur fram að sveitarfélagið hafi frestað því að taka afstöðu til erindis landeigenda þar til málsmeðferð ráðuneytis væri lokið eða frekari leiðbeiningar veittar um framkvæmd laganna af hálfu matvælaráðuneytis.

Þetta telur innviðaráðuneytið óheimilt og að borgararnir eigi rétt á því að stjórnvöld leysi úr málum þeirra svo fljótt sem unnt er á grundvelli gildandi lagareglna. Taldi ráðuneytið sveitarfélagið hafa brotið gegn 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993 um málshraða og beinir því til sveitar- félagsins að ljúka málinu eins fljótt og auðið er.

### *Hvað er til bragðs að taka?*

Nú þegar fyrir liggur afstaða matvælaráðuneytis hafa sveitarfélög fengið þessar leiðbeiningar og þess er ekki að vænta að gengið verði til heildarendurskoðunar á lagaumgjörð á þessu sviði. Hefur það þær afleiðingar að sveitarfélög þurfa að undirbúa sig fyrir beiðnir um smölun vegna ágangs búfjár og hvernig skuli taka afstöðu til þeirra. Er það afstaða matvæla- ráðuneytisins að sveitarfélög hafi svigrúm til þess að ákveða hvert fyrir sig hvernig nýta skuli þau verkfæri sem eru í fjallskilalögum.

Má hér ætla að vísað sé til sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga sem tryggður er í 78. gr. stjórnar- skrárinnar. Þá liggur fyrir úrskurður innviðaráðuneytisins um málshraða og enginn vafi á því að sveitarfélögum ber að taka beiðnir um smölun til afgreiðslu með skilvirkum hætti. Það er grundvallaratriði hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig, þar sem búfjárrækt er stunduð, að taka rökstudda afstöðu til eftirfarandi atriða, til þess að auðvelda afgreiðslu beiðna landeigenda um smölun.

1. Sveitarfélag þarf að taka afstöðu til hvort og hvar lausaganga búfjár sé heimil í sveitarfélaginu.
2. Gild afréttarskrá þarf að vera til staðar skv. 6. gr. afs.
3. Uppfæra þarf fjallskilasamþykkt og taka afstöðu til þess hvernig skuli fara með beiðnir um smölun ágangsfjár:
   a. Hvernig skilgreina skuli ágang búfjár – 33. gr. afs.
   b. Hvernig skilgreina skuli verulegan/óeðlilegan ágang búfjár – 31.-32. gr. afs.
   c. Hver skuli greiða fyrir smölun ágangsfjár.
   d. Hvernig skuli uppfylla kröfur um málsmeðferð beiðna, s.s. um rannsókn máls, andmælarétt og meðalhóf þegar beiðni berst um smölun ágangsfjár.

Beiðnir um smölun ágangsfjár munu ekki hætta að berast sveitarfélögum og er því mikilvægt að þau nýti þær heimildir sem þó eru fyrir hendi til þess að geta tekið á þessum beiðnum með samræmdum hætti. Fyrirsjáanleiki á afgreiðslu slíkra beiðna er jafnframt mikilvægur fyrir landeigendur og koma í veg fyrir óþarfa deilur milli landeigenda og sveitarfélaga í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Fyrir liggur að það vandamál mun eingöngu aukast á komandi árum ef ekkert er að gert. Landnýting breytist ört og fjöldi landeigenda kýs að nýta jarðir sínar undir annað en hefðbundinn landbúnað, s.s. ferðaþjónustu, skógrækt o.fl. atvinnugreinar. Byrjað er að vora og allar líkur á að nú í kjölfar sauðburðar og fram að afréttarsmölun í haust muni pósthólf sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna fyllast af beiðnum um smölun með tilheyrandi umræðu og umfjöllun á fréttamiðlum. Sveitarfélög geta gert það sem í þeirra valdi stendur til þess að einfalda afgreiðslu smölunarbeiðna þrátt fyrir að lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu ekki mjög upplýsandi um meðferð slíkra beiðna.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður hjá OPUS lögmönnum.*

# Halla Hrund: Okkar bestu meðmæli

**Við Íslendingar búum svo vel að margir hæfir einstaklingar hafa gefið kost á sér til embættis forseta Íslands í kosningunum sem fram fara þann 1. júní næstkomandi.**

Á undanförnum dögum og vikum hafa fjölmiðlar keppst við að kynna frambjóðendur til forseta fyrir þjóðinni ásamt því að gera grein fyrir ábyrgð og starfsskyldum forseta lýðveldisins.

Höllu Hrund Logadóttur og hennar fjölskyldu höfum við þekkt alla okkar tíð og einungis af góðu. Hún hefur mörg undanfarin ár aðstoðað við sauðburð í Hjarðarholti þar sem feður okkar og amma hennar ólust upp. Halla Hrund hefur birst á hverju vori og gengið vasklega í öll störf, hvort sem það er að gefa fénu, taka á móti lömbum eða færa frá, enda hefur hún mikla reynslu eftir að hafa verið í sveit öll sumur fram yfir tvítugt. Hér er á ferðinni kraftmikil kona sem er annt um íslenska sögu og menningu, leggur rækt við upprunann og lætur svo sannarlega ekki sitt eftir liggja.

Þetta eru allt mikilvægir eiginleikar sem nýtast í embætti forseta Íslands en fleira þarf vissulega að koma til. Forsetinn þarf að hafa þekkingu á


Björk Baldursdóttir og Ingvi Stefánsson.

stjórnskipun landsins. Hann þarf að hafa almenna haldgóða þekkingu á samfélaginu og málefnum líðandi stundar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Síðast en ekki síst þarf forsetinn að vera sameiningartákn og hafa breiða skírskotun.

Halla Hrund er eldklár, harðdugleg, vel menntuð og fylgin sér. Hún hefur fram til þessa verið við nám og störf í þremur heimsálfum og hefur aflað sér víðtækrar menntunar og reynslu á sviði stjórnmálafræði og stjórnsýslu. Hún býr einnig yfir mikilli þekkingu á orku- og auðlindamálum en þau snúa einmitt að verðmætustu sameign okkar Íslendinga sem á sama tíma geymir okkar mikilvægustu og stærstu sóknarfæri. Hennar helstu kostir þegar kemur að hæfi hennar til að gegna embætti forseta Íslands eru þó ekki bundnir við það sem fólk lærir í skóla. Halla Hrund hefur alveg einstakan hæfileika til að virkja fólk til góðra verka og lyfta upp einstaklingum og verkefnum og magna þannig tækifæri. Hún hefur mikla persónutöfra, er í senn alþýðleg og alþjóðleg og hefur hæfileika til að sameina ólík sjónarmið. Þeir sem hafa fylgst með opinberum störfum Höllu Hrundar vita líka að henni farnast vel við krefjandi aðstæður.

Skemmst er frá því að segja að við erum sannfærð um að Halla Hrund Logadóttir búi yfir menntun, reynslu, mannkostum og dómgreind sem þarf að prýða næsta forseta Íslands.

Við erum stolt af því að vera í stuðningsliði Höllu Hrundar í aðdraganda forsetakosninganna 1. júní 2024.

*Höfundar eru bændur.*



# Verndum Viðey

**Árið 2011 var Viðey eða Minnanúpshólmi í Þjórsá friðuð. Eyjan er rúmir þrír hektarar að stærð, afar gróin og falleg á að líta. Í eyjunni hafa fundist yfir 70 gróðurtegundir, þar af tvær sjaldgæfar á landsvísu.**



Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir.

Þetta er ekki það eina sem gerir Viðey einstaka, heldur veitir straumþung Þjórsá eyjunni mikilvæga umgjörð og hefur séð til þess að flóra eyjunnar er lítt snortin af áhrifum manns og dýra. Slíkt er mikilvæg auðlind enda markmið með friðlýsingu hennar að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg eyjarinnar með öllu því lífríki sem honum fylgir. Lífbreytileiki eyjunnar hefur einstakt vísinda- og fræðslugildi sem okkur ber að vernda og líta á sem auðlind í þeirri óráðsíu og rányrkju sem frekari virkjunarhugmyndir í Þjórsá eru.

Samkvæmt verndarmarkmiðum náttúruverndarlaga á að vernda vatnsfarvegi og landslag sem er sérstætt eða fágætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Nú þegar eru sjö virkjanir í Þjórsár- og Tungnaársvæðinu (Búrfellsvirkjun 1966, Sigalda 1978, Hrauneyjarfossvirkjun 1981, Sultartangastöð 1999, Vatnsfellsstöð 2001, Búðarhálsstöð 2014, Búrfellsstöð II 2018) og þykir mörgum það feikinóg. Enda voru hugmyndir um Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færðar yfir í biðflokk og illskiljanlegt hvers vegna Hvammsvirkjun fékk ekki að fylgja með. Ef af virkjun yrði færi 55 ferkílómetra svæði rétt fyrir ofan Viðey undir virkjunarmannvirki sem yrði vel sýnilegt og um leið óafturkræft inngrip í náttúrulegt landslag svæðisins. Þjórsá með sínum vatnsflaumi hefur hlíft eyjunni við ágangi og stendur Viðey nú sem mikilvægur minnisvarði um gróðurfar fyrr á öldum. Með virkjun mun eyjan verða opin fyrir ágangi dýra og birkiskógurinn og lífríkið allt í hættu. Líkt og segir í 55. grein laga um náttúruvernd (nr 60/2013) er óheimilt að nýta svæði sem friðlýst eru samkvæmt þessari grein til orkuframleiðslu og allar framkvæmdir sem raskað geta viðkomandi vatnakerfi séu bannaðar. Þess utan yrði þessi virkjunarframkvæmd dýr og afllítill kostur þegar upp er staðið, svo hugmyndin er í raun afleit og óskiljanlegt hvers vegna fleiri vatnsaflsvirkjanir í Þjórsá eru á dagskrá. Víst er að Hvammsvirkjun, með öllu því raski sem byggingu hennar fylgdi, myndi valda miklum umhverfisskaða og yrði í raun manngerðar náttúruhamfarir sem hefðu gríðarleg neikvæð áhrif á samfélagið. Nærsamfélagið hefur talað skýrt gegn þessum áformum og lýst yfir andstöðu sinni á ýmsan hátt enda auðséð að 4 $km^2$ lón með stíflugörðum muni hafa neikvæð áhrif á líf og störf heimafólks, atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu og er í bága við þau samfélagslegu viðhorf sem eru í nærsamfélagi Þjórsár.

Í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er áréttað að tryggt sé að þar sem talið er að finna megi virkjunarkosti verði ákvarðanataka að vera byggð á langtíma sjónarmiðum, heildstæðu hagsmunamati með tilliti til verndargildis náttúru, menningarsögulegra minja og annarra gilda er varðar þjóðarhag, vernd og sjálfbæra þróun. Hvammsvirkjun er afar umdeild og mörg sem vilja að náttúran fái að njóta vafans og hætt verði við óafturkræf og eyðileggjandi náttúruspjöll sem framkvæmd hennar myndi sannarlega valda enda margt sem hefur breyst hvað varðar náttúruvernd, atvinnulíf og samfélagið í heild síðan fyrstu hugmyndir um Hvammsvirkjun litu dagsins ljós. Þjórsá, sem er lengst allra íslenskra áa, rennur að miklu leyti á Þjórsárhrauni hinu mikla sem er stærsta flæðihraun sem runnið hefur í nútíma á jörðinni og er sannarlega einstakt. Telur Landvernd Þjórsá hafa sérstöðu á heimsmælikvarða og þá sérstaklega neðsta hluta hennar, hið fyrirhugaða virkjanasvæði, sem að mestu er ósnortið í dag.

Viðey eða Minnanúpshólmi er einstök náttúruperla sem og allt það svæði sem færi undir Hagalón. Við horfum upp á þær hamfarir sem eiga sér stað á Suðurnesjum af náttúrunnar völdum. Getum við verið sammála um að manngerðar hamfarir eru í raun verri því þær eiga sér stað með upplýsingar að vopni?

*Höfundur er oddviti Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Suðurkjördæmi og stjórnarkona í hreyfingunni.*






# Frá aðalfundum skógarbænda

## Suðurland

**Aðalfundur Félags skógarbænda á Suðurlandi (FsS) var haldinn á Hótel Stracta laugardaginn 4. maí. Á fundinn mætti alls 21 gestur.**


Ragnheiður Aradóttir.

Gestir fundarins voru Ágúst Sigurðsson, forstjóri Lands og skóga, og Hjörtur Bergmann Jónsson, nýkjörinn formaður Skógardeildar BÍ. Í upphafi fundar flutti Ágúst erindi og fór yfir starfið sem unnið er hjá stofnuninni og þá aðlögun sem fram undan er, eftir sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Að því loknu svaraði hann spurningum úr sal. Í lok fundar flutti Hjörtur einnig erindi um starfið hjá SkógBÍ og áskoranirnar sem fram undan eru og svaraði spurningum. Var almenn ánægja fundargesta með bæði erindin.

Formaður FsS fór yfir starfið á árinu og er þar helst að nefna Skógardaginn sem haldinn var í einmuna veðurblíðu á Suðurlandi 23. ágúst. Farið var í ferð um nytjaskógrækt í uppsveitir Árnessýslu. Heiti skógardagsins var „Skógur nú og til framtíðar“ og var öllum helstu aðilum í skógargeiranum á Suðurlandi boðið í ferðina, sem heppnaðist einstaklega vel. Ferðin var kostuð af Félagi skógarbænda á Suðurlandi og var frítt fyrir alla þátttakendur. Þá má næst nefna hina árlegu skógargöngu í júní sem að þessu sinni var farin að Uppsölum í Fljótshlíð þar sem Steinunn og Ísólfur Gylfi tóku á móti gestum og sýndu skóginn sinn. Þá var fræðslu- og umræðufundur haldinn á Reykjum á vormánuðum þar sem umræðuefnið var umhirða skóga og var sá fundur vel sóttur. Þrír leshópar eru starfandi innan félagsins og er áhugi fyrir því að stofna fjórða leshópinn fljótlega. Leshóparnir koma saman nokkrum sinnum á ári og fjalla um málefni sem varða hina ýmsu þætti skógræktar í víðu samhengi og skoða skógræktina hjá félögum sínum. Unnið er að þriggja ári verkefni í afurða- og markaðsmálum sem félagið stendur fyrir. Leitað skal að vöruflokkum/úrvinnsluleiðum sem koma til greina í úrvinnslu skógarafurða. Verkefnið, sem fékk nafnið „Úr skógi“ verður unnið í þremur þrepum á jafnmörgum árum. Haldinn var almennur fundur um skógrækt á Hótel Höfn 23. apríl sl. Fundarefni var staðan í skógrækt í Sveitarfélaginu Hornafirði. Horft til framtíðar.

Breytingar á stjórn frá fyrra ári eru þær að í stað Rafns A. Sigurðssonar í aðalstjórn kemur inn Októ Einarsson en Rafn fer í varastjórn. Þórarinn Þorfinnsson víkur úr varastjórn. Stjórnina skipa þá, í aðalstjórn eru Björn Bjarndal Jónsson, formaður, Ragnheiður Aradóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Sólveig Pálsdóttir og Októ Einarsson. Varastjórn skipa Rafn A. Sigurðsson, Agnes Geirdal og Sigríður J. Sigurfinnsdóttir.



## Austurland

**Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi (FsA) var haldinn á Eiðum fimmtudaginn 18. apríl.**


Halldór Sigurðsson.

Mættir voru 34 félagar og tveir gestir, Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður búgreinadeildar BÍ (SkógBÍ) og Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur um umhverfismál hjá BÍ. Maríanna formaður setti fundinn, Bjarni G. Björgvinsson stjórnaði fundi og Halldór ritaði fundargerð.

Stjórn var óbreytt milli ára, Maríanna Jóhannsdóttir, formaður, Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Þórhalla Þráinsdóttir, Þorsteinn Pétursson og Halldór Sigurðsson.

Stóru verkefni félagsins eru annars vegar Skógardagurinn mikli sem haldinn var í Hallormsstaðaskógi 24. júní 2023, sem allt að 2.000 manns sóttu. Margir úr samfélaginu komu að skipulagningu og framkvæmd dagsins. Meðal nýbreytni á síðasta ári var aðkoma Náttúruskólans. Hinn stóri viðburðurinn er Jólakötturinn sem á síðasta ári var haldinn í þéttbýlinu, í húsi Landsnets. Það var líklega sett nýtt met í aðsókn og samstarfið við Landsnet var mjög gott og vonandi verður hægt að halda Jólaköttinn aftur að ári á sama stað. Vinnuframlag félagsmanna FsA í báðum þessum viðburðum skiptir miklu máli og þeim sem komu að þeirri vinnu eru færðar þakkir fyrir. Farin var hópferð á málþing skógarbænda sem haldið var á Varmalandi í Borgarfirði í október sl.og þótti það vel heppnað.

Sex fulltrúar frá FsA, sem jafnframt eru í BÍ, fóru á deildarfund búgreinadeilda BÍ. Jói Gísli lét af störfum sem stjórnarformaður LSE og formaður skógarbændadeildar BÍ. Voru honum þökkuð góð störf. Bjarni G. Björgvinsson er nú fulltrúi FsA í stjórn SkógBÍ. Frá FSA fóru tillögur fyrir deildafundinn: Annars vegar um eignarhald bænda á kolefnisbindingu í bændaskógrækt og hins vegar um Skógaskrá, þar sem skorað var á Land og skóg að fylgja því eftir að skógarskrá verði uppfærð og aðgengileg eins og lög gera ráð fyrir – lög nr. 33 frá 15. maí 2019, 8. grein. Félagið hefur gert athugasemdir við taxtaútreikninga mörg sl. ár og ítrekaði FsA skoðun sína að fara þurfi ítarlega yfir þann grunn sem liggur til grundvallar töxtum í bændaskógrækt. Lagt var til að skipa starfshóp sem fari yfir þennan grundvöll. Áfram er ágreiningur um girðingar og búfé. Þar koma margir að, bæði opinberir og einkaaðilar. Enn þá eru reglurnar þannig að það þarf að girða í kringum trjáplöntur sem plantað er í samningum eins og gilda um bændaskógrækt. Þetta verður ekki leyst nema með samtali milli þeirra sem eiga í hlut.



Sótt var um styrk til Matvælasjóðs þar sem Skógræktarfélag Íslands leiðir samstarf margra hagaðila um skógarmat; – Hvernig mun þinn matarskógur líta út?, með áherslu á Fljótsdalshérað.

Á árinu var farið í skógargöngu. Þeir Elvar, Gunnar og Brynjólfur Vignissynir hafa ræktað sérstaklega skemmtilegan skóg og útbúið sælureit við Ekkjuvatn í Fellum. Þeim var þakkað fyrir þeirra framlag. Jón Kristófer Arnarson garðyrkjufræðingur mun halda námskeið í gerð sælureita í skóginum. Eftir framlagningu reikninga voru skýrsla og reikningar samþykkt samhljóða.

Í félagið gengu fjórir nýir aðilar.

Maríanna, Halldór og Þórhalla gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Í nýrri stjórn eru Kjartan Glúmur Kjartansson, Lilja Sigurðardóttir, Sigfús Oddsson, auk Vigdísar og Þorsteins. Til vara eru Vilhjálmur Karl Jóhannsson og Aníta Mjöll Ásgeirsdóttir. Skoðunarmenn eru Edda K. Björnsdóttir og Elvar Vignisson. Því næst gaf fundarstjóri Hirti, formanni Skóg BÍ, orðið. Hjörtur tók við starfi formanns á deildarfundi í vetur, en forveri hans, Jóhann Gísli hefur verið honum til halds og trausts. Frá deildarfundinum komu tillögur er vörðuðu samtal við nýja stofnun, Land og skóg, stefnumörkun skógarbænda, Norðurlandasamstarf, næsta málþing skógarbænda að Laugum í Sælingsdal, og viðurkenningu á eign skógarbænda á kolefnisbindingu í eldri skógum. Fundarmenn spurðu spurninga varðandi CE-vottanir á timbri, kolefnisbindingu, vottanir í skógrækt og þung áhersla var á framvindu Kolefnisbrúar.

Jóhann Þórhallsson bauð Hjört velkominn til starfa fyrir skógarbændur.

Að lokum flutti Bergrún Arna Þorsteinsdóttir erindi, „Matarkistan í skóginum“. Þar fór hún yfir berjatínslu og sultugerð auk annarra afurða sem nýta má til matar. Má þar nefna sveppi, lauf, sprota og jafnvel börk.




## Vesturland

**Aðalfundur Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV) var haldinn á Hótel Hamri þriðjudaginn 16. apríl. Alls voru fundarmenn 27 talsins.**


Sigurkarl Stefánsson.

Á fundinum fór formaður yfir það helsta sem gerst hafi á liðnu ári og var þar einkum fjallað um málþing og árshátíð skógarbænda á Varmalandi í október, sem var samstarf allra skógarbændafélaganna og búgreinadeildar skógarbænda BÍ. Voru gestir almennt ánægðir með hvernig til tókst. Í júní, á afmæli félagsins, fóru skógarbændur á Vesturlandi í vel heppnaða ferð um Borgarfjörð, þar sem m.a. var komið við í Reykholti, en aðal viðkomustaðurinn var hjá skógarbændunum Árnýju Sigurðardóttur og Friðriki Sigurbergssyni í Ártúni. Voru móttökur þar höfðinglegar. Að lokum var snemmgrisjunarnámskeið í vetur þar sem Valdimar Reynisson kenndi meðhöndlun ungskóga.

Engar breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári, en í henni eru Sigurkarl Stefánsson, formaður, Jakob Kristjánsson, gjaldkeri og Kristín Magnúsdóttir, ritari. Á fundinn kom fjöldi góðra gesta. Fyrst kom fram Hrefna Jóhannsdóttir hjá Landi og skógi en hún fór yfir starfið fram undan. Hún sagði frá bágri stöðu fræja á lerkiblendingnum Hrym en ekki er útlit að nokkrum Hrym verði sáð á næsta ári. Nýir skógræktarráðgjafar Vesturlands kynntu sig fyrir skógarbændum. Það voru Gústaf Jarl Viðarsson og Naomi Bos. Þá kom Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda BÍ, í pontu og sagði frá starfi skógarbænda hjá BÍ og má í stuttu máli segja að unnið sé að mörgum góðum málum í þágu skógarbænda. Að lokum notaði Valdimar Reynisson skógfræðingur tækifærið og þakkaði skógarbændum fyrir gott samstarf yfir árin, en Valdimar hefur nýverið byrjað störf fyrir Ygg carbon. Fundurinn var vel sóttur og vel fór á með gestum fundarins.



# Hvernig væri að breyta aðeins til og ganga í Lionsklúbb?

**Viltu láta gott af þér leiða í nærsamfélagi þínu eða á alþjóðavísu? Lionsklúbbar taka þátt í margvíslegum samfélagsverkefnum sem m.a. fela í sér þætti sem tengjast heilsufari fólks, umhverfisverkefnum, fræðslu og fleiru.**


Níels Bjarki Finsen.

Sértæk verkefni eru mismunandi eftir klúbbum og eru sniðin að þörfum hvers samfélags.

Eitt af stóru verkefnum klúbbanna tengist sjónvernd og þar ber helst að nefna sölu Rauðu fjaðrarinnar. Afrakstri af sölu hennar síðustu ár hefur verið varið til að kaupa og þjálfa blindrahunda í samstarfi við Blindrafélag Íslands.

Lionsklúbbar eru þekktir fyrir að bregðast hratt og festulega við því þegar neyðarástand skapast í tengslum við ýmiss konar hamfarir. Þeir veita aðstoð og bjóða stuðning sinn með ýmsum hætti, eins og til að afla vista og vinna sjálfboðastarf.

Mikið alþjóðlegt starf á sér stað innan Lions International og með alþjóðlegu samstarfi leggja samtökin sitt af mörkum á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála og menntunar.

Þó svo að Lionsklúbbar vinni saman á landsvísu og að margvíslegum verkefnum á alþjóðavettvangi, fara meginkraftar klúbbanna í nærumhverfi þeirra. Hver klúbbur hefur sín eigin verkefni og starfsemi sem tekur mið af þörfum samfélagsins.

Alþjóðleg uppbygging klúbbanna gerir ráð fyrir víðtækum áhrifum með sameiginlegri skuldbindingu þar sem einkunnarorð samtakanna, „Við leggjum lið“ / (We serve), eru höfð að leiðarljósi.

Lions er stór fjölskylda, virkilega stór fjölskylda. Við erum 1,4 milljónir karla og kvenna í 48.000 klúbbum í næstum hverju landi. Allir klúbbarnir eru að breyta samfélagi sínu til hins betra og saman erum við einnig að breyta heiminum. Lionsklúbbar eiga sér ríka þjónustusögu sem nær aftur til ársins 1917. Með því að ganga í Lionsklúbb verður þú hluti af langvarandi hefð mannúðarþjónustu og getur lagt þitt af mörkum til arfleifðar sem hefur haft góð og skapandi áhrif á samfélög um allan heim.

Langar þig að leggja lið? Viltu hafa góð og skapandi áhrif á nærumhverfi þitt? Hvort þú ákveður að ganga í Lionsklúbb veltur á persónulegum gildum þínum, áhugamálum og löngun til að hafa jákvæð áhrif. Ef þú fylgir meginreglum Lions og skuldbindingu þeirra, „Við leggjum lið“, gæti það verið ánægjuleg og gefandi reynsla fyrir þig að vera í Lions. Auk þess að láta gott af sér leiða, er einnig hugað að félögunum og þörfum þeirra og margvísleg námskeið eru í boði fyrir félaga í Lions. Hægt er að sækja námskeið um fundarsköp, framkomu og tjáningu, skapandi hugsun og tímastjórnun. Síðast en ekki síst má nefna leiðtogaskóla Lions. Þar eru stutt og hnitmiðuð námskeið. Auk alls þessa gleyma félagar ekki að gera sér glaðan dag saman, einir sér, eða með mökum og börnum. Margvísleg skemmtun getur verið í boði.

Að jafnaði funda klúbbarnir einu sinni til tvisvar í mánuði. Frekari upplýsingar um Lions má finna á heimasíðum okkar, www.lions.is www.lionsclubs.org og https://www.facebook.com/LIONSislandi.

*Höfundur er félagi í Lionsklúbbi Laugardals ásamt því að vera markaðs- og kynningarstjóri Lions á Íslandi.*





**Smáhýsi 30,45 m2**

**Húsin eru seld án samsetningar og innréttinga.**
**Full einangrun (þak 20 cm, veggir 12 cm).**
**Bygginganefndateikningar.**

***kr. 4.806.452.- án vsk***
***kr. 5. 960.000.- m.vsk***




HÚSVÍS
sími: 853 9300 - netfang: roggi@husvis.is

## Ósk um tilboð í leigu
## á veiðirétti í Blöndu og Svartá.

Veiðifélag Blöndu og Svartár óskar eftir tilboðum í leigu eða umboðssölu á öllum veiðirétti félagsins í Blöndu og Svartá fyrir veiðitímabil áranna frá og með 2025 til og með 2029, með almennu útboði.

Útboðsgögnin fást afhent hjá formanni stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár, Guðmundi Rúnari Halldórssyni, Finnstungu, 541 Blönduós.

**Vinsamlegast hafið samband á netfangið: formadur@blanda-svarta.is eða í síma 892-6675.**

Útboðsgögn verða afhent gegn 10.000 kr. skilagjaldi. Tilboðum skal skilað í lokuðum umslögum eigi síðar en kl. 15:00 á bæjarskrifsofu á Blönduósi þann 15. júní 2024, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.
Áskilinn er allur réttur til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna þeim öllum.

***Veiðifélag Blöndu og Svartár, dags. 16.05.2024***

**Aktu á gæðum**




MAXAM
KLETTUR
REYKJAVÍK AKUREYRI 590 5100 kletttur.is

**Merkið sem tryggir að þú fáir íslenskt þegar þú velur íslenskt**

**Íslenskt staðfest er upprunamerki fyrir matvörur og blóm sem framleidd eru á Íslandi.**

Merkið er svar við óskum neytenda, en allar kannanir segja okkur að yfirgnæfandi meirihluti þeirra vill velja íslenskt og vill skýrar upplýsingar til að hjálpa sér við valið.

**Kynntu þér merkið og notkun þess á stadfest.is**



## Bréf til bænda:

# Undanþágur búvörulaga og staða bænda

**Ágætu bændur. Rétt fyrir páska voru samþykktar á Alþingi breytingar á búvörulögum sem heimila kjötafurðastöðvum að hafa með sér samráð sem ólögmætt er í öðrum atvinnugreinum.**



Páll Gunnar Pálsson.

Jafnframt er kjötafurðastöðvum nú heimilað að sameinast, án þeirra takmarkana og aðhalds sem samkeppnislög kveða á um. Af þessum breytingum leiðir m.a. að kjötafurðastöðvum er veitt sjálfdæmi um verðlagningu afurða frá bændum. Ekki er kveðið á um að annars konar aðhald komi í staðinn fyrir það aðhald samkeppnislaga sem í burtu var tekið.

Í fjölmiðlum hafa þau sem tala fyrir þessum breytingum haldið ýmsu fram sem ekki stenst skoðun. Í þágu upplýstrar umræðu langar mig til að koma á framfæri við ykkur upplýsingum sem snerta bændur og reifa þær áhyggjur sem Samkeppniseftirlitið hefur af stöðu þeirra eftir lagabreytingar.

### *Tök afurðastöðva á bændum styrkt*

Því hefur verið haldið fram að nýsamþykktar undanþágur séu sambærilegar þeim sem þekkjast í Noregi og innan Evrópusambandsins. Þetta er ekki rétt.

Fyrst ber að nefna að undanþágur frá banni samkeppnislaga við samráði afurðastöðva í nágrannalöndunum hafa þann megintilgang að bæta stöðu bænda gagnvart viðsemjendum sínum, þar á meðal kjötafurðastöðvum. Þess vegna taka samráðsundanþágur í nágrannalöndum til fyrirtækja bænda.

Upphaflegt frumvarp matvælaráðherra byggði á þessari nálgun. Hafði Samkeppniseftirlitið lýst jákvæðri afstöðu til undanþága sem miðuðu að því að styrkja stöðu bænda að þessu leyti.

Í umsögn við upphaflegt frumvarp lagði eftirlitið áherslu á að bændur myndu með skýrum hætti ráða þeim fyrirtækjum sem undanþágurnar tækju til. Með því hefðu skapast hvatar til að færa bændum meiri áhrif og völd í starfandi kjötafurðastöðvum.

Atvinnuveganefnd Alþingis fór hins vegar þveröfuga leið þegar hún breytti frumvarpinu. Í stað þess að undanþágurnar styrktu stöðu bænda gagnvart viðsemjendum sínum, styrkja þær nú stöðu kjötafurðastöðva gagnvart m.a. bændum, enda eru fæstar starfandi afurðastöðvar í meirihlutaeigu bænda.

### *Einokun heimiluð*

Undanþágurnar ganga m.a. lengra en undanþágur í nágrannalöndum að því leyti að hér hefur eftirlit með samrunum kjötafurðastöðva verið tekið úr sambandi. Með því er jafnframt opnað fyrir að komið verði á algerri einokun á markaðnum.

Í Noregi og innan ESB er samrunaeftirliti á hinn bóginn beitt til þess m.a. að vernda stöðu bænda gagnvart kjötafurðastöðvum. Þar hafa samtök bænda í ýmsum tilvikum kallað eftir því við samkeppnisyfirvöld að samrunum kjötafurðastöðva séu settar skorður til þess að tryggja grundvallarhagsmuni bænda. Nánar er fjallað um þetta í viðauka við umsögn Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2022, sem nálgast má á heimasíðu þess. Fullyrða má að ekkert nágrannalandanna myndi setja löggjöf sem opnaði fyrir einokun á svo mikilvægum markaði.

### *Til hvers er samrunaeftirlit?*

Eftirlit með samrunum skapar aga. Í því felst að fyrirtæki sem hyggja á samruna þurfa að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um hann og veita upplýsingar um markaðinn og áform sín.

Reglunum er m.a. ætlað að vinna gegn því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Hins vegar geta samkeppnisyfirvöld heimilað

> „Í þágu upplýstrar umræðu langar mig til að koma á framfæri við ykkur upplýsingum sem snerta bændur ...“

samruna fyrirtækja með mjög háa markaðshlutdeild ef fyrirtækin sýna fram á að í honum felist hagræðing sem skili sér til viðskiptavina. Einnig geta samkeppnisyfirvöld heimilað slíkan samruna með skilyrðum sem stuðla að því að viðskiptavinir njóti ábatans sem af honum hlýst.

Þetta var einmitt viðfangsefni Samkeppniseftirlitsins þegar Norðlenska, Kjarnafæði og SAH-afurðir runnu saman. Við rannsókn á samrunanum kallaði eftirlitið m.a. eftir upplýsingum um ætlaða hagræðingu og hvernig hún myndi koma bændum og neytendum til góða.

Við rannsóknina lét eftirlitið í tvígang framkvæma viðhorfskönnun á meðal bænda, sbr. skýrslu nr. 4/2022. Að athuguðu máli taldi eftirlitið að samruninn kynni að leiða til skaða fyrir m.a. bændur. Óskuðu samrunaaðilar þá eftir sáttarviðræðum og undirgengust skilyrði til þess m.a. að efla samningsstöðu bænda og tryggja hlutdeild þeirra í fyrirhugaðri hagræðingu.

Fjallað er ítarlega um þetta í ákvörðun nr. 12/2021. Af hálfu Norðlenska Kjarnafæðis hefur opinberlega komið fram að m.a. vegna samrunans og hagræðingaraðgerða hafi rekstrarhæfi samstæðunnar verið tryggt um fyrirsjáanlega framtíð. Þá hafi verð til bænda hækkað verulega.

Með nýsamþykktri undanþágu búvörulaga er kjötafurðastöðvum frjálst að ráðast í frekari sameiningar og eftir atvikum að koma á einokun, án þess að þurfa að sýna fram á eða tryggja að aðgerðirnar skili ábata fyrir bændur. Þá er óvissa um áframhaldandi gildi þeirra skilyrða sem sett voru fyrir samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH.

### *Ekki var sýnt fram á þörfina*

Á hliðstæðan hátt heimilar 15. gr. samkeppnislaga samstarf keppinauta ef sýnt er fram á að samstarfið stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu og veiti viðskiptavinum, í þessu tilviki bændum, sanngjarna hlutdeild í ávinningnum. Athyglisvert er að starfandi kjötafurðastöðvar hafa aldrei látið reyna á þessar heimildir samkeppnislaga. Í einu tilviki beindi Markaðsráð kindakjöts undanþágubeiðni til eftirlitsins, en beiðnin var ekki endanlega leidd til lykta þar sem ráðið nýtti ekki tækifæri til að setja fram upplýsingar og gögn.

Ekkert liggur því fyrir um nauðsyn nýsettra undanþága búvörulaga að þessu leyti.

Það vekur einnig athygli að undanþágurnar ganga lengra heldur en tillögur svokallaðs spretthóps frá árinu 2022 og tillögur starfshópa og sérfræðinga á vettvangi Stjórnarráðsins sem undanfarin ár hafa rannsakað þörf á undanþágum. Undanþágurnar eru því ekki grundvallaðar á þeim greiningum sem þó höfðu verið framkvæmdar.

Greiningar sem fyrir liggja um nauðsyn hagræðingar hafa fyrst og fremst snúið að slátrun sauðfjár og e.a. nauta og hrossa. Undanþágurnar takmarkast hins vegar ekki við það, heldur heimila samstarf og sameiningar kjötafurðastöðva á öllum sviðum, óháð stöðu fyrirtækja í viðkomandi grein eða þörf hagræðingar.

Það að undanþiggja tiltekin fyrirtæki mikilvægum grundvallarreglum í atvinnulífinu myndi í flestum löndum kalla á ítarlega greiningu og vandaðan undirbúning. Því var ekki að heilsa í þessu tilviki.

### *Hvað mega afurðastöðvarnar gera?*

Starfandi afurðastöðvar hafa fagnað nýfengnum undanþágum og fullyrt að þær verði nýttar bændum til góðs. Án þess að ætla stjórnendum þeirra nokkuð illt er mikilvægt að varpa ljósi á það hvernig hægt væri að nýta undanþágurnar. Er það mikilvægt því stjórnendur koma og fara og eigendaaðhald bænda er lítið vegna veikrar stöðu þeirra í flestum afurðastöðvanna.

Fyrir liggur að starfandi afurðastöðvum er heimilt að koma á einokun eins og áður greinir. Í því felst að bændur munu ekkert val hafa um hvar gripum þeirra er slátrað eða á hvaða kjörum.

Auk sameininga geta fyrirtækin haft með sér víðtækt samráð. Lagabreytingarnar eru þó misvísandi og óskýrar að þessu leyti og því óvissa um hversu víðtækar þær eru. Endanleg túlkun mun ráðast fyrir dómstólum.

Á þessu stigi er þó ljóst að undanþágurnar skapa kjötafurðastöðvum fullt svigrúm til að loka sláturhúsum og eyða þannig samkeppni. Hvatar einstakra sláturhúsa til að leiða verðhækkanir til bænda munu því veikjast eða hverfa. Afurðastöðvunum er einnig heimilt að skipta með sér verkum og gera í því sambandi samninga um að skipta á milli sín framlegð af starfsemi sinni.

Í þessum heimildum felst í reynd að þeim er veitt sjálfdæmi um að ákveða í sameiningu verð á kjöti frá bændum, enda geta þær búið svo um hnútana að bændur hafi enga valkosti. Á þetta við um ýmsa þætti verðlagningar, þar á meðal verð í heimtöku.

Hafa ber í huga að undanþáguheimildirnar taka til allra kjötafurða. Þannig gæti t.d reynt á hvort afurðastöðvar geti haft samráð um að stýra verðlagningu þvert á kjöttegundir, en jafna tjón einstakra afurðastöðva af því með samningum um skiptingu framlegðar.

Tvö félaganna sem í hlut eiga, eða fyrirtæki í sömu samstæðu, sjá bændum einnig fyrir ýmsum aðföngum, þ. á m. áburði. Reyna kann á það hvort undanþágurnar veiki bann við samráði sem varða slík aðföng til bænda, til tjóns fyrir þá. Á sama hátt kann að reyna á það hvort undanþágurnar taki til samráðs um útboð í tollkvóta, en kjötafurðastöðvarnar eru á meðal stærstu innflytjenda á kjöti og keppa í þeim skilningi sjálfar við innlenda framleiðslu bænda.

Undanþágurnar taka ekki til banns við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitinu er því áfram ætlað að sjá til þess að kjötafurðastöðvar misnoti ekki markaðsráðandi stöðu sína. Komi slík mál til rannsóknar má hins vegar gera ráð fyrir því að viðkomandi fyrirtæki byggi á því að undanþágur búvörulaga þrengi bannið við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Á þetta reyndi t.d. þegar Samkeppniseftirlitið sektaði Mjólkursamsöluna fyrir það að koma Mjólku á kné.

Undanþágunum fylgir síðan óhjákvæmilega að kjötafurðastöðvum eru falin mikil völd til að stýra þróun búskapar á Íslandi, þ.e. hvar búskapur mun þrífast og hvar ekki. Undanþágurnar geta því án efa haft áhrif á byggðaþróun í dreifbýli.

Hér eru aðeins nefnd nokkur dæmi um möguleg áhrif lagabreytinganna.

### *Kaldhæðni löggjafans – litlar varnir*

Kaldhæðni löggjafans birtist í því að á sama tíma og kjötafurðastöðvum eru færðar framangreindar undanþágur, kveða búvörulögin ekki á um undanþágur til handa bændum sjálfum. Hafi bændur til dæmis samráð sín á milli um að skapa aðhald gagnvart kjötafurðastöðvum, gerir löggjafinn ráð fyrir að ákvæði samkeppnislaga gildi fullum fetum um slíkt samráð. Þannig hefur undanþágum sem bændur njóta í Evrópu verið snúið rækilega á hvolf með hinum nýju lagabreytingum.

Því til viðbótar eru varnir bænda gagnvart þessum undanþágum litlar. Í fyrsta lagi eru afurðastöðvarnar sem í hlut eiga ekki í meirihlutaeigu bænda, að undanskildum afurðastöðvum í svína- og kjúklingakjöti. Bændur geta því ekki veitt fyrirtækjunum eigendaaðhald með fullum þunga.

Í öðru lagi gerir löggjafinn ekki ráð fyrir annars konar aðhaldi í stað ákvæða samkeppnislaga, s.s. opinberri verðlagningu á afurðum frá bændum, með sambærilegum hætti og löggjafinn taldi nauðsynlegt við verðlagningu mjólkur frá bændum.

Í þriðja lagi hefur bændum hér á landi verið gert erfitt fyrir að stjórna afurðum sínum sjálfir, s.s. með heimaslátrun eða starfrækslu farandsláturhúsa, líkt og þekkist í nágrannalöndum. Margt bendir til þess að hér gildi strangari kröfur í garð bænda en þörf er á samkvæmt Evrópulöggjöf.

Hagsmunir starfandi kjötafurðastöðva beinast að því að þrengja slíkt svigrúm bænda, fremur en rýmka, s.s. með því að hækka verð á heimtöku og herða heilbrigðiskröfur.

Eina verndin sem hin nýja löggjöf veitir bændum er að afurðastöðvum



sem nýta sér undanþágurnar er óheimilt að neita bændum um að taka við gripum til slátrunar.

*Hver er vilji bænda?*

Eflaust eru skiptar skoðanir á meðal bænda um framangreindar undanþágur. Í viðtali við Heimildina þann 20. apríl sl. er eftirfarandi haft eftir nýkjörnum formanni Bændasamtakanna um þetta:

*„Ég hef bara ofboðslega mikla trú á því að það verði vel farið með þetta okkur til hagsbóta. [...] Já, þetta er mikið traust sem við leggjum á þessi fyrirtæki.“*

Fráfarandi stjórnendur Bændasamtakanna lögðu á hinn bóginn á það áherslu í umsögn við upphaflegt frumvarp að undanþágur frá samkeppnislögum þyrftu að treysta stöðu bænda, þ.á m. gagnvart afurðastöðvum, en ekki öfugt, eins og reyndin varð.

Sambærileg afstaða birtist einnig í þeim könnunum sem Samkeppniseftirlitið lét gera við rannsókn á samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH-afurða. Yfir 90% sauðfjár- og hrossabænda og 75% nautgripabænda töldu samningsstöðu sína gagnvart afurðastöðvum vera enga eða veika. Um 75% þeirra svarenda sem áttu hlut eða voru félagsmenn í afurðastöð töldu að þeir hefðu lítil áhrif á stefnu þeirra. Töldu aðeins 8% þeirra að áhrif þeirra væru mikil.

Þá hafði tæplega helmingur bænda upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni milli afurðastöðva og að þau endurspegluðust í samráði, fákeppni og of lágu verði til bænda.

Um 70% bænda töldu mikilvægt að bændum yrði auðveldað að leita til fleiri en einnar kjötafurðastöðvar í því skyni að leita betra afurðaverðs og þjónustu. Mikill stuðningur var

> Hafi bændur til dæmis samráð sín á milli um að skapa aðhald gagnvart kjötafurðastöðvum, gerir löggjafinn ráð fyrir að ákvæði samkeppnislaga gildi fullum fetum um slíkt samráð. ...

við það að Samkeppniseftirlitið setti samrunanum skilyrði til að verja stöðu bænda. Nýsettar undanþágur fara ekki saman við afstöðu bænda samkvæmt framangreindum könnunum. Þær eru einnig í mótsögn við reynslu nær allra ríkja heims, þess efnis að ekki sé þorandi að reiða sig einvörðungu á góðvild fyrirtækja. Þess vegna hafa ríki sett samkeppnislög og fylgja þeim eftir.

*Á upphafsreit?*

Nútíma samkeppnisreglur eiga ekki síst rætur að rekja til réttindabaráttu bænda í Bandaríkjum Norður-Ameríku á seinni hluta 19. aldar. Á þeim tíma bjuggu bændur þar í landi við þröngan kost, meðal annars vegna þess að mikilvægustu viðskiptaaðilar þeirra, einkum kjötafurðastöðvar og flutningafyrirtæki, höfðu með sér samráð þannig að bændur þurftu að sæta afarkostum öflugra viðsemjenda sinna.

Við þessar aðstæður bundust bændur samtökum sem þrýstu á stjórnmálamenn að koma lögum yfir fyrirtækin. Þessi réttindabarátta bænda varð að lokum til þess að fyrstu nútíma samkeppnislögin voru sett árið 1890, kennd við öldungadeildarþingmanninn John Sherman.

Á svipuðum tíma voru Íslendingar að öðlast fullt verslunarfrelsi og hugur í íslenskum bændum að koma afurðum sínum í sölu og tryggja hagstæð kaup aðfanga, s.s. með stofnun verslunarfélaga og kaupfélaga. Þannig tókst bændum að tryggja forræði á framleiðslu sinni, m.a. með því að nýta hvata samkeppninnar og skapa aðhald gagnvart viðsemjendum sínum.

Því miður bendir margt til þess að íslenskir bændur séu nú komnir á upphafsreit í þessu tilliti.

*Lokaorð*

Þótt bændur njóti nú tak- markaðrar verndar af ákvæðum samkeppnislaga hefur Samkeppnis- eftirlitið áfram það hlutverk að fylgja eftir banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sbr. 11. gr. samkeppnislaga, og að *„gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari“*, sbr. 8. gr. sömu laga.

Ykkur stendur því til boða að senda Samkeppniseftirlitinu sjónarmið og ábendingar, m.a. ef þið verðið fyrir samkeppnis- hindrunum. Það er t.d. hægt að gera nafnlaust, í gegnum heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

Á heimasíðunni er jafnframt hægt að nálgast ítarlegri umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um þessi mál, s.s. umsagnir nr. 3/2024, 2/2024 og 20/2022, ákvörðun nr. 12/2021 og skýrslu nr. 4/2022.

Megi ykkur farnast sem allra best.

*Höfundur er forstjóri Samkeppniseftirlitsins.*

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT
FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is


MF RB PROTEC Rúllusamstæður
Öflugar samstæður með hámarks afköst við krefjandi aðstæður
Val sem hentar þínum þörfum
Fastkjarna eða lauskjarna bindivélar fyrir fullkomin fóðurgæði
Sambyggt pökkunarborð
Fyrir samhæfða rúllun og pökkun í einni og sömu aðgerðinni
Mikið val um aukabúnað
Léttir langa daga að getað treyst á sjálfvirkni og áræðinleika
MASSEY FERGUSON
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is


Ferðaþjónustu-
Sumarhús-Gestahús
Til sölu, 29 fm hús, tilbúin til flutnings.
Fullbúin að utan og klædd að innan.
Verð kr. 12,9 milljónir.
Nánari upplýsingar í s. 896-3896 & 899-5504

Segðu BLESS við óværuna!


YKKAR
pest control
ALLT TIL NAGDÝRAVARNA
- fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

# Skáldið, framsóknarmaðurinn og fimm granda meldingin

**Þeir voru ekki margir sem komust í slemmu með spil austur-vestur á Kjördæmamótinu sem kannski sætir furðu þar sem sjö tíglar standa án vandkvæða.**


Björn Þorláksson.

Spilarar á kjördæmamótum eru þekktir fyrir að melda mikið á spilin sín en flest pör spiluðu 3 grönd eða fimm tígla.

Umsjónarmaður Bridgsþáttar Bændablaðsins, sem frá og með deginum í dag er hleypt af stokkunum, var meðal spilara á mótinu sem misstu af slemmunni.

Við mitt borð laumaðist suður til að opna létt á einu hjarta, ég doblaði, norður sagði pass og makker minn í austur stökk í þrjú grönd. Þar dóu sagnir. Við makker vorum sammála í umræðu eftir spilið að hann hefði kannski átt að melda 2 hjörtu en lausnin er ekki auðfundin.

En eitt par meldaði mjög skilvirkt á spilin sín, skáldið Þorsteinn Bergsson úr liði Austurlands og framsóknarmaðurinn Magnús Ásgrímsson.

Þorsteinn var með 4054-skiptinguna og opnaði á einum precision tígli. Makker sagði hjarta, nú laumaði suður inn tveimur spöðum – sennilega ekki til útspils. Þorsteinn meldaði tvö lauf og eftir pass norðurs vissi Magnús af níu spilum eða fleirum í láglitum hjá Steina skáldi og taldi kannski líklegra að spaði kæmi út en hjarta! Hann meldaði 5 grönd sem þýddi: Veldu slemmu, makker minn. Þorsteinn valdi og meldaði sex tígla. Rúsínan í pylsuendanum var að samningurinn var doblaður – plús einn.



Spilið örlagaríka á Kjördæmamótinu í Stykkishólmi.

Kjördæmamótið er bráðskemmtilegt mót og þekkt fyrir þátttöku bændahöfðingja og skrautlegra liðsmanna úr sveitum landsins. Komu um 150 spilarar af öllu landinu saman og skemmtu sér ýmist með eigin heilafrumum eða tónlist og öðru.

Sveit Norðurlands eystra bar sigur úr býtum undir stjórn Stefáns Vilhjálmssonar fyrirliða.

*Bikarkeppnin fram undan*

Eitt skemmtilegasta mót hvers árs hefst bráðlega – bikarkeppni Bridgesambands Íslands.

Í bikarnum er hreinn útsláttur. Sú sveit sem skorar fleiri impa í 40 spilum heldur áfram keppni og fara lokaúrslit fram síðsumars.

Margar skemmtilegar sögur hafa verið sagðar af heimaleikjum sem í góðu briddsári þegar þátttaka er góð fara fram um land allt.

Aðalsteinn Jörgensen heimsmeistari hefur rifjað upp gestrisni og ýmis ævintýri sem hann hefur ratað í þegar hans lið hefur dregist gegn sveitum úti á landi. Stundum detta lítil lið í lukkupottinn þegar þau dragast gegn bestu spilurum landsins og kemur sér þá vel að bridds er fyrst og fremst félagsleg skemmtun.

Horfur eru á að Bændablaðið og Bridgesamband Íslands taki upp samstarf vegna bikarkeppninnar.

Spilarar sem ferðast um landið vegna bikarkeppninnar mættu hafa í huga að senda umsjónarmanni Briddsþáttar Bændablaðsins áhugaverð spil eða myndir af viðureignum eða léttum augnablikum í pósti.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*


Stefán Vilhjálmsson, fyrirliði sveitar Norðurlands eystra, með makker, Ragnheiði Haraldsdóttur. Mynd / bþ

# „Röngu flagga öngvu“





Snorri Aðalsteinsson.

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Snorra Aðalsteinssyni.**

Hann er fæddur árið 1962 og uppalinn á Vaðbrekku í Hrafnkelsdal og bjó þar fram yfir tvítugsaldur. Segir á bókarkápu að fólkið, umræðan og orðfærið þar hafi orðið honum innblástur til ljóðrænnar hugsunar. Snorri býr á Hornafirði þar sem hann stundaði lengst af veiðar á trillu og var hann m.a. frá árinu 2002 og um allnokkurt skeið formaður Hrollaugs, félags smábátaeigenda á Höfn. Hann starfar hjá Alcoa Fjarðaáli.

„Einveran á miðunum veitti honum gott næði til að hugsa í bundnu máli,“ segir á kápu og jafnframt:

„Þrátt fyrir að næðið sé minna nú, halda ljóðin áfram að verða til. Sum þessara ljóða litu ekki dagsins ljós fyrr en Ragnar Ingi, frændi hans frá Vaðbrekku, togaði þau upp úr skúffunni og hvatti til útgáfu.“

Ljóðabókin Gullvör kom út árið 2022 og er höfundur útgefandi. Bókin er 85 síður og skiptist í nokkra kafla: Ljóð og lausavísur, Engilsaxnesku og Af hagyrðingamótum. /sá

*Páskareið*

*Um bljúga bænadaga,*
*í blíðu er gott að ríða.*
*Blanda geði glöðu,*
*góðhesta í stóði.*
*Taka klár til kosta,*
*kaupa hross á hlaupum.*
*Staldra við um stundu,*
*stelast ögn í pelann.*
*Þeysa mikinn þjónar*
*þarfir, Örn og Narfi.*
*Í vekurð jafnt sem vilja,*
*vaxandi er Axel.*
*Reglumenn í reiðum,*
*röngu flagga öngvu.*
*Helgisvip þeir hafa,*
*heitra bæna leita.*
*Varhug ber í vegi,*
*varnir bresta atarna.*
*Magga ríður meri,*
*mátuleg í látum.*
*Hryssa ei klára hrífur,*
*hrelldar sinar geldings.*
*Rjóðir sig knapar ræskja,*
*rísa hátt og frísa.*
*Gullvör, ljóð, bls. 56.*


Börn heilsa upp á geitur á Beint frá býli-deginum í fyrra. Mynd / Aðsend

# Smáframleiðendur endurtaka daginn

**Eftir vel heppnaðan dag helguðum Beint frá býli í fyrra mun félagið endurtaka leikinn í ár.**

Þá munu gestgjafar hringinn í kringum landið bjóða heim á lögbýlin sín til að kynna og selja vörur smáframleiðenda.

Beint frá býli dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í fyrra. Tilefnið var fimmtán ára afmæli félagsins, en tilgangurinn var að kynna íbúum starfsemi heimavinnsluaðila á lögbýlum og byggja upp tengsl milli þeirra. Dagurinn var haldinn á sex lögbýlum hringinn í kringum landið, einu í hverjum landshluta.

„Á býli gestgjafanna söfnuðust saman aðrir framleiðendur af lögbýlum úr landshlutanum til að kynna og selja sínar vörur. Ýmis afþreying var í boði til viðbótar við það sem býlin sjálf höfðu upp á að bjóða og var dagurinn sérlega barnvænn. Afar góð mæting var í öllum landshlutum og almennt mikil ánægja,“ segir í tilkynningu frá samtökunum en skipuleggjendur áætla að 3–4.000 manns hafi lagt leið sína á bæina samanlagt. Því var ákveðið að gera daginn að árlegum viðburði.

Beint frá býli-dagurinn verður aftur haldinn sunnudaginn 18. ágúst. Öllum þeim ríflega 200 framleiðendum sem eru í Samtökum smáframleiðenda matvæla, sem Beint frá býli er aðildarfélag að, verður boðið að taka þátt, en ríflega helmingur þeirra er á lögbýlum að því er fram kemur í tilkynningunni.

„Gestgjöfunum hefur verið fjölgað úr sex í sjö, þar sem í ár verða tveir á hinu víðfeðma Suðurlandi. Á Suðurlandi eystra verður gestgjafinn Hálföl geitabú á Hornafirði. Á Suðurlandi vestra Hreppamjólk í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á Vesturlandi verður gestgjafinn Grímsstaðaket á Grímsstöðum í Borgarbyggð. Á Vestfjörðum verður gestgjafinn Húsavík á Ströndum, en hátíðin verður sameinuð Hrútaþukli og verður því haldin á Sauðfjársetrinu Sævangi sem er rétt hjá. Á Norðurlandi vestra verður gestgjafinn Brúnastaðir í Fljótum í Skagafirði og á Norðurlandi eystra Svartárkot í Bárðardal.

Á Austurlandi verður gestgjafinn Sauðagull á Egilsstaðabúinu í Fljótsdal, í samstarfi við Óbyggðasetrið sem er staðsett á býlinu.“ /ghp



Dýrafjörður:

# Kómedíuleikhúsið

**Í Haukadal í Dýrafirði halda hjónin Marsibil G. Kristjánsdóttir og Elfar Logi Hannesson úti atvinnuleikhúsi nokkru sem ber nafnið Kómedíuleikhúsið.**

Í dalnum, þar sem íbúatala er engin samkvæmt viðmælendum, er þó blómleg sumarhúsabyggð og hafa gestir fengið að njóta sérstaks sumarleikhúss Kómedíuleikhússins; leiksýninga, tónleika og sagnaskemmtana svokallaðra. Hjónin, sjálfstæðir listamenn síðan um aldamótin, hafa vakið athygli fyrir verk sín sem eiga það sameiginlegt að vera afar lífleg og listræn.

Segja þau Marsibil og Elfar dagskrá sumarleikhússins í ár vera afar ríka. Leiksýning ársins ber heitið Ariasman og er byggð á samnefndri bók finnska skáldsins Tapio Koivukari sem búsettur hefur verið hérlendis. Fjallar sýningin um einhverja myrkustu sögu Vestfjarða þegar um þrír tugir baskneskra hvalveiðimanna voru myrtir á hrottalegan hátt við strendur landsins. Verða sýningar alla fimmtudaga í júlí og fyrsta fimmtudaginn í ágúst klukkan 20.

Öllu léttara efni er í sýningunni Lífið er lotterí sem verður einnig í fjölum sumarleikhússins í sumar, en þar er á ferðinni söngdagskrá tileinkuð listaskáldinu Jónasi Árnasyni, sýnd miðvikudaginn 10. júlí, föstudagana 12. og 26. júlí svo og laugardaginn 27. júlí kl. 20. Í september verður William Shakespeare tekinn fyrir í þýðingu þriggja Vestfirðinga. Samkvæmt dagskrá verður að deginum til boðið upp á fyrirlestra um Shakespeare, en dagskráin er í samstarfi við safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.



**Hús leikhússins var vígt sem samkomuhús árið 1936 en hefur verið í eigu Kómedíuleikhússins síðan árið 2005.** Mynd /Aðsend



**Hjónin og listamennirnir Marsibil G. Kristjánsdóttir og Elfar Logi Hannesson eru þekkt fyrir skemmtilegar sýningar sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.**

Áætlað er að gestir færi sig yfir í Kómedíuleikhúsið er fer að kvölda, og hlýði á leiklestur úr verkum skáldsins í vestfirskum þýðingum.

Nokkrir tónleikar verða haldnir í leikhúsinu í sumar, t.a.m. sá fyrsti í höndum vestfirska söngvaskáldsins Svavars Knúts þann 15. júní og um verslunarmannahelgina nk. gleður tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson nærstadda. Síðar í ágúst heimsækir Sirrý Arnardóttir, fyrirlesari og fjölmiðlamaður dalinn, bæði með fjölskyldustund, svo og fræðslu í tengslum við bók sína, „Þegar kona brotnar". Einnig er von á dýrfirska skáldinu Margréti Höskuldsdóttur, sem býður upp á sagnaskemmtun. Það gerir einnig sveitungi hennar, Bjarni Guðmundsson frá Kirkjubóli í Dýrafirði, sem ætlar að vera með erindi um sögu Haukadals. Enn annar sagnameistari með dýrfirskar rætur er rithöfundurinn Einar Kárason sem býður upp á sagnaleikinn Heimsmeistarinn.

Sögugöngur verða einnig í boði í sumar, Fransí Biskví þar sem verður farið um slóðir franskra sjómanna sem voru árlegir gestir í Haukadal í um tvær aldir. Síðast en ekki síst verður Gísla Súrssonar-gangan sívinsæla í boði fyrir gönguhrólfa.

Frekari upplýsingar eru á Facebook-síðu Kómedíuleikhússins, auk þess sem miðasölu viðburða má finna á síðunni midix.is. */sp*





**Styrkir til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum**



**Matvælaráðuneytið auglýsir til umsóknar styrki til lífrænnar aðlögunar í landbúnaði.**

Framleiðendur sem hafa byrjað lífræna aðlögun í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar geta sótt um.

Lífræna aðlögunin skal jafnframt vera undir eftirliti faggildu löggildingarstofunnar Túns.

Athygli er vakin á að sækja ber sérstaklega um styrki í garðyrkju, skv. ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020. Í öðrum landbúnaði er sótt um styrki samkvæmt ákvæðum reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní** nk., sótt er um á Afurð (www.afurd.is) þar sem má einnig finna upplýsingar um nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn.

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið

**Langar þig að þekkja landið þitt betur?**



Land og skógur auglýsir eftir þátttakendum í vöktunarverkefnið **Landvöktun - lykillinn að betra landi**

Verkefnið gefur þér tækifæri til að fylgjast með þróun gróðurs og jarðvegs með einföldum, fljótlegum og áhrifaríkum hætti

Umsóknareyðublað og frekari upplýsingar er að finna á **www.grolind.is/landvoktun**
Fyrirspurnir skulu berast til Jóhanns Helga Stefánssonar **johannhelgi@logs.is** eða **866-7119**




**Vélaskólinn**

**Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu**



www.velaskolinn.is



Handhafar garðyrkjuverðlauna 2023, þau Helga Ragna Pálsdóttir, Friðrik Baldursson og Bjarki Jónsson, ásamt Guðna Th. Jóhannessyni forseta.
Mynd / Guðríður Helgadóttir

# Friðrik, Bjarki og Helga Ragna hlutu garðyrkjuverðlaun

**Garðyrkjuverðlaun voru veitt á hinni árlegu hátíðarathöfn Garðyrkjuskólans á sumardaginn fyrsta. Friðrik Baldursson, garðyrkjufræðingur og garðyrkjustjóri Kópavogs, hlaut heiðursverðlaun.**

Friðrik tók við verðlaununum af forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni, við hátíðlega athöfn í Garðyrkjuskólanum að Reykjum á sumardaginn fyrsta. Friðrik er fæddur og uppalinn í Kópavogi og ævistarf hans var að fegra og rækta Kópavog að því er fram kom í ræðu Guðna. „Hann nam skrúðgarðyrkju hjá þáverandi garðyrkjufulltrúa Kópavogsbæjar, Kristjáni Inga Gunnarssyni, og tók við af honum. Árið 1993 tók hann við stöðu garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar og hefur sinnt því starfi síðan. Friðrik útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur vorið 1984 og hlaut meistararéttindi í skrúðgarðyrkju árið 1988 hjá Hermanni Lundholm. Hann lauk síðan diplómanámi í skrúðgarðyrkjutækni frá Garðyrkjuskólanum 2005, en þar var hann í um 20 ára skeið fulltrúi í fagnefnd skrúðgarðyrkju frá árinu 1998.

Friðrik var í 5 ár formaður Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga (SAMGUS) og hefur átt sæti í fjölda starfshópa er varða skrúðgarðyrkjufagið og fleira tengt garðyrkju og ræktun.



Að vanda opnaði Garðyrkjuskólinn á Reykjum dyr sínar fyrir gestum og gangandi á sumardaginn fyrsta.



Garðyrkjuframleiðendur seldu ferskar afurðir.
Myndir / ghp



Ketilkaffið rómaða var á sínum stað.

Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir sín störf á löngum ferli.

Í frítíma sínum hefur Friðrik tekið saman heildaryfirlit yfir þær tegundir trjáa og runna sem hafa verið ræktaðar á Íslandi í gagnagrunninum Berki og er hann uppfærður árlega með upplýsingum um það hvar viðkomandi plöntur eru til sölu. Sambærilegt rit um fjölærar plöntur hefur einnig litið dagsins ljós. Í gegnum tíðina hefur Friðrik komið að kennslu á skrúðgarðyrkjubraut Garðyrkjuskólans og fjöldi nemenda hefur einnig verið í verknámi undir hans handleiðslu.“

Af sama tilefni var Bjarka Jónssyni, eiganda Skógarafurða ehf., veitt hvatningarverðlaun garðyrkjunnar. „Skógarafurðir er eitt af leiðandi fyrirtækjum á Austurlandi hvað varðar sjálfbærni og umhverfisstefnu. Öll framleiðslan er kolefnishlutlaus, meðal annars framleiðir það sína eigin varmaorku úr afskurði og er nú allt hráefni sem kemur í vinnsluna fullnýtt,“ segir í umsögn.

Þá var Helgu Rögnu Pálsdóttur, garðyrkjufræðingi og eiganda gróðrarstöðvarinnar Kjarrs í Ölfusi, veitt viðurkenning fyrir verknámsstað garðyrkjunnar árið 2024.

Garðyrkjuverðlaunin eru veitt árlega í samstarfi Garðyrkjuskólans, Félags skrúðgarðyrkjumeistara, Félags garð- og skógarplöntuframleiðenda, SAMGUS (Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra hjá sveitarfélögum) og VOR – verndun og ræktun. */ghp*






Þorsteinn Jóhannsson, trésmiður á Flateyri, og Siggi Björns tónlistarmaður í Æfingu.

## Flateyri:
# Gata nefnd eftir hljómsveit

**Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi heiðraði hljómsveitina Æfingu þann 4. maí þegar götusund á Flateyri var nefnt eftir sveitinni og fékk nafnið Æfingarsund.**

Það var Þorsteinn Jóhannsson, trésmiður á Flateyri, sem festi skiltið upp en hann mun vera einn helsti sérfræðingur sögu þessa svæðis, að sögn Björns Inga Bjarnasonar, forseta Hrútavinafélagsins Örvars.

Að sögn Björns Inga varð félagið til á hrútasýningu á Tóftum í Stokkseyrarhreppi hinum forna haustið 1999. Hljómsveitin Æfing frá Flateyri hafi þá mætt á hrútasýninguna og slegið í gegn að venju.

„Félagið er því 25 ára og er því fagnað á ýmsan hátt þetta árið. Hrútavinafélagið er hópur fólks á Suðurlandi, blanda aðfluttra Vestfirðinga og heimamanna á Suðurlandi og starfar að þjóðlegu mannlífi og menningararfleifð til sjávar og sveita.

Guðfaðir Hrútavinafélagsins er Bjarkar Snorrason, fyrrverandi bóndi að Tóftum, og heiðursforseti er Guðni Ágústsson frá Brúnastöðum og fyrrverandi landbúnaðarráðherra til margra ára.“ Björn Ingi segir að forsöguna megi rekja til þess þegar götusundið hafi verið gengið að kvöldi 27. desember 1968 þegar Æfing kom fram í fyrsta sinn í lok fundar hjá Verkalýðsfélaginu Skildi. Hann segir að þetta áður nafnlausa götusund eigi sér merkan sess í mannlífs- og menningarsögu Flateyrar til áratuga.

Með þessu sé hljómsveitin komin í hóp með hljómsveitinni Geislum á Akureyri, en þar sé Geislagata nefnd henni til heiðurs. Sérstaklega sé þetta merkilegt fyrir Ingólf R. Björnsson, sem hafi á sínum tíma verið í Geislum og svo í Æfingu. */smh*

Dalvíkurbyggð:

# Saga rétta og gangna skrásett

**Í undirbúningi er ritun sögu rétta og gangna í Dalvíkurbyggð síðustu 100 ára.**

Jón Þórarinsson á Hnjúki hafði forgöngu um verkefnið og segir hann að hugmyndin sé í raun að bjarga menningarverðmætum með ritun þessarar sögu.

Hann segir að fjöldi rétta á því svæði sem sveitarfélagið nær yfir hafi ekki verið undir 50 árið 1950 þá sé ótalið kvíar, sel og stekkir.

„Núna eru þær fimmtán sem eftir eru. En við viljum fá upplýsingar um allar réttir sem hafa einhvern tímann verið notaðar og myndefni líka. Ætlunin er að gera þessu öllu eins nákvæm skil og hægt er í væntanlegu riti.

Í Dalvíkurbyggð eru þrjár fjallskiladeildir sem haldist hafa óbreyttar frá sameiningu sveitarfélaganna 1998, það er Dalvíkur, Svarfaðardals og Árskógsstrandar," segir Jón.

Í ritnefnd með honum eru Daníel Hansen, sem mun skrifa bókina, Vignir Sveinsson frá Þverá og Sveinn Jónsson. */smh*



**Um 100 ára gömul mynd af Klængshólsrétt, inni í Skíðadal.** Mynd / Aðsend



**Ritnefndin; Jón Þórarinsson á Hnjúki, Daníel Hansen, sem mun skrifa bókina, Vignir Sveinsson frá Þverá og Sveinn Jónsson frá Kálfsskinni.** Mynd / Albert – DB blaðið í Dalvíkurbyggð.




Skagafjörður:

# Hjón hlutu samfélagsverðlaun

**Samfélagsverðlaun Skagafjarðar voru veitt í níunda sinn við setningu Sæluviku Skagfirðinga á dögunum.**

Verðlaunin fóru að þessu sinni til hjónanna Árna Björns Björnssonar og Ragnheiðar Ástu Jóhannsdóttur en verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtökum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sem þykja standa sig afburða vel í að efla skagfirskt samfélag.

Það var einróma álit atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar sveitarfélagsins að þau Árni Björn og Ragnheiður Ásta væru einstakar fyrirmyndir.

„Þau styðja dyggilega við íþróttastarfið í Skagafirði og eru ávallt fyrst til að bjóða fram hjálp þegar einhver þarf á að halda og hafa þau margoft staðið fyrir söfnunum fyrir fjölskyldur og fyrirtæki í neyð. Með dugnaði, frumkvæði, hjálpsemi, samhygð og góðu hjartalagi stuðla þau einnig að samheldni í samfélaginu okkar.

Þau eru ein af ástæðum þess að það er gott að búa í Skagafirði og við getum verið stolt af því að tilheyra svo frábæru samfélagi því þau hvetja okkur hin til þess að verða betri einstaklingar," segir á vef Sveitarfélagsins Skagafjarðar. */mhh*



**Árni Björn Björnsson og Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir, handhafar Samfélagsverðlauna Skagafjarðar fyrir árið 2024.** Mynd / Gunnhildur Gísladóttir












Vélabásinn:

# Þarfasti þjónninn

## – Prufuakstur á Weidemann T4512e

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is






Weidemann T4512e er smár en knár. Þetta tæki getur gengið í flest störf á búinu á öruggari hátt en liðléttingar og er mun liprara en dráttarvélar. Myndir / ÁL

**Bændablaðið fékk til prufu rafmagnaða útgáfu af minnsta Weidemann skotbómulyftaranum, sem hefur notið vinsælda meðal bænda.**

Hér er um að ræða fjölhæft landbúnaðartæki sem getur meðal annars þjónað svipuðum tilgangi og liðléttingar. Mjög erfitt er að þekkja hinn rafmagnaða T4512e í sundur frá dísilknúnum T4512. Skýrasta einkennið er lítið grænt „e“ aftan við tegundarheitið. Rétt er að taka fram í upphafi að margt af því sem á við um rafknúna tækið sem ritað er um hér á einnig við um dísilknúnu systkini þess, sem blaðamaður prufaði til samanburðar.

Þegar Weidemann T4512e er skoðaður að utan er hann eins og hver annar skotbómulyftari, nema hann er svo smár að hann virðist hafa skroppið saman í þvotti. Eins og á flestum skotbómulyfturum er þessi með lítið ökumannshús öðrum megin, vélarhús hinum megin og bómu sem liggur langsum eftir miðjunni. Litapallettan er rauð og grá sem gæti valdið ruglingi, því Manitou, sem er annar þekktur framleiðandi lyftara, málar sín tæki í svipuðum tónum.

### *Úthugsað ökumannshús*

Hurðin er næstum öll hliðin á ökumannshúsinu. Hún er frekar létt og er með ól sem kemur í veg fyrir að hún opnist í meira en níutíu gráður. Hurðin er ekki með neitt viðnám eða dempara, sem getur verið ókostur ef hún er opnuð í roki eða þegar tækið er í miklum halla. Þá er efri helmingur hurðarinnar gluggi sem opnast í hundrað og áttatíu gráður aftur og smellist fastur við hlið ökumannshússins.

Útsýnið er gott til allra átta, nema ef bóman er aðeins uppi skyggir hún á útsýnið til hægri – sem er eitthvað sem á við um alla skotbómulyftara. Þegar stigið er um borð tekur á móti manni sæti klætt þykku plastefni sem er ekki mjög aðlaðandi á að líta. Það er hins vegar býsna þægilegt og var sætið í þessum tiltekna lyftara á loftpúðafjöðrun. Svona vel fjaðrandi sæti er mikill kostur, enda engin fjöðrun í hjólabúnaðinum. Mjög auðvelt er að stilla sætið, sama hvort um ræðir afstöðu þess eða stífleika fjöðrunarinnar. Síðarnefnda atriðið er gert með aðstoð rafmagns og sýnir nál á vog hvenær réttu viðnámi er náð.

Ökumannshúsið virðist vera lítið, en þegar inn er komið er upplifunin eins og að vera í vel sniðinni flík. Húsið þrengir hvergi að notandanum, sama þótt viðkomandi sé stór á alla kanta.

### *Með allt í höndum sér*

Hægra megin við ökumanninn er nánast allt sem viðkemur notkun tækisins. Undir hendinni er mjúkur púði og er afstaðan að stýripinnanum afar náttúruleg. Undirritaður gat séð fyrir sér að vinna í þessu tæki allan daginn án þess að finna til óþægindа.

Stýripinninn fellur vel í hendi og er með mátulegt viðnám. Helstu takkarnir á pinnanum eru tveir veltirofar við þumalinn, annar er til að velja akstursstefnu og hinn til að skjóta bómunni út eða draga hana inn. Þá eru takkar að framan sem stjórna þriðja sviðinu og driflæsingunum.

Aftan við stjórnpinnann eru tveir pinnar. Annar þeirra þjónar svipuðum tilgangi og handolíugjöf í dísilvinnuvél, á meðan hinn er til að festa aksturshraðann, svipað og í vökvaskiptum dráttarvélum.




Að utan er afar fátt sem bendir til að lyftarinn gangi fyrir rafmagni.




Notandinn er með allt innan seilingar. Þótt ökumannshúsið sé lítið þrengir það hvergi að.



Það er auðveldara að hoppa upp í skotbómulyftara en dráttarvél.




Undir húddinu er batterí í staðinn fyrir dísilmótor.

### *Nánast hljóðlaus*

Við upphaf notkunar þarf að kveikja á tækinu með lykli. Fyrir utan örlítið mal þá er lyftarinn nánast hljóðlaus þegar hann er í gangi. Þá er stigið á bremsufetilinn og valið áfram eða aftur með veltirofanum í stjórnpinnanum og tækið er klárt í vinnu.

Lyftarinn hreyfist ekkert nema stigið sé á inngjöfina. Þá er mótorbremsan það öflug að hinn hefðbundni hemlafetill kemur nánast aldrei við sögu. Ef notandinn stígur úr tækinu fer handbremsan sjálfkrafa á og lyftarinn fer í orkusparandi biðstöðu. Til að hefja notkun á ný þarf að stíga á bremsuna og færa veltirofann í miðjuna í augnablik áður en valin er akstursstefna.

Radíus dekkjanna er ekki mikill en á móti kemur að þau eru býsna breið. Lyftarinn nær því góðu floti og stendur sig afar vel í torfærum. Ókosturinn er hins vegar sá að þessi litlu hjólbarðar fjaðra illa yfir holur, sem finnst þegar vinnuvélinni er ekið nálægt hámarkshraða, sem er tuttugu og fimm kílómetrar á klukkustund.

Lyftarinn er með driflæsingar á öllum hjólum. Til að nota þær þarf að halda inni takka í stýripinnanum rétt á meðan maður losar sig úr festunni. Um leið og takkanum er sleppt fara driflæsingarnar úr sambandi, sem minnkar hættuna á að notandinn gleymi þeim á.

Ökumaðurinn hefur möguleika á að velja á milli framhjóla-, fjórhjóla, eða krabbastýris. Það síðastnefnda er áhugavert í notkun, en þá beygja öll fjögur hjólin í sömu átt. Við almenna notkun er fjórhjólastýrið nytsamlegast og býður það upp á afar lítinn snúningsás.

### *Alvöru mokstursgræja*

Weidemann T4512e er góð mokstursgræja og mun öflugri en mætti ætla miðað við stærð. Bóman er afar sterkbyggð og þolir að þjösnast sé á henni og viðheldur tækið fullum stöðugleika, jafnvel þótt lagt sé á stýrið. Þar hafa skotbómulyftarar vinninginn á liðléttinga, sem geta verið óstöðugir í krappri beygju.

Einn af kostunum við að þetta sé rafmagnslyftari er að vökvadælan er með fullt afl strax. Notandinn þarf því ekki að bíða eftir að vélin fari á hærri snúninga til að glussinn nái fullu flæði. Fremst á bómunni er Euro-rammi sem er mjög algeng festing á ámoksturstækjum. Því er hægt að tengja öll helstu tæki á lyftarann sem eru þegar til á búinu, þótt þau séu ekki sérstaklega hugsuð fyrir þessa tilteknu vinnuvél. Skráð lyftigeta er 1.250 kílógrömm.

### *Rafhlaða í stað vélar*

Lyftarinn er með hefðbundið húdd, en í staðinn fyrir að geyma dísilmótor er vélarrýmið með stóra átján kílóvattstunda liþíum rafhlöðu. Hægt er að hlaða lyftarann með þriggja kílóvatta straumi eða kaupa aukahlut sem tvöfaldar hleðslugetuna upp í sex kílóvött. Þetta er ekki sérlega dýr viðbót sem er auðvelt að setja í eftir á. Það þarf hins vegar þriggja fasa rafmagn til að geta nýtt sér öflugri hleðsluna. Aftast er tengill fyrir rafmagnið sem er alveg eins í útliti og þeir sem eru á plug-in-hybrid bílum, svokallaður Type 2 tengill. Því er hægt að nota sama hleðslutæki og er notað fyrir heimilisbílinn.

Weidemann áætlar að hleðslan dugi í þrjá og hálfan til fjóra tíma af blandaðri vinnu ef rafhlaðan er fullhlaðin í upphafi. Þá er alltaf hægt að skjóta á hann hleðslu, til að mynda þegar farið er í kaffi og hádegismat. Tvær og hálfa klukkustund tekur að hlaða frá tuttugu prósentum upp í níutíu prósent. Þá tekur þrjár og hálfa klukkustund að fylla batteríið upp í hundrað prósent hleðslu ef það er nánast tómt.

### *Að lokum*

Eigin þyngd tækisins er 2.750 kílógrömm. Helstu mál í millimetrum eru: lengd, 2.991; breidd, 1.564; hæð, 1,995. Þetta gefur möguleika á að flytja lyftarann á milli staða með kerru. Mótorinn skilar 33,1 kílóvatti, sem samsvarar rúmlega fjörutíu og fjórum hestöflum. Rafmagnslyftarinn kostar frá 11.800.000 krónum án vsk. en ódýrasti dísillyftarinn kostar 6.990.000 krónur án vsk.

Weidemann T4512e er úthugsað tæki. Bændur sem taka þennan lyftara í sína þjónustu ættu að geta sent dráttarvélina í frí, nema rétt yfir heyskapinn. Þá getur þetta tæki gagnast vel við vinnu hjá sveitarfélögum og verktökum. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Kraftvélum, söluaðila Weidemann.



Glatt á hjalla í Gilhaga. Brynjar Þór Vigfússon og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir munu deila lífinu í Öxarfirði með lesendum á Instagram-síðu Bændablaðsins næstu dagana. Mynd / BÞV

Bóndinn:

# Bjartsýnir geitabændur

**Nú kynnast lesendur búskapnum á Gilhaga í Öxarfirði, en við gefum Brynjari Þór Vigfússyni orðið.**

Við Guðrún Lilja fluttum í Gilhaga 2018 með stelpurnar okkar tvær og eignuðumst síðan yngsta barnið okkar, soninn, ári síðar. Við kaupum jörðina af afa mínum sem hafði byggt hana upp sem sauðfjár- og skógræktarjörð frá árinu 1960, en fjölskylda mín hafði byggt nágrannajörðina Gilsbakka frá um 1900 – og er Gilhagi nýbýli út úr þeirri jörð. Við byrjuðum aftur með sauðfé um haustið 2018 og tókum þá heim aftur hluta úr ættstofni sem var ættaður úr Gilhaga og keyptum frá einum öðrum bónda hér í sveit sem var að hætta. Höfum við síðan byggt hægt og rólega upp stofninn ásamt geitunum eftir því sem efni standa til. Geiturnar komu árið 2019 og Ullarvinnsluna opnuðum við í júní 2020.

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Býlið er Gilhagi í Öxarfirði, Norðurþingi, en stærð jarðarinnar er aðeins yfir 100 ha auk sameiginlegs upprekstrarlands.

**Ábúendur, fjölskyldustærð og gæludýr?** Brynjar Þór Vigfússon, Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir, þrjú börn, tveir hundar og köttur.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Sauð- og geitfjárrækt, skógrækt og ullarvinnsla. 90 kindur, 19 geitur, 8 endur og 5 hestar.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Sauð- og geitfjárrækt hentar okkar bújörð best. Við fengum í kaupbæti skógræktina á bænum sem hafði verið stunduð af dugnaði undanfarna áratugi.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Annað okkar vaknar kl. 6 og fer í fjárhúsin í morgunverkin. Fjölskyldumorgunmatur kl. 7 og þegar börnin fara í skóla og leikskóla fara fullorðnir í vinnu. Ullarvinnsluna eða aðra aukavinnu. Seinnipartinn reynum við að fara saman í fjárhúsin þó það geti reynst stundum erfitt að peppa börnin yfir háveturinn. Enda vel á fótinn upp í fjárhús og skaflarnir miklir fyrir litla fætur eftir langan dag.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegasti tíminn er sauð- og kiðburður. Það eru í raun engin leiðinleg störf, aðallega miserfið.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Nærveran við dýr og náttúru. Að stjórna tímanum sínum sjálfur getur verið jákvætt en líka neikvætt. Uppskera hvers konar, til dæmis hress og kát lömb og kiðlingar á túni um vor, og í réttinni um haust. Ull í öllum mögulegum litum um haustið.



Geitahópur á góðri stund. Mynd / smh



Yngsti gleðigjafi heimilisins. Mynd / Aðsend



Hattatíska anda, nú í sumar. Mynd / Aðsend

**Hverjar eru áskoranirnar?** Getur verið erfitt að hafa upp í reikningana á litlu búi þegar verið er að byggja upp bú og í núverandi dýrtíð. Það hefði sjálfsagt verið mjög sniðugt fyrir okkur að byrja að byggja upp búið okkar fyrir um 30–40 árum síðan og vera núna komin með góðan og arðbæran dýra- og tækjakost. En við hefðum þá reyndar þurft að fæðast aðeins fyrr og leggja enn harðar að okkur.

**Hvernig væri hægt gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Fjölga aðeins kindum og geitum og reyna að vinna meira sjálf úr afurðunum. Ullin, fiðan, mjólkin og kjöt. Höfum aðeins skoðað mjólkurvinnslu og langar að þróa hana áfram.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Við erum nokkuð bjartsýn en það er ýmislegt sem þarf að breytast. Landbúnaður dafnar ekki nema með sameiginlegu átaki allra, bænda, stjórnvalda og almennings.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Í fyrsta kiðburðinum okkar misstum við geit frá tveggja daga gömlum kiðlingi. Hann var þá tekinn heim á bæ á júróvisjónkvöldi í peladrykkju og krakkakúr, og alinn upp sem hálfgerður heimalningur upp frá því, Hann fann sér reyndar sjálfur með tíð og tíma fósturmóður, drakk þá fullan skammt úr pela og svo eins mikið og hann gat í kapp við fóstursystur sína, Enda er hann stór og gerðarlegur í dag.

**Instagram-síða:@gilhagi_farm**

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

**Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg









Matarkrókurinn:

# Saltfiskur fyrir fjóra

**Hafliði Halldórsson**
hafliði@icelandiclamb.is







**Saltaður þorskur er mjög vinsæll hjá þjóðum Suður-Evrópu og tengist þar um slóðir aldagamalli matarmenningu og hátíðum á Spáni, Ítalíu og í Portúgal.**

Hráefnið sjálft, þorskurinn, veiðist þó alls ekki við strendur þessara landa. Frumkvöðla í veiðum og söltun þorsks má rekja til ýmissa strandsvæða í Vestur-Evrópu og elstu heimildir um veiðarnar ná a.m.k. til 14. aldar. Duglegir sjómenn sóttu langt norður, til Íslandsmiða og Noregs, og líka þvert yfir Atlantshafið til að eltast við þorsk sem var saltaður um borð í skipunum og gerður að miklu verðmæti. Veiðarnar höfðu gríðarleg áhrif á neyslu og viðskipti í Evrópu og síðar í Ameríku um margra alda skeið.

Ein sagan segir að Baskar, sem voru sannarlega frumkvöðlar í skipasmíði og útgerð, hafi um aldir sótt á miðin við Nýfundnaland og kunnað að þegja yfir því hvert fengurinn var sóttur og þess vegna setið einir að gjöfulum miðunum löngu áður en Kólumbus nokkur „fann“ Ameríku.

